Ed. 43. Frumvarp til almennra hegningarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

I. KAFLI

Refsiheimildir, gildissvið refsilaga, framsal sakamanna o. fl.

1. gr.

Eigi skal refsa manni, nema hann hafi gerzt sekur um háttsemi, sem refsing er lögð við í lögum, eða má öldungis jafna til hegðunar, sem þar er afbrot talin.

2. gr.

Hafi refsilöggjöf breytzt frá því að verknaður var framinn til þess er dómur gengur, skal dæma eftir nýrri lögunum, bæði um refsinæmi verknaðar og refsingu. Aldrei má þó dæma refsingu, nema heimild hafi verið til þess í lögum, þegar verk var framið, og ekki þyngri refsingu en orðið hefði eftir þeim lögum. Hafi refsiákvæði laga fallið úr gildi af ástæðum, sem ekki bera vitni um breytt mat löggjafans á refsinæmi verknaðar, skal dæma eftir lögum þeim, sem í gildi voru, þegar brot var framið.

Falli refsinæmi verknaðar niður af öðrum ástæðum en síðast var getið, fellur refsing niður, sem dæmd hefir verið fyrir þann verknað, að því leyti, sem hún hefir þá ekki þegar verið framkvæmd. Einnig falla þá niður aðrar afleiðingar verknaðar, sem refsinæmi hans að eldri lögum leiddi af sér, að undantekinni skyldu til greiðslu sakarkostnaðar. Bera má þá undir dómstól þann, sem dæmdi í því máli í héraði, eða dómstól á heimavarnarþingi aðilja, hvort refsing samkvæmt dóminum skuli niður falla eða lækka, ef dómurinn tekur jafnframt til fleiri brota. Niðurstöðu héraðsdóms má áfrýja.

3. gr.

Þegar refsilöggjöfin lætur ítrekun brots varða aukinni refsingu eða öðrum viðurlögum, skal refsiákvörðun samkvæmt eldri lögum hafa ítrekunaráhrif eftir orðan sinni, eins og hún hefði verið gerð eftir nýrri lögunum.

4. gr.

Refsað skal eftir íslenzkum hegningarlögum:

1. Fyrir brot, framin innan íslenzka ríkisins. Sé brot framið af starfsmanni eða farþega erlends skips eða loftfars, sem hér er á ferð, gegn manni, sem með farinu fylgist, eða hagsmunum, sem við farið eru nátengdir, skal þó því aðeins refsa hér, að dómsmálaráðherra fyrirskipi rannsókn og málshöfðun.
2. Fyrir brot, framin á íslenzkum skipum eða í íslenzkum loftförum, hvar sem þau hafa þá verið stödd. Hafi brot verið framið á stað, þar sem refsivald annars ríkis nær til að þjóðarétti, og af manni, sem hvorki var fastur starfsmaður né farþegi á farinu, skal þó ekki refsað hér, nema heimild sé til þess eftir 5. eða 6. gr.

5. gr.

Fyrir verknað, sem íslenzkir ríkisborgarar eða menn, búsettir á Íslandi, hafa framið erlendis, skal refsað eftir íslenzkum hegningarlögum:

1. Ef brot er framið á stað, sem refsivald annarra ríkja nær ekki til að þjóðarétti, og var þá jafnframt refsivert eftir lögum heimarikis sakbornings.
2. Ef brot er framið á stað, sem refsivald annars ríkis nær til að þjóðarétti, og var þá jafnframt refsivert eftir lögum þess.

6. gr.

Ennfremur skal refsað eftir íslenzkum hegningarlögum fyrir brot, sem þannig er háttað, er hér á eftir segir, enda þótt það sé framið utan islenzka rikisins og án tillits til þess, hver er að því valdur:

1. Gegn sjálfstæði íslenzka ríkisins, öryggi þess, stjórnskipan og stjórnvöldum, á embættis- eða sýslunarskyldum við íslenzka rikið og gegn hagsmunum, sem njóta islenzkrar réttarverndar, vegna náins sambands við islenzka rikið.
2. Á skyldum, sem þeim, er verkið vann, bar samkvæmt íslenzkum lögum að ræka erlendis, svo og á skyldum samkvæmt ráðningu á íslenzkt far.
3. Gegn hagsmunum íslenzkra ríkisborgara eða manna, búsettra á Íslandi, ef brot er framið á stað, þar sem refsivald annarra rikja nær ekki til að þjóðarétti. Mál samkvæmt þessum tölulið skal þó aðeins höfða eftir fyrirskipun saksóknara.

7. gr.

Nú er refsing að einhverju leyti bundin að lögum við afleiðingar verknaðar, og skal þá líta svo á, að verkið sé einnig unnið þar, sem þessar afleiðingar gerast eða er ætlað að koma fram.

8. gr.

Þegar refsimál er höfðað fyrir íslenzkum dómstóli, skal niðurstaða dóms um refsingu og aðrar afleiðingar verknaðar fara eftir íslenzkum lögum.

Refsing fyrir brot, sem mál er höfðað út af hér á landi samkvæmt 5. gr., má ekki fara fram úr hámarki þeirrar refsingar, sem við brotinu lá í heimaríki sakbornings, sbr. 1. tölulið, eða í því ríki, þar sem brot var framið, sbr. 2 tölulið.

Nú hefir sakborningur verið sýknaður í því ríki, þar sem brot var framið, sbr. 2. tölulið 5. gr., refsidómi yfir honum fyrir brotið hefir verið fullnægt eða dæmd refsing er að lögum þess ríkis brott fallin, og skal þá ekki höfða refsimál á hendur honum hér á landi fyrir það brot.

Sé annars höfðað mál á hendur manni hér á landi fyrir brot, sem hann þegar hefir tekið út refsingu fyrir í öðru ríki, skal ákveða refsinguna hér að sama skapi vægari eða láta hana eftir atvikum falla niður.

9. gr.

Ekki má framselja til refsingar á vald erlendra rikja:

1. Íslenzka ríkisborgara.
2. Menn, sem sakaðir eru um stjórnmálaafbrot.
3. Erlenda ríkisborgara fyrir verknað, sem annaðhvort er ekki refsiverður eftir íslenzkum lögum, eða sökin er fallin niður samkvæmt þeim.

Erlendan ríkisborgara má aðeins framselja til þess ríkis, sem hann hefir drýgt afbrot í, eða þangað, er hann á rikisborgararétt. Hafi erlendur ríkisborgari verið búsettur hér á landi síðustu 2 árin, verður hann því að eins framseldur, að rikar ástæður mæli með því.

Jafnan má setja það skilyrði fyrir framsali, að riki það, sem við tekur, heiti því, að hinum framselda manni verði ekki refsað fyrir aðra glæpi, drýgða fyrir framsalið, en þá, sem hann er framseldur fyrir, og ekki frekar en íslenzk refsilög mæla fyrir um þyngsta refsingu fyrir það brot.

10. gr.

Hafi íslenzka ríkið fengið mann framseldan til refsingar frá öðru riki, má ekki dæma hann fyrir aðra glæpi, drýgða fyrir framsalið, en þá, sem framselt er fyrir, hafi hið erlenda ríki sett slíkt skilyrði, og ekki í þyngri hegningu en það hefir áskilið.

11. gr.

Ákvæðum 4.—6. og 9. greinar laga þessara skal beita með þeim takmörkunum, sem leiðir af reglum þjóðaréttarins.

II. KAFLI

Almenn refsiskilyrði.

12. gr.

Það verk er refsilaust, sem menn vinna af neyðarvörn, að því leyti sem það hefir verið nauðsynlegt til þess að verjast eða afstýra ólögmætri árás, sem byrjuð er eða vofir yfir, enda hafi ekki verið beitt vörnum, sem séu augsýnilega hættulegri en árásin og tjón það, sem af henni mátti vænta, gaf ástæðu til.

Hafi maður farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar, og ástæðan til þess er sú, að hann hefir orðið svo skelfdur eða forviða, að hann gat ekki fullkomlega gætt sín, skal honum ekki refsað.

13. gr.

Það verk er refsilaust, sem nauðsyn bar til að unnið væri í þeim tilgangi að vernda lögmæta hagsmuni fyrir yfirvofandi hættu, þótt með því séu skertir aðrir hagsmunir, sem telja verður að miklum mun minni.

14. gr.

Eigi skal manni refsað fyrir verknað, er hann hefir framið, áður en hann varð 15 ára gamall.

15. gr.

Þeim mönnum skal eigi refsað, sem sökum geðveiki, andlegs vanþroska eða hrörnunar, rænuskerðingar eða annars samsvarandi ástands voru alls ófærir á þeim tíma, er þeir unnu verkið, til að stjórna gerðum sinum.

16. gr.

Nú var maður sá, sem verkið vann, andlega miður sin, svo sem vegna vanþroska, hrörnunar, kynferðilegs misþroska eða annarrar truflunar, en þetta ástand hans er ekki á eins háu stigi og 15. gr. getur, og skal honum þá refsað fyrir brotið, ef ætla má eftir atvikum og eftir að læknisumsagnar hefir verið leitað, að refsing geti borið árangur.

Verði til stofnun, ætluð slíkum mönnum, sem í þessari grein getur, má ákveða í refsidómi, að sakborningur skuli taka út refsivist sína í stofnuninni.

17. gr.

Refsingu skal beita, þótt brot hafi verið framið í ölæði eða undir áhrifum annarra nautnalyfja. Hafi verið um fullkomið rænuleysi að ræða, skal þó ekki refsað, nema sakborningur hafi fyrirfram vitað um eða haft fullkomna ástæðu til að ætla, að hann myndi fremja brotið, meðan á áhrifunum stæði, eða að það myndi leiða af þessu ástandi hans.

18. gr.

Verknaður, sem refsing er lögð við í lögum þessum, er ekki saknæmur, nema hann sé unninn af ásetningi eða gáleysi. Fyrir gáleysisbrot skal því aðeins refsa, að sérstök heimild sé til þess í lögunum.

19. gr.

Sé refsinæmi verknaðar, eða aukin refsing við honum, bundið því skilyrði samkvæmt þessum lögum, að verkið hafi í för með sér tilteknar afleiðingar, telst

því skilyrði ekki fullnægt, nema gáleysi sakbornings megi að minnsta kosti um afleiðingarnar kenna, eða því, að sakborningur hefir ekki gert sér far um að afstýra eftir mætti hættu þeirri, er verkið hafði í för með sér, þegar er hann varð hennar var.

III. KAFLI
Tilraun og hlutdeild.

20. gr.

Hver sá, sem tekið hefir ákvörðun um að vinna verk, sem refsing er lögð við i lögum þessum, og ótvirætt sýnt þann ásetning í verki, sem miðar eða er ætlað að miða að framkvæmd brotsins, hefir, þegar brotið er ekki fullkomnað, gerzt sekur um tilraun til þess.

Fyrir tilraun til brots má dæma lægri refsingu en mælt er um fullframin brot. Skal það einkum gert, þegar af tilrauninni má ráða, að brotamaðurinn sé ekki eins hættulegur og vilji hans ekki eins harðnaður og ætla má, að sé um menn, sem fullfremja slík brot.

Ef hagsmunum þeim, sem verknaður beinist að, eða verknaðinum sjálfum er svo háttað, að tilraunin hefði ekki getað leitt til fullframins brots, má ákveða, að refsing skuli falla niður.

21. gr.

Hegning fyrir tilraun fellur niður, ef sá, sem sekur hefir gerzt um hana, lætur af sjálfsdáðum af þeim ásetningi sinum að drýgja brotið, áður en það er fullkomnað, enda farist framkvæmd þess ekki fyrir eða tilætlaður árangur náist ekki vegna tálmana eða annarrar tilviljunar, og hann hefir þar að auki, ef hann hefir með verknaði sínum valdið eða talið sig hafa valdið hættu á því, að brotið fullkomnist, komið i veg fyrir það eða gert þær ráðstafanir, sem myndu hafa komið í veg fyrir það, ef fullkomnun brotsins hefði ekki, án vitundar hans, verið aftrað á annan hátt eða verið óframkvæmanleg.

22. gr.

Hver sá maður, sem með liðsinni i orði eða verki, fortölum, hvatningum eða á annan hátt á þátt i því, að brot samkvæmt lögum þessum er framið, skal sæta þeirri refsingu, sem við brotinu er lögð.

Ef hlutdeild einhvers þátttakanda í brotinu er smávægileg, eða er í því fólgin að styrkja áform annars manns, sem áður er til orðið, svo og þegar brot er ekki fullframið eða fyrirhuguð þátttaka hefir misheppnazt, má dæma hann í vægari refsingu en þá, sem lögmælt er við brotinu.

Þegar svo stendur á, sem i annarri málsgrein segir, og sömuleiðis, ef manni hefir orðið á af gáleysi að taka þátt í broti, má láta refsingu falla niður, ef brotið á undir hegningarákvæði, þar sem ekki er sett þyngri refsing en varðhald.

Nú er brot fullframið, og skal þá sá, sem veitir brotamanni sjálfum eða öðrum liðsinni til þess að halda við ólögmætu ástandi, er skapazt hefir fyrir brotið, eða nýtur hagnaðar af því, sæta refsingu eftir ákvæðum þessarar greinar, enda taki önnur ákvæði laga ekki til verknaðar hans.

23. gr.

Hlutdeildarmanni skal ekki refsað, ef hann, á þann hátt, sem i 21. gr. getur, afstýrir brotinu eða gerir ráðstafanir, sem myndu hafa komið i veg fyrir það, ef framkvæmd þess hefði ekki, án vitundar hans, verið afstýrt á annan hátt, misheppnazt eða verið óframkvæmanleg.

IV. KAFLI
Ákæruregluir.

24. gr.

Sérhver refsiverður verknaður skal sæta opinberri ákæru, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum.

25. gr.

Beri ekki að höfða mál af hálfu opinbera ákæruvaldsins út af broti, eða það á því aðeins að fylgja málinu fram, að krafa sé um það gerð, getur sá einn höfðað mál eða borið fram kröfuna, sem misgert var við.

Ef sá er ósjálfráða, sem misgert var við, kemur sá maður í hans stað, sem að lögum hefir forræði yfir honum. Ef þurfa þykir, má skipa sérstakan forráðamann í þessu skyni.

Sé sá dáinn, sem misgert var við, eða verknaður, sem beinist að dánum manni, er refsiverður, hafa eiginmaður eða eiginkona hins látna, foreldrar, börn, kjörbörn og systkin rétt til að höfða mál eða bera fram kröfu um opinbera málshöfðun.

26. gr.

Nú er verknaður ekki refsiverður, nema sá, sem misgert var við, krefjist opinberrar málshöfðunar, og skal þá ekki byrja opinbera rannsókn fyrr en krafan er komin fram.

Hafi fleirum en einum manni verið misboðið með sama verknaði, nægir að krafan komi frá einum þeirra, og beri ekki að höfða mál út af brotinu af hálfu hins opinbera, getur hver um sig sótt hinn seka til refsingar í einkamáli.

Hafi fleiri en einn maður heimild samkvæmt 2. eða 3. málsgr. 25. gr. til þess að bera fram kröfu um opinbera málssókn, en eru ekki á eitt sáttir um, hvort það skuli gert, ákveður opinbera ákæruvaldið, hvort mál skuli höfðað.

27. gr.

Ekki skal taka til greina kröfu um opinbera ákæru, ef undanskilinn er nokkur sá, sem samsekur kann að vera um verknaðinn, nema opinbera ákæruvaldið geti á það fallizt. Komi það í ljós, eftir að krafa hefir verið gerð, að fleiri eru sekir en áður var um vitað, skal maður sá, sem kröfuna gerði, um það spurður, hvort hann krefjist þess, að þeim mönnum verði refsað.

28. gr.

Beri ekki að dæma refsingu, nema refsikrafa sé borin fram í einkamáli, fellur refsiábyrgð niður, ef sá, sem misgert var við, hverfur frá málshöfðunarrétti sinum eða málssókn eða gefur refsingu upp á annan hátt, áður en málið er dæmt í héraði.

Eigi ákæruvaldið því aðeins að fylgja málinu fram, að sá krefjist þess, sem misgert var við, fellur refsiábyrgð niður, ef hann hverfur frá þessum rétti sinum eða gefur refsingu á annan hátt upp, áður en hann ber fram kröfuna. Afturkalli hann kröfuna, áður en héraðsdómur gengur í málinu, fellur málssókn niður, nema ákæruvaldið telji rétt vegna almannahags að halda málinu áfram.

Sá, sem eitt sinn hefir afturkallað kröfu um málssókn, getur ekki síðar komið fram með hana, nema ákæruvaldið samþykki.

29. gr.

Heimild til þess að bera fram kröfu um opinbera málssókn eða höfða einkamál til refsingar fellur niður, sé krafa ekki gerð eða mál höfðað, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að sá, sem heimildina hefir, fékk vitneskju um hinn seka. Nú andast sá, sem misgert var við, áður en frestur er liðinn, og getur þá sá, sem í stað hans kemur, ávallt borið fram kröfu um málssókn eða höfðað einkamál á næstu

3 mánuðum eftir andlátið, þótt frestur væri annars liðinn. Séu fleiri sekir en einn, og frestur til þess að krefjast opinberrar málssóknar á hendur einhverjum þeirra er liðinn, skal því aðeins taka til greina kröfu um málssókn gegn hinum, að ákæruvaldið geti á það fallizt.

Hafi einkamál ekki leitt til dóms um refsikröfuna, má höfða mál að nýju, unz framangreindur 6 mánaða frestur er liðinn. Einnig má jafnan kröfu gera um málssókn eða höfða einkamál næstu 3 mánuði frá því að mál ónýttist.

30. gr.

Heimilt er dómsmálaráðherra að ákveða, að saksókn skuli niður falla út af brotum, sem unglingar á aldrinum 15 til 18 ára hafa framið, með því skilyrði, að unglingurinn sé um ákveðinn tíma, en þó ekki lengur en til fullnaðs 21 árs aldurs, háður eftirliti, er hæfa þykir, svo sem umsjón ákveðinnar stofnunar eða einstaklings, er vill taka það að sér. Málið má taka upp að nýju, ef unglingurinn gerist sekur á eftirlitstímanum um nýtt brot, eða óhlýðnast verulega fyrirmælum þeim, sem sá, er umsjónina hefir á hendi, hefir gefið honum.

Leita skal álits barnaverndarnefndar (skólanefndar), áður en ákvarðanir samkvæmt grein þessari eru teknar.

V. KAFLI
Um refsingarnar.

31. gr.

Hegningar samkvæmt lögum þessum eru refsivist og fjársektir.

32. gr.

Refsivist er tvennskonar: fangelsi og varðhald.

Refsivist skal tiltaka í dögum, mánuðum eða árum. Merkir dagur 24 klukkustundir, en mánuður rimmánuð. Láta skal fangann lausan um sama leyti dags og hann var settur inn.

33. gr.

Refsivist skal úttaka í hegningarhúsi, sem til þess er ætlað, samkvæmt reglum þeim, sem um það skulu settar í konunglegri tilskipun.

34. gr.

Í fangelsi má dæma menn æfilangt eða um tiltekinn tíma, ekki skemur en 30 daga og ekki lengur en 16 ár.

Þegar lögin leggja fangelsi við afbroti, er átt við fangelsi um tiltekinn tíma, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

35. gr.

Fangar, sem dæmdir eru til skammrar fangelsisvistar, skulu að jafnaði taka refsinguna út í einrúmi, en aðrir í félagi. Þó má jafnan halda föngum í einrúmi í byrjun og við lok refsitímans.

36. gr.

Sé refsingin tekin út i einrúmi, skal fanginn vera sér i herbergi dag og nótt. Þó má víkja frá því á einstökum tímum dags, svo sem við kennslu, fyrirlestra, líkamsæfingar, útvarpsáheyrn, guðsþjónustu og útigöngu. Ennfremur má slaka til um einangrun einstakra fanga fram yfir það, sem áður segir, ef æskilegt þykir vegna aldurs þeirra, heilsu eða annarra ástæðna.

Sé refsingin tekin út í félagi, skal fanginn þó vera einangraður að nóttu til, ef heilsa hans leyfir. Svo má og halda fanga aðgreindum við kennslu, guðsþjónustu, útigöngu og borðhald, ef sérstakar ástæður þykja til.

37. gr.

Vinnuskylda fylgir fangelsisvist. Í konunglegri tilskipun skal setja reglur um vinnuna og vinnulaun fanganna. Vinnulaun má taka til greiðslu á skaðabótum eða öðrum útgjöldum, sem fanginn hefir orðið ábyrgur fyrir, meðan hann var að úttaka refsinguna.

Útivinna má fara fram utan hegningarhúslóðarinnar, eftir því, sem stjórn hegningarhússins ákveður, og undir öruggri gæzlu fangavarðar og eftirlitsmanna fanganna.

38. gr.

Um fæðu og annan aðbúnað fanga, sem úttaka fangelsisrefsingu, skal fara eftir því, sem ákveðið verður í reglugerð, og má ekki út frá því breyta né leyfa föngunum að útvega sér eða taka við öðru en því, sem reglugerðin heimilar.

Fangelsisstjórnin getur þó eftir tillögum fangelsislæknis ákveðið föngum, sem sökum aldurs, veiklunar eða af öðrum ástæðum þurfa að hafa sérstaka aðbúð, sérstakt mataræði og annan aðbúnað um tíma.

39. gr.

Fanga, sem veiklaðir eru af ofnautn áfengra drykkja eða annarra eiturlyfja, má, meðan á refsitíma stendur, flytja á hæli um stundarsakir eða það, sem eftir er af refsitímanum, ef það þykir, að dómi fangelsisstjórnar og fangelsislæknis, hentara og líklegra til árangurs.

40. gr.

Þegar liðnir eru ⅔ hlutar refsitimans, en þó minnst 8 mánuðir, getur dómsmálaráðherra ákveðið, að fengnum tillögum fangelsisstjórnar, að fanginn skuli látinn laus til reynslu.

Reynslulausn úr fangelsi má því aðeins veita, að liklegt sé, að fanginn hafi séð að sér, að honum sé vís hentugur samastaður og vinna eða önnur kjör, sem nægja honum til lífsuppeldis, og yfirlýsing hans sé fengin um það, að hann vilji hlíta skilyrðum þeim, sem sett kunna að vera fyrir reynslulausninni.

Fangi, sem lausn fær til reynslu, skal vera háður eftirliti stofnunar eða einstaklings, sem til þess telst fallinn og vill taka eftirlitið að sér. Jafnan skal það vera meðal skilyrða fyrir reynslulausn, að fanginn lifi reglusömu lífi, gerist ekki á ný sekur um refsiverðan verknað og hagi sér eftir fyrirmælum þess, sem eftirlit hefir með honum.

Sá, sem eftirlit er falið, skal gefa lögreglustjóra skýrslur um hagi mannsins, eftir ákvörðun lögreglustjóra.

41. gr.

Þegar fangi fær lausn til reynslu, skal afhenda honum skírteini, er greinir skilyrðin fyrir lausninni. Skal þar tekið fram, að brot á skilyrðum varði því, að hann verði settur i fangelsi á ný. Sé það gert, skal hann taka út refsingu þá, sem eftir stendur, sem nýja refsingu. Hafi fanginn, eftir að hann var látinn laus til reynslu, verið dæmdur í refsingu, sömu tegundar, skal leggja refsingarnar saman, en sé siðari refsingin varðhaldsvist, skal dómsmálaráðherra breyta henni í fangelsisvist samkvæmt reglum 79. gr.

42. gr.

Reynslutíminn helzt, þar til refsitiminn er liðinn, en þó aldrei skemur en 2 ár.

Hafi ekki verið tekin ákvörðun um að setja fangann í fangelsi á ný, áður en reynslutíminn er liðinn, telst refsingunni fullnægt í lok reynslutimans.

43. gr.

Ákveða má i konunglegri tilskipun, að fangar, sem dæmdir hafa verið í fangelsi innan 22 ára aldurs, skuli hafðir sér í fangelsi, eða fangelsisdeild, og látnir

sæta annarri meðferð en aðrir fangar. Skal þá leggja sérstaka stund á að efla andlegan og líkamlegan þroska fanganna með kennslu, likamsæfingum og hentugri útivinnu, svo og með því að kenna þeim atvinnugreinir, sem komið geta þeim að gagni, er þeir hafa fengið frelsi sitt aftur.

Dómsmálaráðherra getur samt ákveðið, eftir tillögum fangelsisstjórnar, að einstakir fangar, sem fangelsisdóm hafa hlotið á ofangreindum aldri, skuli sæta almennri fangameðferð.

44. gr.

Í varðhald má dæma menn tiltekinn tíma, sem ekki sé skemmri en 5 dagar og ekki lengri en 2 ár, nema annað sé ákveðið i lögum.

Varðhaldsvist skal að jafnaði taka út í einrúmi, nema annað sé nauðsynlegt vegna aldurs eða heilsu fangans. Þó má láta fanga, sem dæmdir eru i varðhaldsvist, taka refsingu út að öllu eða nokkru leyti i félagi. Ekki má hafa varðhaldsfanga með föngum, sem dæmdir hafa verið til fangelsisvistar.

Varðhaldsfangar þurfa ekki að láta sér nægja venjulegt fangaviðurværi. Þeim er heimilt að útvega sér sjálfir og taka við fæði, húsmunum, bókum og öðrum persónulegum nauðsynjum, að svo miklu leyti, sem það fer ekki i bág við öryggi og góða reglu i varðhaldinu.

Varðhaldsfangi má sjálfur útvega sér vinnu, sem samrimist öryggi og góðri reglu. Arðinn af vinnunni á fanginn sjálfur. Sjái hann sér ekki sjálfur fyrir vinnu, sem varðhaldsstjórn samþykkir, skal honum skylt að vinna það, er hún leggur honum til, og skal vinnan miðuð svo sem unnt er við undangengna atvinnu hans og þekkingu. Ágreiningi milli varðhaldsstjórnar og fanga um vinnu samkvæmt þessari málsgrein má skjóta til úrskurðar dómsmálaráðherra.

Nú liggur ekki þyngri refsing við broti en varðhald, eða tiltekið brot þykir ekki varða þyngri refsingu en varðhaldi, og má þá, ef óheppilegt má telja, að fangi hafi samneyti við varðhaldsfanga, dæma honum fangelsi jafnlangan tíma. Er þá heimilt að dæma skemmri fangelsisvist en mælt er í 34. gr.

45. gr.

Ekki má setja fanga til vinnu, sem hættuleg er heilsu þeirra. Fangar skulu tryggðir fyrir slysahættu við vinnu, eftir því, sem lög um slysatryggingar mæla, og með þeim breytingum, sem nánar skal ákveða i konunglegri tilskipun.

46. gr.

Nú er fangi lagður á sjúkrahús, og telst hann þá úttaka refsingu, meðan hann dvelst þar, nema hann hafi sjálfur bakað sér veikindin á ótilhlýðilegan hátt, eftir að hann byrjaði að taka út refsinguna.

Sá tími, sem fangi er hafður i refsiklefa, sbr. 47. gr., telst ekki til refsitímans. og eigi heldur tími sá, sem líður frá því að fangi strýkur þar til hann er settur í fangelsi eða varðhald á ný.

47. gr.

Ákvæði um viðurlög við brotum fanga á reglum hegningarhússins skal setja i konunglegri tilskipun. Beita má viðurlögum þeim, sem hér eru talin:

1. Svipting ívilnana, sem í samræmi við reglur hegningarhússins eru veittar föngum, sem hegða sér vel.
2. Svipting vinnulauna.
3. Einangrun i refsiklefa allt að 60 daga fyrir varðhaldsfanga og allt að 90 daga fyrir fanga, sem eru i fangelsisvist.
4. Ennfremur má svipta varðhaldsfanga rétti til þess að útvega sér eða taka við öðru fæði en því, sem reglugerð mælir. Beita má fleiri en einskonar viðurlögum samtímis.

Einangrun í refsiklefa má ekki lengja refsivist fanga um meira en þriðjung

dæmds refsitíma, nema samþykki dómsmálaráðherra sé fengið, og aldrei um meira en helming dæmds refsitima.

48. gr.

Beita má nauðsynlegum öryggisráðstöfunum við fanga, ef afstýra þarf yfirvofandi ofbeldi, bæla niður ofbeldisfullan mótþróa eða koma í veg fyrir strok. Í því skyni má meðal annars nota, eftir því sem nauðsyn krefur í hvert skipti, spennibol, handjárn og einangrun í öryggisklefa. Ekki má, nema með samþykki dómsmálaráðherra, halda fanga i öryggisklefa lengur en einn mánuð.

49. gr.

Sektir renna í ríkissjóð, nema annað sé ákveðið í lögum.

Þeim, sem hefir aflað sér fjár með broti, má, þegar sérstaklega stendur á, dæma sekt jafnframt refsivist, sem við brotinu kann að liggja.

50. gr.

Ekki má gera manni á hendur lægri sekt en 4 krónur, og eigi hærri en 30000 krónur, nema sérstök lagaheimild sé fyrir því að ákveða sekt hærri eða lægri.

51. gr.

Þegar upphæð sektar er tiltekin, skal höfð hliðsjón af efnahag sakbornings auk annarra ástæðna, sem áhrif hafa á refsihæðina, og innan þeirra takmarka, sem lögin setja um lágmark og hámark sektar við brotinu.

Ákvörðun um vararefsingu í stað sektar, sbr. 54. gr., skal vera óháð því tilliti til fjárhags sökunauts, sem hér ræðir um.

52. gr.

Ákveða skal í dómi, sátt eða úrskurði frest til greiðslu sektar, þó ekki yfir 6 mánuði.

Lögreglustjórar annast innheimtu sekta. Heimilt er þeim að leyfa, að sekt sé greidd með afborgunum.

Hafi greiðsla sektar ekki farið fram á tilskildum tima, skal þegar heimta hana eða eftirstöðvar hennar með fjárnámi, ef unnt er, nema lögreglustjóri álíti, að innheimtan mundi hafa í för með sér tilfinnanlega röskun á högum sökunauts eða manna, sem hann framfærir. Annars kostar krefst lögreglustjóri fjárnáms, og ber þá mat á högum sökunauts undir dómsvaldið.

Ekki er leyfilegt, án sérstakrar lagaheimildar, að krefjast greiðslu sektar úr dánarbúi sökunauts, né að innheimta sekt hjá nokkrum öðrum en sökunaut sjálfum.

53. gr.

Nú greiðist sekt ekki, og kemur þá í hennar stað varðhald eða fangelsi.

54. gr.

Dómstólar ákveða í dómi, úrskurði eða sátt, þar sem sekt er tiltekin, hvort hún skuli afplánuð í varðhaldi eða fangelsi og um hversu langan tima. Fangelsi skal einkum hafa, ef óheppilegt má telja, að fangi hafi samneyti við þá, er varðhaldi sæta. Ekki má ákveða styttri tíma til afplánunar sektar en 2 daga og ekki lengri en 1 ár.

Sé sekt dæmd ásamt refsivist, skal afplánun hennar ákveðin með sömu tegund refsivistar og aðalrefsingin.

Hafi hluti sektar verið greiddur, ákveður valdsmaður sá, sem annast fullnustu sektardóms, styttingu afplánunartima að sama skapi, en þó þannig, að hann verði ekki undir framangreindu lágmarki, og að sektarfjárhæð, sem svarar til hluta úr degi, afplánist með heilum degi.

55. gr.

Sektir og aðrar skyldugreiðslur, sem afplána á að lögum og ákveðnar eru á annan hátt en í 54. gr. getur, afplánast eftir reglum um varðhald eða fangelsi. Stjórnvald það, er sekt eða afplánun ákveður, tiltekur einnig um leið refsivistina, en bera má þá ákvörðun undir hæstarétt eftir reglum um kæru í opinberum málum.

Dagsektir skal afplána í varðhaldi, og ákveður fógeti varðhaldstímann. Fer um áfrýjun þeirrar ákvörðunar eftir reglum um kæru i opinberum málum.

Um sektir samkvæmt þessari grein sé gætt lágmarks og hámarks afplánunartima samkvæmt 54. gr., svo og ákvæða 3. mgr. sömu greinar.

VI. KAFLI

Um skilorðsbundna refsidóma.

56. gr.

Þegar dæmd refsing fer ekki fram úr sektum, sem gerðar eru á hendur manni eftir þessum lögum, tveggja ára varðhaldi eða eins árs fangelsi, má ákveða í dómi, að fullnustu refsingar skuli frestað og hún falla niður að tilteknum tíma liðnum, ef skilyrðum laga og þeim frekari skilmálum, sem í dóminum kunna að vera settir, er fullnægt.

Reynslutími má ekki vera skemmri en 2 ár og ekki lengri en 5 ár frá uppkvaðningu fullnaðardóms. Frestun má vera því skilyrði bundin, að dómfelldi sé, meðan á reynslutima stendur, háður eftirliti stofnunar eða einstaklings, sem til þess telst hæfur og taka vill eftirlitið að sér.

57. gr.

Verði dómfelldi sekur á reynslutímanum um refsivert brot, og réttarrannsókn út af því hefst fyrir lok frestsins, skal hann einnig sæta þeirri refsingu, sem frestað var. Ef síðara brotið er ekki framið af ásettu ráði, eða refsing sú, sem til er unnið fyrir það, fer ekki fram úr sektum eða varðhaldi, er dómstólunum heimilt að ákveða, að haldast skuli frestun á fullnustu refsingar fyrir fyrra brotið, og jafnvel, ef sérstakar ástæður mæla með því, að fullnustu refsingar fyrir bæði brotin, er þá sé tiltekin í einu lagi, skuli frestað.

58. gr.

Ef skilyrði, sem sett er í dómi fyrir frestun hegningar, er rofið, skal dómfelldi sæta hegningu, nema hann hafi ekki getað fullnægt skilyrðum dómsins af ástæðum, sem honum verður eigi gefin sök á. Þegar svo stendur á, getur dómfelldi krafizt úrskurðar dómstóls þess, sem dæmdi málið í héraði, eða dómstóls á heimavarnarþingi sinu, um það, hvort dómi skuli fullnægt eða frestun haldast með sömu eða eftir atvikum breyttum skilyrðum. Úrskurði þessum getur dómfelldi áfrýjað til æðri réttar eftir reglum um kæru í opinberum málum.

59. gr.

Nú er réttarrannsókn hafin gegn dómfellda, áður en reynslutími er liðinn, fyrir brot, sem hann hefir drýgt, áður en skilorðsdómur var upp kveðinn yfir honum í héraði, og skal dómurinn þá, ef skilyrði fyrir þvi, að hegningarauki sé dæmdur, eru fyrir hendi, tiltaka nýja refsingu í einu lagi fyrir bæði eða öll brotin, sbr. 77. og 78. gr. Ákveður dómurinn þá, að gættum skilyrðum 56. gr., hvort hinn nýi dómur skuli vera skilorðsbundinn og nýr frestur settur.

60. gr.

Nú er brot framið, meðan á reynslutíma stendur, en réttarrannsókn út af því hefst eigi fyrr en frestur er liðinn, og skulu þá skilorðsrofin tekin til greina til þyngingar refsingunni fyrir hið nýja brot.

61. gr.

Nú er refsing, sem frestað hefir verið, eigi framkvæmd vegna ákvæða þessa kafla, og fellur hún þá niður. Einnig falla þá niður ítrekunaráhrif dómsins, sbr. þó 60. gr.

VII. KAFLI

Um öryggisráðstafanir, sviptingu borgararéttinda og upptöku eigna.

62. gr.

Nú er maður sýknaður samkvæmt ákvæðum 15. gr., eða niðurstaða dóms verður sú, samkvæmt ákvæðum 16. gr., að refsing sé árangurslaus, og má þá ákveða í dómi, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis, að gerðar skuli ráðstafanir til að varna því, að háski verði að manninum. Ef ætla má, að vægari ráðstafanir, svo sem trygging, bann við dvöl á ákveðnum stöðum eða svipting lögræðis, komi ekki að notum, má ákveða, að honum sé komið fyrir á viðeigandi hæli. Skal þá hæstiréttur skipa honum tilsjónarmann, sem eftirlit hefir með því, að dvöl hans á hælinu verði ekki lengri en nauðsyn ber til. Þegar ástæða þykir til, getur dómsmálaráðherra leitað úrlausnar héraðsdóms, þar sem hælið er, hvort téðar ráðstafanir skuli teljast lengur nauðsynlegar, enda hafi umsagnar læknis verið leitað. Svo getur og tilsjónarmaður krafizt þess, þegar ár er liðið frá dómsuppsögn eða síðasta dómsúrskurði, eða fyrr, ef dómsmálaráðherra samþykkir, að málið skuli að nýju lagt undir úrskurð dómstóls þess, sem áður segir. Ákvörðun hans má áfrýja eftir reglum um kæru í opinberum málum.

63. gr.

Nú hefir orðið svo ástatt um mann til langframa, sem í 15. eða 16. gr. segir, eftir að hann hefir drýgt refsiverðan verknað, en áður en fullnaðardómur gengur i máli hans, og ákveður dómur þá, hvort refsing skuli dæmd eða hún eigi að falla niður. Ákveða má i dóminum, ef skilyrði samkvæmt 62. gr. þykja vera fyrir hendi, að ráðstöfunum samkvæmt þeirri grein skuli beitt i stað refsingar eða þangað til unnt þykir að framkvæma refsingu.

64. gr.

Þegar maður er dæmdur til refsivistar fyrir brot, sem hann hefir framið undir áhrifum áfengis, má leggja fyrir hann i dómi, að viðlagðri ábyrgð eftir 2. mgr. 123. gr., að hann hvorki kaupi né neyti áfengis um tiltekinn tíma, sem má vera allt að 5 ár frá því að hann hefir lokið við að taka út refsingu sína. Samskonar fyrirmæli má setja þeim manni i dómi, sem sýknaður er samkvæmt ákvæðum 17. gr., ef verknaður hans hefði ella varðað refsivist. Loks má og setja þeim manni slíkt fyrirmæli i dómi, sem á síðustu 2 árum hefir tvisvar sinnum eða oftar gerzt sekur um brot vegna ölvunar, þótt smærri séu en að framan greinir.

Hver sá, sem vitandi um fyrirmælin selur, gefur eða veitir þeim, er fyrirmælin hefir hlotið, vín eða aðra áfenga drykki, skal sæta ábyrgð samkvæmt 3. mgr. 123. gr. Jafnan skal viðkomandi lögreglustjóri tilkynna vínverzlunum og vinveitingamönnum fyrirmælin.

65. gr.

Þyki það ljóst af málavöxtum, eftir að umsagnar læknis hefir verið leitað, að sakborningur samkvæmt 1. mgr. 64. gr. eða 1. eða 2. mgr. 123. gr. geti ekki haft hemil á drykkjufýsn sinni, má ákveða i dómi, að hann skuli lagður á viðeigandi hæli til lækningar, að refsingu afstaðinni eða þegar í stað, ef refsing er skilorðsbundin. Skal dómur þá hljóða um dvöl á hælinu allt að 18 mánuðum, eða, ef ítrekun á sér stað, allt að 3 árum. Dómsmálaráðherra ákveður, eftir tillögum stjórnar hælisins og hlutaðeigandi læknis, hvort leysa megi manninn af hælinu, áður en ofangreindur hámarkstimi er liðinn, sökum þess að ætla megi, að hann hafi læknazt.

66. gr.

Ef nokkur heitist við annan mann eða hótar honum bana, brennu eða öðrum óförum, og refsingu verður annaðhvort ekki við komið eða hún þykir ekki veita næga tryggingu, getur ákæruvaldið hlutazt til um, eftir kröfu þess, sem hlut á að máli, eða án kröfu hans, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis, að dómsúrskurður gangi um það, hvort gera skuli ráðstafanir til varnar því, að hótunin sé framkvæmd, þar á meðal, hvort heitingamaður skuli setja tryggingu eða hvort setja skuli hann i gæzlu. Dómstóll getur fellt ráðstafanirnar niður, ef þeirra þykir ekki lengur þörf vegna breyttra málavaxta.

Ef ákæruvaldið æskir þess, má jafnan leggja málið á ný undir úrskurð dómstóls. Hinn dómfelldi getur og jafnan krafizt, þegar 6 mánuðir eru liðnir frá uppkvaðningu dóms eða síðasta úrskurði, og fyrr, ef ákæruvaldið samþykkir, að málið sé að opinberri tilhlutan lagt undir úrskurð dómstóls að nýju.

Dómsúrlausnum samkvæmt grein þessari má áfrýja eftir reglum um kæru í opinberum málum.

67. gr.

Sé maður dæmdur í þyngri refsingu en varðhald, og mjög sennilegt má telja af því, hvernig glæp hans var háttað og andlegu ástandi hans er varið, svo og af undanfarandi breytni hans, að hann muni drýgja afbrot af vana eða í atvinnuskyni og sé því hættulegur umhverfi sínu, má ákveða í refsidómi eða síðar i sérstöku máli, sem höfðað er að tilhlutan ákæruvaldsins, að beitt skuli öryggisráðstöfunum samkvæmt 66. gr. að refsingu lokinni. Létta má slíkum ráðstöfunum af aftur eftir sömu reglum og um getur i 66. gr.

68. gr.

Fremji maður brot, sem starfa hefir á hendi, er opinbera skipun, heimild, viðurkenningu eða próf þarf til að gegna, þá má í dómi í opinberu máli á hendur honum svipta hann rétti til þess að rækja starfann, ef hann telst ekki lengur verður eða hæfur til þess. Nú varðar brot einhvern starfa, er áður getur, en sökunautur hefir ekki haft heimild til að gegna honum, og má þá ákveða í dómi, að hann skuli sviptur rétti til þess að fá síðar heimild til slíks starfs.

Svipta má mann ofangreindum rétti um tiltekinn tíma, þó ekki skemur en 6 mánuði og ekki lengur en 5 ár, eða æfilangt.

Nú er broti svo háttað, að fremjandinn telst ekki lengur hafa óflekkað mannorð, og skal hann þá sviptur í refsidómi kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Sérákvæði í lögum um sviptingu réttinda, er í 1. málsgrein getur, skulu halda gildi sinu.

Svipting telst frá þeim tima, sem i dómi er ákveðinn.

Nú hefir maður hlotið uppreist æru samkvæmt ákvæðum 84. eða 85. gr., og skal þá viðkomandi stjórnvald synja aðilja skirteinis eða annarrar heimildar til starfa samkvæmt 1. mgr., ef líklegt má telja, að það sé nauðsynlegt vegna öryggis einstaklinga eða almennings. Ákvörðun stjórnvalds má bera undir hæstarétt samkvæmt reglum um kæru í opinberum málum.

69. gr.

Gera má upptækt með dómi:

1. Hluti, sem orðið hafa til við misgerning eða hafðir hafa verið til að drýgja brot með, nema þeir séu eign manns, sem ekkert er við brotið riðinn.
2. Hluti, sem ætla má, að ákvarðaðir séu til notkunar í glæpsamlegu skyni, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis.
3. Muni eða ávinning, sem aflað hefir verið með broti, og enginn á löglegt tilkall til, eða fjárhæð, sem svarar til sliks ávinnings.

Hið upptæka skal vera eign rikissjóðs, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum. Hafi einhver beðið tjón við brotið, skal hann þó eiga forgang til andvirðisins, ef bætur fást ekki á annan hátt.

Nú er félagi slitið með dómi, og skal þá gera eignir þess upptækar til handa ríkissjóði, enda taki rikisvaldið bækur þess og skjöl til varðveizlu.

VIII. KAFLI

Atriði, er áhrif hafa á refsihæðina.

70. gr.

Þegar hegning er tiltekin, á einkum að taka til greina eftirtalin atriði:

1. Hversu mikilvægt það er, sem brotið hefir beinzt að.
2. Hversu yfirgripsmiklu tjóni það hefir valdið.
3. Hversu mikil hætta var búin af verkinu, einkum þegar til þess er litið, hvenær, hvar og hvernig það var framkvæmt.
4. Aldur þess, sem að verkinu er valdur.
5. Hegðun hans að undanförnu.
6. Hversu styrkur og einbeittur vilji hans hefir verið.
7. Hvað honum hefir gengið til verksins.
8. Hvernig framferði hans hefir verið, eftir að hann hafði unnið verkið.

Hafi fleiri menn en einn unnið verkið í sameiningu, skal að jafnaði taka það til greina til þyngingar refsingunni.

71. gr.

Þegar lög ákveða eða heimila aukna hegningu eða önnur viðurlög við itrekun brots, skal ekki beita þeim ákvæðum, nema sökunautur hafi, áður en hann framdi síðara brotið, verið dæmdur sekur um brot eða gengizt undir refsingu hér á landi fyrir brot, sem ítrekunaráhrif hefir á síðara brotið, eða tilraun til eða hlutdeild í slíku broti, og að hann hafi þar að auki verið fullra 18 ára, þegar hann framdi fyrra brotið.

Dómstólunum er heimilt að láta refsidóma, er kveðnir hafa verið upp erlendis, hafa ítrekunaráhrif, eins og þeir hefðu verið kveðnir upp hér á landi.

Ítrekunaráhrif falla niður, ef liðið hafa 5 ár frá því að sökunautur hefir tekið út fyrri refsinguna, eða frá því að hún hefir fallið niður eða verið gefin upp, þangað til hann fremur síðara brotið. Hafi fyrri refsingin verið sektir, telst frestur inn þó frá þeim degi, er fullnaðardómur var upp kveðinn eða gengizt var undir sektargreiðslu.

72. gr.

Hafi maður lagt það i vana sinn að fremja brot, einnar tegundar eða fleiri, eða hann gerir það í atvinnuskyni, má auka refsinguna svo, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar. Eigi itrekun á þessu sér stað, má refsingin tvöfaldast.

73. gr.

Ef fangi, sem er að taka út refsingu eða er haldið í gæzlu af öðrum ástæðum, gerist sekur um brot á ákvæðum 106., 108., 126., 127., 164., 211., 217., 218., 225.,

226., 233. eða 2. mgr. 257. gr., þá má, þegar refsing hans er tiltekin, fara út fyrir hæsta stig þeirrar refsingar, sem við broti hans liggur samkvæmt nefndum greinum, en þó ekki meira en svo, að refsing tvöfaldist. Þegar svo stendur á, má ekki dæma í vægari refsingu en varðhald. Sé fanginn i fangelsisvist eða öryggisgæzlu, má refsing ekki vera vægari en fangelsi, og liggi ekki þyngri refsing við brotinu en varðhald, skal dæma fangelsisvist um jafnlangan tíma. Er þá heimilt að dæma skemmri fangelsisvist en mælt er i 34. gr.

Ákvæðum fyrsta málsliðs undanfarandi málsgreinar má einnig beita, þegar brot, sem þar er nefnt, er framið af fyrrverandi refsifanga gegn yfirmönnum eða starfsmönnum hegningarhúss þess, sem hann átti dvöl í, eða brotið beinist að hegningarhúsinu eða eignum þess, svo og ef fyrrverandi refsifangi gerist sekur um brot á ákvæðum 111. gr., að því er varðar fanga, sem taka út refsingu í hegningarhúsi því, er hann dvaldist áður i.

Ef maður, sem dæmdur hefir verið til æfilangrar fangelsisvistar og ekki hefir verið náðaður, fremur nýtt brot í fangelsinu eða utan þess, skal ákveða í dómi, hvaða refsingu hann ætti að sæta, ef fyrri refsingin hefði ekki verið æfilangt fangelsi. Má þá einnig dæma hann til að þola viðurlög samkvæmt 47. gr., þó svo, að refsitíma eftir 3. tölulið þeirrar greinar má tvöfalda.

74. gr.

Refsingu þá, sem i lögum er lögð við broti, má færa niður úr lágmarki því, sem þar er ákveðið, þegar svo stendur á, sem hér á eftir segir:

1. Þegar maður hefir farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar eða neyðarréttar.
2. Þegar brot er drýgt af manni, sem þá er ekki fullra 18 ára að aldri, og álíta má vegna æsku hans, að full refsing sé ónauðsynleg eða skaðleg. Aldrei má dæma í þyngri hegningu fyrir brot, sem menn hafa framið á þessum aldri, en 8 ára fangelsi.
3. Hafi sá, sem verkið vann, álitið, að verknaður hans væri ekki réttarbrot, sökum afsakanlegrar vanþekkingar eða misskilnings á réttarreglum, sem banna framkvæmd verknaðar.
4. Þegar maður hefir framið brot í mikilli reiði eða geðæsingu, sem sá, er fyrir brotinu verður, hefir vakið hjá honum með ólögmætri árás eða stórfelldri móðgun.
5. Ef maður lætur leiðast til að fremja brot sökum þess, að hann var öðrum háður.
6. Ef maður er beittur þvingun til að fremja brot, en þvinguninni er þó ekki þannig varið, að hún geri verknað hans að öllu leyti refsilausan.
7. Ef sá, sem verk vann, hefir af sjálfsdáðum, eftir að það var fullframið, afstýrt hættu þeirri, sem það hafði í för með sér.
8. Ef sá, sem verkið vann, hefir af sjálfsdáðum bætt að fullu tjón það, sem af verkinu leiddi, svo og þegar hann hefir gert sér mikið far um að koma i veg fyrir skaðlegar afleiðingar verksins eða reynt eftir mætti að bæta úr tjóninu.
9. Ef maður segir af sjálfsdáðum til brots sins og skýrir hreinskilnislega frá öllum atvikum að því.

Ákveða má, þegar svo stendur á, sem í 1.—8. tölulið segir, að refsing skuli falla niður að öllu leyti.

75. gr.

Hafi maður framið brot í ákafri geðshræringu, vegna annars skammvinns ójafnvægis á geðsmunum eða svo er ástatt að öðru leyti, að verknaðurinn verður ekki talinn likt því eins refsiverður og venjulegt er um samskonar brot, má færa refsingu niður og jafnvel, ef brot varðar ekki þyngri refsingu en varðhaldi, láta hana falla niður. Hafi sá, sem verkið vann, sjálfur komið sér i umrætt ástand með neyzlu áfengis, koma framangreind ákvæði því aðeins til greina, að málsbætur

séu fyrir hendi og fremjandinn hafi ekki áður orðið sekur um samskonar eða svipað brot né um brot á 1. eða 2. mgr. 123. gr.

Dæma má skilorðsbundna refsingu, þegar svo er ástatt, sem í fyrri málsgrein segir, þótt refsing verði hærri en í 56. gr. getur.

76. gr.

Hafi sakborningur verið hafður í gæzluvarðhaldi, og það er ekki því að kenna, hvernig hann hefir hagað sér meðan á málinu eða rannsókn þess stóð, skal ákveða í refsidómi, að gæzluvarðhaldsvistin skuli koma að einhverju leyti eða öllu í stað refsingar.

77. gr.

Verði maður, meðan á sama málinu stendur, uppvis að því að hafa framið fleiri brot en eitt, skal tiltaka refsinguna fyrir þau í einu lagi, og svo, að þau séu öll tekin til greina, en liggi æfilangt fangelsi við mesta brotinu, er ekki um frekari hegningu að ræða fyrir hin brotin.

Refsingu skal að jafnaði tiltaka innan takmarka þess hegningarákvæðis, sem við brotunum liggur, og eigi þau ekki öll undir sama hegningarákvæði, þá innan takmarka þess hegningarákvæðis, sem þyngsta hegningu setur. Þó má eftir málavöxtum þyngja refsingu svo, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar. Dómstólunum skal þó heimilt, þegar maður er dæmdur samtímis fyrir mikið brot og annað, sem að tiltölu er lítilræði eitt, að beita jafnvel lægsta stigi þeirrar refsingar, sem við meira brotinu liggur.

Liggi mismunandi tegundir refsivistar við brotunum, skal beita þeirri, sem þyngri er.

Sé dæmt í einu lagi fyrir tvö eða fleiri brot, er annað eða sum varða refsivist, en hin sektum, er dómstólunum heimilt að dæma sektir jafnframt refsivist.

78. gr.

Verði maður, sem búið er að dæma fyrir eitt brot eða fleiri, uppvis að því að hafa framið önnur brot, áður en hann var dæmdur, skal honum dæma hegningarauka, er samsvari þeirri þynging hegningarinnar, sem kynni að hafa orðið, ef dæmt hefði verið um öll brotin í fyrra málinu. Má þá dæma refsivist um skemmri tíma en mælt er í 34. og 44. gr.

Nú verður hegningarauki fangelsisvist, en fyrri refsingin var varðhald, og skal þá, ef fyrri refsingin er enn ekki úttekin að fullu, valdsmaður sá, sem annast fullnustu refsidóma, breyta því, er eftir stendur af varðhaldsvistinni, í fangelsisvist eftir reglum 79. gr.

79. gr.

Þegar breyta skal refsingu þeirri, sem við broti er lögð, telst 2 daga fangelsi jafnt 3 daga varðhaldi.

Þegar lög heimila aukna refsingu, en hin lögákveðna refsing við broti yrði ekki aukin, nema farið væri út fyrir takmörk þau, sem sett eru hverri hegningartegund um sig, skal breyta allri hegningunni í þá hegningartegund, sem næst er og þyngri. Takmörk þau, sem sett eru í 34. og 44. gr., skulu þá ekki vera því til fyrirstöðu, að dæma megi í varðhaldsvist allt að 3 árum og fangelsisvist allt að 20 árum.

IX. KAFLI

Fyrning sakar og uppreist æru.

80. gr.

Sakir fyrnast eftir reglum þeim, sem settar eru í 81. og 82. gr. Brot, sem um er rætt í XIV. kafla laga þessara, fyrnast þó ekki, ef refsing sú, sem til er unnið, fer fram úr sektum.

81. gr.

Sök samkvæmt þessum lögum fyrnist á þeim tima, sem hér segir:

1. 2 árum, þegar refsing sú, sem til er unnið, fer ekki fram úr sektum eða 1 árs varðhaldi.
2. 5 árum, þegar refsing hefði orðið varðhald um lengri tíma en 1 ár, eða fangelsi í 8 mánuði eða skemmri tíma.
3. 10 árum, ef refsing hefði orðið þyngri en að framan greinir, og þyngsta refsing, sem við broti liggur, fer ekki fram úr 6 ára fangelsi.

Sé sök ekki fyrnd samkvæmt framansögðu, en meira en 10 ár eru liðin frá því að brot var framið, ákveður dómsmálaráðherra, hvort mál skuli höfðað.

82. gr.

Fyrningarfrestur telst frá þeim degi, er refsiverðum verknaði eða refsiverðu athafnaleysi lauk. Nú er verknaður ekki refsiverður, nema hann hafi í för með sér ákveðnar afleiðingar, og hefst fresturinn þá ekki fyrr en þær hafa komið fram.

Fyrningarfrestur stöðvast, er réttarrannsókn hefst gegn sökunaut út af broti. Réttarrannsókn, sem hætt er við um óákveðinn tíma, hefir þó engin áhrif á frestinn, nema stöðvunin stafi af því, að sökunautur hefir komið sér undan rannsókn. Þá telst sá tími, sem rannsóknin stóð yfir, ekki til fyrningartímans. Hafi mál ónýtzt, sem höfðað var á réttum tíma, má ávallt taka það upp að nýju á næstu 3 mánuðum frá því að það var ónýtt. Hafi refsiverður verknaður verið framinn í íslenzku skipi eða loftfari, utan rikisins, hefst fyrningarfrestur ekki fyrr en skipið eða loftfarið er komið til íslenzkrar hafnar eða einhvers þess staðar utan rikisins, þar sem íslenzkur ræðismaður er búsettur. Ekki skal þó fyrningarfrestur, þegar svo stendur á, lengjast um meira en eitt ár.

83. gr.

Refsing, sem ekki er þyngri en sektir, varðhald eða eins árs fangelsi, fellur niður, ef ekki er byrjað að fullnægja henni, áður en 5 ár eru liðin frá því að hún var ákveðin með fullnaðardómi, úrskurði eða sátt. Hafi fullnusta að visu verið byrjuð, en hún hefir stöðvazt, telst frestur frá því, að stöðvun hófst.

Þegar 10 ár eru liðin frá uppkvaðningu refsidóms, má ekki fullnægja honum, nema að boði dómsmálaráðherra.

Til framangreindra fresta telst ekki sá tími, sem fullnusta refsingar frestast samkvæmt ákvæðum skilorðsbundins dóms eða vegna þess að dómfelldi er i refsivist, eða loks vegna dvalar hans í öryggisgæzlu eða á hæli samkvæmt ákvæðum VII. kafla þessara laga.

84. gr.

Hafi maður verið dæmdur skilorðsbundnum dómi samkvæmt VI. kafla laga þessara, og refsing fellur niður, sbr. 61. gr., þá nýtur hann frá þeim degi, er reynslutíma lýkur, allra réttinda, sem fást með uppreist á æru.

Nú hefir maður hlotið i fyrsta sinn refsidóm fyrir brot, sem hefir skerðing borgararéttinda i för með sér, og refsing fer ekki fram úr 1 árs refsivist, þá nýtur hann að liðnum 5 árum frá því að refsing er að fullu úttekin, fyrnd eða upp gefin, allra réttinda, sem fást með uppreist á æru, enda hafi hann ekki sætt ákæru á þeim tíma fyrir brot, sem þyngri hegning liggur við en sektir.

85. gr.

Þegar liðin eru 2 ár af fresti þeim, sem í síðari mgr. 84. gr. getur, og að fullnægðum öðrum skilyrðum, sem þar eru sett, getur konungur, ef dómfelldi hefir hegðað sér vel á þessu tímabili, veitt honum uppreist æru.

Konungur getur og veitt manni uppreist æru, þegar að minnsta kosti 5 ár

eru liðin frá því að refsing hans er að fullu úttekin, fyrnd eða gefin upp, enda færi umsækjandi sönnur, sem gildar séu metnar, á það, að hegðun hans hafi verið góð umræddan tima.

X. KAFLI
Landráð.

86. gr.

Hver, sem sekur gerist um verknað, sem miðar að því, að reynt verði með ofbeldi, hótun um ofbeldi, annarri nauðung eða svikum að ráða íslenzka ríkið eða hluta þess undir erlend yfirráð, eða að ráða annars einhvern hluta rikisins undan forræði þess, skal sæta fangelsi ekki skemur en 4 ár eða æfilangt.

87. gr.

Geri maður samband við stjórn erlends rikis til þess að stofna til fjandsamlegra tiltækja eða ófriðar við íslenzka rikið eða bandamenn þess, án þess að verknaðurinn varði við 86. gr., þá varðar það fangelsi ekki skemur en 2 ár eða æfilangt. Sé þetta í því skyni gert að koma erlendu ríki til þess að skerða sjálfsákvörðunarrétt íslenzka rikisins á annan hátt, þá varðar það fangelsi allt að 8 árum.

88. gr.

Hver, sem opinberlega í ræðu eða riti mælir fram með því eða stuðlar að því, að erlent ríki byrji á fjandsamlegum tiltækjum við íslenzka ríkið eða hlutist til um málefni þess, svo og hver sá, sem veldur bersýnilegri hættu á því, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

89. gr.

Beri íslenzkur rikisborgari í ófriði vopn gegn íslenzka rikinu eða bandamönnum þess, þá varðar það fangelsi ekki skemur en 2 ár.

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem í ófriði, eða þegar ófriður vofir yfir, veitir fjandmönnum islenzka rikisins liðsinni í orði eða verki eða veikir viðnámsþrótt islenzka ríkisins eða bandamanna þess.

90. gr.

Rjúfi maður, meðan á ófriði stendur eða þegar hann vofir yfir, samning eða skuldbindingu, sem varðar ráðstafanir, sem íslenzka rikið hefir gert vegna ófriðar eða ófriðarhættu, þá skal hann sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

Hafi manni orðið slíkt á af stórfelldu gáleysi, skal honum refsað með sektum eða varðhaldi.

91. gr.

Hver, sem kunngerir, skýrir frá eða lætur á annan hátt uppi við óviðkomandi menn leynilega samninga, ráðagerðir eða ályktanir ríkisins um málefni, sem heill þess eða réttindi gagnvart öðrum rikjum eru undir komin, eða hafa mikilvæga fjárhagsþýðingu eða viðskipta fyrir islenzku þjóðina gagnvart útlöndum, skal sæta fangelsi allt að 16 árum.

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem falsar, ónýtir eða kemur undan skjali eða öðrum munum, sem heill ríkisins eða réttindi gagnvart öðrum ríkjum eru undir komin.

Sömu refsingu skal ennfremur hver sá sæta, sem falið hefir verið á hendur af íslenzka rikinu að semja eða gera út um eitthvað við annað riki, ef hann ber fyrir borð hag íslenzka ríkisins i þeim erindrekstri.

Hafi verknaður sá, sem i 1. og 2. málsgrein hér á undan getur, verið framinn

af gáleysi, skal refsað með varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.

92. gr.

Hver, sem af ásetningi eða gáleysi kunngerir, lýsir eða skýrir óviðkomandi mönnum frá leynilegum hervarnarráðstöfunum, er íslenzka ríkið hefir gert, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 10 árum, eða sektum, ef brot er lítilræði eitt.

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem af ásetningi eða gáleysi stofnar hlutleysisstöðu íslenzka ríkisins í hættu, aðstoðar erlent riki við skerðingu á hlutleysi þess, eða brýtur bann, sem rikið hefir sett til verndar hlutleysi sinu.

93. gr.

Stuðli maður að því, að njósnir fyrir erlent ríki eða erlenda stjórnmálaflokka beinist að einhverju innan íslenzka ríkisins eða geti beint eða óbeint farið þar fram, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 5 árum.

94. gr.

Ef verknaði, sem refsing er lögð við í XXIII., XXIV. eða XXV. kafla laga þessara, er beint að þjóðhöfðingja erlends rikis eða sendimönnum þess hér á landi, má auka refsingu þá, sem við brotinu liggur, þannig að bætt sé við hana allt að helmingi hennar.

95. gr.

Hver, sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent riki, æðsta ráðamann þjóðhöfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, skal sæta sektum, varðhaldi, eða fangelsi allt að einu ári, ef mjög miklar sakir eru.

Opinbert mál skal ekki höfða, nema stjórn viðkomandi erlends rikis krefjist þess.

96. gr.

Þegar fangelsi um tiltekinn tíma er lagt við broti samkvæmt þessum kafla, má í þess stað, ef sérstaklega stendur á, dæma varðhaldsvist um jafnlangan tíma.

97. gr.

Mál út af brotum, sem í þessum kafla getur, skal því aðeins höfða, að dómsmálaráðherra hafi lagt svo fyrir, og sæta þau öll opinberri meðferð.

XI. KAFLI

Brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess.

98. gr.

Veki maður eða stýri uppreisn í þeim tilgangi að breyta stjórnskipun rikisins, þá varðar það fangelsi, ekki skemur en 3 ár eða æfilangt.

Hver, sem tekur þátt í þesskonar uppreisn, svo og hver sá, sem sekur gerist um verknað, er miðar að því að breyta stjórnskipuninni á ólögmætan hátt, skal sæta fangelsi allt að 8 árum.

99. gr.

Hafist maður nokkuð það að, sem miðar til þess að svipta konunginn eða þann, sem fer með konungsvald, lífi, þá varðar það fangelsi ekki skemur en 6 ár.

100. gr.

Hver, sem ræðst á Alþingi, svo að því eða sjálfræði þess er hætta búin, lætur boð út ganga, sem að því lýtur, eða hlýðir sliku boði, skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár, og getur refsingin orðið æfilangt fangelsi, ef sakir eru mjög miklar.

Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem á sama hátt misbrýtur við konunginn eða þann, sem konungsvald hefir á hendi, ráðuneytin, landsdóminn eða hæstarétt.

101. gr.

Ef verknaður, sem refsing er lögð við í XXIII., XXIV. eða XXV. kafla laga þessara, er hafður i frammi við konunginn eða þann, sem konungsvald hefir á hendi, enda eigi brotið ekki undir 99. eða 100. gr., eykst refsing sú, sem við broti er lögð, en þó ekki meira en svo, að hún tvöfaldist. Ekki skal beita vægari refsingu en varðhaldi, þegar svo stendur á.

Sé slíkum verknaði beint að drottningunni, ekkju konungs eða konungsefni, má auka refsingu svo, að við hana sé bætt allt að helmingi hennar.

102. gr.

Hver, sem leitast við að aftra því, að kosningar fari fram til Alþingis, bæjar- eða sveitarstjórna eða annarra opinberra starfa, svo og hver, sem rangfærir eða ónýtir niðurstöðu slíkrar kosningar, skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum varðar það, ef verknaður, slíkur sem að ofan greinir, beinist að lögheimiluðum atkvæðagreiðslum um opinber málefni.

103. gr.

Sá maður skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef sök er smáfelld, sem sekur gerist um eftirgreindar athafnir, þegar kosningar, sem i fyrri mgr. 102. gr. getur, fara fram:

1. Aflar sér eða öðrum ólöglega færis á að taka þátt í atkvæðagreiðslu.
2. Leitast við með ólögmætri nauðung, frelsisskerðingu eða misbeitingu aðstöðu yfirboðara að fá mann til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði.
3. Kemur því til leiðar með sviksamlegu atferli, að maður greiðir ekki atkvæði, þó að hann hafi ætlað sér það, eða að atkvæði hans ónýtist eða hefir önnur áhrif en kjósandinn ætlaðist til.
4. Greiðir, lofar að greiða eða býður manni fé eða annan hagnað i því skyni að koma honum til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði.
5. Tekur við, fer fram á að fá eða lætur lofa sér fé eða öðrum hagnaði til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði.

104. gr.

Þegar fangelsi um tiltekinn tima er lagt við broti samkvæmt þessum kafla, má i þess stað, ef sérstaklega stendur á, dæma varðhaldsvist um jafnlangan tima.

105. gr.

Mál út af brotum, sem i 99. og 101. gr. getur, skal því aðeins höfða, að dómsmálaráðherra hafi lagt svo fyrir, og sæta þau öll opinberri meðferð.

XII. KAFLI

Brot gegn valdsstjórninni.

106. gr.

Hver, sem ræðst með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi á opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu eða út af því, og eins hver sá, sem á sama hátt leitast við að hindra framkvæmd sliks starfa eða neyða starfsmanninn til þess að framkvæma einhverja athöfn í embætti sínu eða sýslan, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

Geri maður á annan hátt opinberum starfsmanni tálmanir í því að gegna skyldustörfum sinum, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Jafnfætis ofangreindum starfsmönnum standa þeir menn, sem dómari eða yfirvald kveður sér til aðstoðar við rekstur opinbers starfs.

107. gr.

Hafi verknaður, sem í 106. gr. getur, verið hafður frammi af mannsöfnuði, skal forgöngumönnum og leiðtogum upphlaupsins refsað með þyngri refsingu að tiltölu, og má þá beita allt að 8 ára fangelsi. Öðrum þátttakendum upphlaupsins, sem ofriki hafa haft í frammi eða ekki hafa hlýðnazt skipun yfirvalds, er skorað hefir á mannsöfnuðinn að sundrast, skal refsað eftir því, sem í 106. gr. segir.

108. gr.

Hver, sem hefir í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum eða ærumeiðandi aðdróttanir við opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu, eða við hann eða um hann út af því, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Aðdróttun, þótt sönnuð sé, er refsiverð, ef hún er borin fram á ótilhlýðilegan hátt.

109. gr.

Hver, sem gefur, lofar eða býður opinberum starfsmanni gjafir eða annan ávinning til þess að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert, er hann með því bryti gegn starfsskyldu sinni, skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða, séu málsbætur fyrir hendi, varðhaldi eða sektum.

110. gr.

Hafi fangar, sem eru i refsivist, sammælzt um að hjálpast að að strjúka, þá varðar það fangelsi í 6 mánuði og allt að 3 árum.

111. gr.

Hver, sem frelsar handtekinn mann, fanga eða mann, sem hafður er í opinberri gæzlu, svo og hver sá, sem hvetur eða hjálpar slikum manni til að losna úr haldi, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

Hver, sem ólöglega setur sig i samband við handtekinn mann, fanga eða mann, sem hafður er í opinberri gæzlu, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum.

112. gr.

Hver, sem aðstoðar mann, sem eftirför er veitt fyrir brot, til að komast undan handtöku eða refsingu, með því að fela hann, hjálpa honum til að flýja eða strjúka eða segja rangt til, hver hann sé, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

Sömu refsingu varðar það að tálma rannsókn brots með því að eyðileggja, breyta eða koma undan hlutum, sem fræðslu geta veitt við rannsóknina, eða með því að raska ummerkjum brots.

Hafi einhver framið verknað, sem lýst er í þessari grein, í því skyni að koma sjálfum sér eða nánum vandamönnum sínum undan eftirför eða refsingu, þá er það refsilaust.

113. gr.

Taki maður burt eða ónýti innsigli eða merki, sem sett hefir verið að opinberri ráðstöfun, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Hver, sem tekur burt eða skemmir auglýsingu, sem sett hefir verið upp af hálfu hins opinbera, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 mánuðum.

114. gr.

Hver, sem ræður menn innan islenzka ríkisins til erlendrar herþjónustu, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

115. gr.

Hver, sem opinberlega skýrir heimildarlaust eða vísvitandi rangt frá því, sem fram hefir farið við kosningar þær og atkvæðagreiðslur, sem í 102. gr. getur, eða því, sem gerzt hefir á fundum eða i starfi opinberra samkomna, nefnda, stjórnvalda eða dómstóla, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

116. gr.

Hver, sem tekur sér eitthvert opinbert vald, sem hann ekki hefir, skal sæta sektum eða varðhaldi eða, ef miklar sakir eru, fangelsi allt að 2 árum.

117. gr.

Hver, sem vísvitandi eða af gáleysi notar opinberlega eða í ólögmætum tilgangi einkenni, merki eða einkennisbúning, sem áskilinn er islenzkum eða erlendum stjórnvöldum eða hermönnum, eða einkenni, merki eða búning, sem er svo áþekkur hinum ofannefndu, að hætta er á, að á verði villzt, skal sæta sektum.

XIII. KAFLI

Brot á almannafriði og allsherjarreglu.

118. gr.

Ef maður kemur af stað upphlaupi í því skyni að beita menn eða muni ofbeldi eða ógna með, að því verði beitt, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum eða varðhaldi.

Sömu refsingu skulu þeir menn sæta, sem gerzt hafa leiðtogar slíks upphlaups, eftir að það var byrjað.

Aðrir þátttakendur upphlaupsins, sem ofríki hafa haft í frammi eða ekki hafa hlýðnazt skipan yfirvalds, er skorað hefir á mannsöfnuðinn að sundrast, skulu sæta vægari refsingu að tiltölu, og má dæma þeim þátttakendum sektir, sem ekki hafa beitt ofríki.

Hafi eitthvert það brot verið framið, sem var markmið upphlaupsins, skal beita þyngri refsingum, miðað við þátttöku hvers eins, eftir því, sem að framan segir, og má þá dæma allt að 6 ára fangelsi, nema broti sé svo varið, að þyngri hegning liggi við.

119. gr.

Hafi upphlaup átt sér stað, án þess að ákvæði 118. gr. eigi við um það, og mannsöfnuðinum hefir verið skipað á löglegan hátt af yfirvaldi að sundrast, þá skal þeim þátttakendum, sem hlýðnast ekki skipuninni, enda þótt þeir viti um hana, refsað með sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum.

120. gr.

Ef maður gabbar lögreglumenn, brunalið, björgunarlið eða annað hjálparlið, með því að kalla eftir hjálp að ástæðulausu eða með misnotkun brunaboða eða annarra hættumerkja, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum.

121. gr.

Hver, sem opinberlega hvetur menn til refsiverðra verka, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef málsbætur eru, nema brot hans varði þyngri refsingu að lögum.

Hver, sem opinberlega og greinilega fellst á eitthvert þeirra brota, er í X. eða XI. kafla laga þessara getur, sæti sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

122. gr.

Hver, sem hindrar það, að löglegur mannfundur sé haldinn, skal sæta sektum eða varðhaldi, eða fangelsi allt að 2 árum, ef miklar sakir eru, einkum ef ofríki eða ógnun í framferði hefir verið viðhaft.

Raski nokkur fundarfriði á lögboðnum samkomum um opinber málefni með háreysti eða uppivöðslu, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum.

Sömu refsingu skal sá sæta, sem á sama hátt truflar opinbera guðsþjónustu eða aðrar kirkjuathafnir eða raskar útfararhelgi.

123. gr.

Hver, sem af ásettu ráði eða stórfelldu gáleysi gerist ölvaður og stofnar þannig á sig kominn í hættu öðrum mönnum eða talsverðum fjárverðmætum, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum, einkum ef brot er ítrekað eða miklar sakir að öðru leyti.

Sá, sem brýtur bann við kaupum eða neyzlu áfengis samkvæmt 1. mgr. 64. gr., skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 4 mánuðum.

Brot gegn banni því, er í 2. mgr. 64. gr. getur, varðar sektum.

124. gr.

Ef nokkur raskar grafarhelgi eða gerist sekur um ósæmilega meðferð á líki, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Sömu refsingu varðar það að fara ósæmilega með hluti, sem teljast til kirkna og nota á við kirkjulegar athafnir.

125. gr.

Hver, sem opinberlega dregur dár að eða smánar trúarkenningar eða guðsdýrkun löglegs trúarbragðafélags, sem er hér á landi, skal sæta sektum eða varðhaldi. Mál skal ekki höfða, nema að fyrirlagi saksóknara.

126. gr.

Hafi maður fengið vitneskju um, að fyrirhugað er eða hafið eitthvert þeirra brota, sem í 86., 87., 89., 91., 98., 99. eða 100. gr. laga þessara getur, eða annað brot, sem lífi eða velferð manna eða mikilvægum þjóðfélagsverðmætum er búin hætta af, og hann reynir ekki af fremsta megi að koma í veg fyrir brotið eða afleiðingar þess, þar á meðal, ef þörf krefur, með því að tilkynna yfirvöldum vitneskju sína, þá skal hann, ef brotið er eftir það framið eða reynt er að fremja það, sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef miklar málsbætur eru fyrir hendi. En hafi hann látið þetta hjá líða sökum þess að hann gat ekki gert það án þess að stofna lífi, heilbrigði eða velferð sjálfs sin eða nánustu vandamanna í hættu, þá skal honum ekki refsað.

127. gr.

Hver, sem ekki sinnir kvaðningu yfirvalds um aðstoð til þess að koma í veg fyrir brot eða annan ófarnað, sem lífi, heilbrigði eða velferð manna er búin hætta af, þótt hann hefði getað veitt aðstoðina án þess að stofna sér eða verulegum hagsmunum í hættu, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum.

XIV. KAFLI

Brot í opinberu starfi.

128. gr.

Ef opinber starfsmaður heimtar, tekur við eða lætur lofa sér eða öðrum gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann á ekki tilkall til, í sambandi við framkvæmd starfa síns, þá skal hann sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

129. gr.

Ef opinber starfsmaður heimtar eða tekur sér eða öðrum til ávinnings við sköttum eða gjöldum, sem gjaldandi skuldar ekki, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum, enda liggi ekki þyngri refsing við verknaðinum eftir öðrum ákvæðum laganna. Vægari refsingu að tiltölu skal beita, ef sökunautur hefir i upphafi tekið við gjaldinu í þeirri trú, að gjaldandinn skuldaði það, en heldur gjaldinu síðan í ávinningsskyni, eftir að hann komst að hinu rétta. Er heimilt að dæma varðhald þegar svo stendur á.

130. gr.

Ef handhafi dómsvalds eða annars opinbers úrskurðarvalds um lögskipti gerist sekur um ranglæti við úrlausn máls eða meðferð þess í því skyni, að niðurstaðan verði ranglát, þá skal hann sæta fangelsi allt að 6 árum.

Hafi verknaðurinn haft eða verið ætlað að hafa i för með sér velferðarmissi fyrir nokkurn mann, þá skal refsingin vera fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum.

131. gr.

Ef dómari eða annar opinber starfsmaður, sem á að halda uppi refsivaldi ríkisins, beitir ólöglegri aðferð til þess að koma manni til játningar eða sagna, framkvæmir ólöglega handtöku, fangelsan eða rannsókn eða leggur að ólögum hald á skjöl eða aðra muni, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

132. gr.

Ef opinber starfsmaður, sem i 130. gr. eða 131. gr. getur, gætir ekki af ásetningi eða stórfelldu gáleysi réttra aðferða við meðferð máls eða úrlausn, handtöku, leit, fangelsan, framkvæmd refsingar eða haldsetningu, eða brýtur aðrar þesskonar reglur, þá skal hann sæta sektum eða varðhaldi, nema brot hans varði þyngri refsingu að lögum.

133. gr.

Ef opinber starfsmaður, sem á að gæta fanga eða annast framkvæmd refsidóma, lætur fanga komast undan, tálmar framkvæmd dóms, hlífir manni við að taka út hegningu eða kemur því til leiðar, að refsing er framkvæmd með öðru og vægara móti en mælt er, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef brot er smáfellt.

134. gr.

Misnoti opinber starfsmaður stöðu sína til þess að neyða mann til að gera eitthvað, þola eitthvað eða láta eitthvað ógert, þá skal hann sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

135. gr.

Ef opinber starfsmaður tekur þátt i embættis- eða sýslunarbroti annars opinbers starfsmanns, sem undir hann er gefinn, eða leitast við að koma honum til að fremja slikt brot, þá skal hann sæta þeirri refsingu, sem við því broti liggur, en þó svo aukinni, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar.

136. gr.

Opinber starfsmaður, sem segir frá nokkru, er leynt á að fara og hann hefir fengið vitneskju um í starfi sínu eða varðar embætti hans eða sýslan, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Hafi hann gert það til þess að afla sér eða öðrum óréttmæts ávinnings, eða noti hann slíka vitneskju í því skyni, má beita fangelsi allt að 3 árum.

Sömu refsingu skal sá sæta, sem látið hefir af opinberu starfi og eftir það segir frá eða misnotar á ofangreindan hátt vitneskju, sem hann hafði fengið í stöðu sinni og leynt á að fara.

137. gr.

Ef opinber starfsmaður, sem hefir póst- eða simamálefni á hendi, rífur heimildarlaust upp, ónýtir eða skýtur undan bréfum eða sendingum, sem afhent eru til flutnings með pósti, eða ónýtir, aflagar eða skýtur undan skeytum, sem veitt hefir verið viðtaka til fyrirgreiðslu, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

138. gr.

Nú hefir opinber starfsmaður gerzt sekur um refsilagabrot með verknaði, sem telja verður misnotkun á stöðu hans, og við því broti er ekki lögð sérstök refsing sem broti í embætti eða sýslan, þá skal hann sæta þeirri refsingu, sem við því broti liggur, en þó svo aukinni, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar.

139. gr.

Hafi opinber starfsmaður, í öðrum tilfellum en lýst er hér að framan, misnotað stöðu sína sér eða öðrum til ávinnings eða til þess að gera nokkuð það, sem hallar réttindum einstakra manna eða hins opinbera, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

140. gr.

Opinber starfsmaður, sem synjar eða af ásettu ráði lætur farast fyrir að gera það, sem honum er boðið á löglegan hátt, sæti sektum eða varðhaldi.

141. gr.

Opinber starfsmaður, sem sekur gerist um stórfellda eða itrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu, skal sæta sektum eða varðhaldi.

XV. KAFLI

Rangur framburður og rangar sakargiftir.

142. gr.

Hver, sem skýrir rangt frá einhverju fyrir rétti eða öðru stjórnvaldi, sem hefir heimild til eiðtöku, skal sæta fangelsi ekki skemur en 3 mánuði og allt að 4 árum.

Hafi röng skýrsla verið staðfest með eiði eða gefin samkvæmt áður unnum eiði, getur refsingin orðið allt að 8 ára fangelsi. Jöfn eiði skal teljast hver sú staðfesting skýrslu, sem að lögum kemur í eiðs stað.

Sé skýrsla aðeins röng í atriðum, sem ekki varða málefni það, sem verið er að upplýsa, má beita varðhaldi eða sektum.

143. gr.

Ekki varðar það sökunaut í opinberu refsimáli refsingu, þó að hann skýri rangt frá málavöxtum. Þeim manni skal ekki heldur refsað, sem rangt hefir skýrt frá atvikum vegna þess að réttar upplýsingar um þau hefðu getað bakað honum refsiábyrgð í slíku máli, eða hann hafði ástæðu til að halda, að svo væri.

Hafi maður borið rangt fyrir rétti eða öðru stjórnvaldi, sem í 142. gr. getur, um atriði, sem honum var óheimilt að skýra frá eða heimilt að neita að gefa skýrslu um, má færa hegningu niður, og hafi eiður ekki verið unninn, jafnvel láta hana falla að öllu leyti niður.

144. gr.

Hafi maður af stórfelldu gáleysi gerzt sekur um verknað, sem refsiverður væri eftir 142. gr. eða 2. mgr. 143. gr., ef um ásetningsverk hefði verið að ræða, þá varðar það sektum eða varðhaldi.

145. gr.

Hafi maður, án þess að brot hans varði við ákvæði 142. gr., gefið opinberu stjórnvaldi ranga yfirlýsingu og boðizt til að vinna eið að henni eða gefið hana að viðlögðum drengskap eða á annan samsvarandi hátt, þar sem slík aðferð er boðin eða heimiluð, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

146. gr.

Ef maður að öðru leyti gefur opinberu stjórnvaldi ranga yfirlýsingu um málefni, sem honum er skylt að gefa upplýsingar um, þá skal hann sæta sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum eða fangelsi allt að 4 mánuðum.

Ákvæði 1. málsgreinar 143. gr. koma hér til greina eftir því, sem við á.

147. gr.

Ef maður annars lætur uppi ranga skriflega yfirlýsingu eða gefur skriflegt vottorð um eitthvað, sem honum er ekki kunnugt um, og það er ætlað til notkunar í dómsmálum, öðrum málefnum, sem varða hið opinbera, eða gerðardómsmálum, þá skal hann sæta sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum eða fangelsi allt að 4 mánuðum.

148. gr.

Hver, sem með rangri kæru, röngum framburði, rangfærslu eða undanskoti gagna, öflun falsgagna eða á annan hátt leitast við að koma því til leiðar, að saklaus maður verði sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 10 árum. Við ákvörðun refsingar skal hafa hliðsjón af því, hversu þung hegning er lögð við broti því, sem sagt er eða gefið til kynna, að viðkomandi hafi drýgt. Hafi með þessu verið framinn verknaður, sem lýst er í 142. gr., skal refsing ekki vera lægri en þar er ákveðið. Hafi brot haft eða verið ætlað að hafa í för með sér velferðarmissi fyrir nokkurn mann, þá skal refsað með fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum.

Ákveða má í dómi, eftir beiðni þess, sem fyrir óréttinum hefir orðið, að niðurstaða dóms og það af forsendum hans, sem dómur telur hæfilegt, skuli birt að opinberri tilhlutan í einu eða fleirum opinberum blöðum eða ritum.

149. gr.

Hver, sem gerist sekur um rangan uppljóstur til yfirvalds um að refsiverður verknaður hafi verið framinn, svo og hver sá, sem ber fram rangar kærur við konung, Alþingi, dómstóla eða yfirvald, skal sæta sektum eða varðhaldi, eða fangelsi allt að einu ári, ef miklar sakir eru.

XVI. KAFLI

Peningafals og önnur brot, er varða gjaldmiðil.

150. gr.

Hver, sem falsar peninga í því skyni að koma þeim í umferð sem ósviknum gjaldeyri, svo og hver sá, sem í sama skyni aflar sér eða öðrum falsaðra peninga, skal sæta fangelsi allt að 12 árum.

Sé fölsun framkvæmd á þann hátt, að skert er efnisverð gjaldgengrar myntar, skal refsingin vera fangelsi allt að 4 árum.

151. gr.

Hver, sem lætur úti peninga, sem hann veit að eru falsaðir, skal sæta sömu refsingu sem hefði hann sjálfur falsað þá. Hafi hann haldið, að peningarnir væru ósviknir þegar hann fékk þá, má beita varðhaldi eða sektum.

152. gr.

Hver, sem lætur úti peninga, sem hann hefir grun um að séu falsaðir, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Hafi hann haldið, að peningarnir væru ósviknir, þegar hann fékk þá, má beita sektum, og jafnvel, ef málsbætur eru, láta refsingu falla niður.

153. gr.

Það varðar sektum að búa til, flytja inn eða dreifa út meðal manna hlutum, sem að gerð og frágangi líkjast mjög peningum eða verðbréfum, sem ætluð eru til þess að ganga manna á milli.

154. gr.

Sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum skal sá sæta, sem án heimildar í lögum býr til, flytur inn eða lætur úti handhafabréf, sem notuð kunna að verða til þess að ganga sem gjaldmiðill manna á milli, hvort heldur almennt eða innan sérstaks flokks manna, eða vænta má, að notuð verði á þann hátt. Ákvæði þessarar greinar taka ekki til erlendra peningaseðla.

XVII. KAFLI

Skjalafals og önnur brot, er varða sýnileg sönnunargögn.

155. gr.

Hver, sem notar falsað skjal til þess að blekkja með því í lögskiptum, skal sæta fangelsi allt að 8 árum. Skal það einkum metið refsingu til þyngingar, ef skjalið er notað sem opinbert skjal, viðskiptabréf eða erfðaskrá.

Hafi aðeins verið um lítilræði að tefla, eða miklar málsbætur eru að öðru leyti, einkum ef fremjandi hefir ekki ætlað að baka öðrum tjón, má beita varðhaldi eða sektum.

156. gr.

Sömu refsingu, sem í 155. gr. getur, skal sá sæta, sem notar skjal með ófalsaðri undirritun, til þess að blekkja með því í lögskiptum, enda hafi útgefandi þess verið gabbaður til að undirrita skjalið í þeirri trú, að það væri annað skjal eða skjal með öðru efni.

157. gr.

Noti maður ófalsað skjal svo sem það varðaði annan mann en þann, sem það á við, eða með öðrum hætti gagnstætt því, sem til var ætlazt, og þetta er gert til þess að blekkja með því í lögskiptum, þá varðar það sektum eða varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

158. gr.

Ef maður tilgreinir eitthvað ranglega í opinberu skjali eða í bók eða í annarskonar skjölum eða bókum, sem honum er skylt að gefa út eða rita, eða maður tilgreinir eitthvað ranglega i skjali eða bók, sem hann gefur út eða heldur í starfi, sem opinbera löggildingu þarf til að rækja, og það er gert til þess að blekkja með því i lögskiptum, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

Sömu refsingu varðar það að nota þess háttar röng gögn í lögskiptum sem væru þau rétt að efni til.

159. gr.

Nú hefir opinber stimpill eða merki, er sönnun skal veita fyrir því, að hlutur sé ósvikinn, eða fyrir uppruna hans, gæðum, tegund eða magni, verið sett á hlut án heimildar eða með fölsun, og skal þá sá, sem notar hlutinn til þess að blekkja aðra með honum í viðskiptum, sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

Sömu refsingu skal sá sæta, sem í sama skyni kemur því til leiðar með svikum, að þess háttar opinber stimpill eða merki sé sett á hluti, sem ekki eru til þess fallnir, eða notar slíka hluti.

Noti maður í sama skyni hluti, sem einkastimpill eða einkamerki hefir ranglega verið sett á, eða annað merki, sem á að segja til einhvers atriðis um hlutinn, sem máli skiptir í viðskiptum manna, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

Refsingu eins og að ofan greinir skal ennfremur sá sæta, sem í því skyni að blekkja í viðskiptum notar hluti, eftir að stimpill, merki eða annað auðkenni, sem löglega hafði verið á hlutinn sett, hefir verið numið burtu eða rangfært.

160. gr.

Ef maður notar í atvinnuvegi sínum röng mælitæki eða vogaráhöld í því skyni að blekkja aðra í viðskiptum, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum eða varðhaldi. Sé sökin stórfelld, og eins ef manni verður slikt á oftar, má þyngja hegningu allt að 6 ára fangelsi.

161. gr.

Hver, sem notar fölsuð póstfrimerki, stimpilmerki eða önnur slik merki, sem notuð eru sem sönnun fyrir greiðslu opinberra gjalda, skal sæta fangelsi allt að 8 árum. Lægri refsingu að tiltölu skal sá sæta, sem notar stimpilmerki eða frímerki, sem áður hefir verið notað, eftir að merkið um notkunina hefir verið numið burtu.

Það varðar sektum að búa til, flytja inn eða dreifa út hlutum, sem að gerð og frágangi líkjast mjög stimpilmerkjum, póstfrimerkjum eða öðrum slikum greiðslumerkjum.

162. gr.

Hver, sem rangfærir sönnunargögn eða kemur fram með röng sönnunargögn í því skyni að hafa áhrif á úrslit dómsmáls, skal sæta fangelsi allt að 2 árum, varðhaldi eða sektum, ef málsbætur eru, enda varði brot ekki þyngri refsingu að lögum.

Hver, sem til þess að halla eða fyrirgera rétti annarra eyðileggur sönnunargagn, kemur því undan eða gerir það ónothæft að öllu eða einhverju leyti, skal sæta fangelsi allt að 2 árum eða varðhaldi.

Nú hefir maður framið verknað þann, sem í 1. eða 2. málsgrein getur, á gögnum, sem kynnu að hafa orðið af atriði um sekt hans i opinberu máli, og er þá það verk refsilaust.

163. gr.

Hver, sem í blekkingarskyni setur ranglega niður, flytur til, nemur á brott, rangfærir eða eyðileggur marksteina eða önnur merki, sem sýna skulu takmörk fasteignaréttinda, þar á meðal vatnsréttinda, skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða varðhaldi, eða sektum, ef brot er smáfellt.

XVIII. KAFLI

Brot, sem hafa í för með sér almannahættu.

164. gr.

Valdi maður eldsvoða, sem hefir í för með sér almannahættu, þá varðar það fangelsi ekki skemur en 6 mánuði.

Refsing skal þó ekki vera lægri en 2 ára fangelsi, hafi sá, er verkið vann, séð fram á, að mönnum mundi vera af því bersýnilegur lífsháski búinn eða eldsvoðinn mundi hafa í för með sér augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna.

165. gr.

Fangelsi skal sá sæta, sem bakar öðrum tjón á lífi, líkama eða eignum, með því að valda sprengingu, útbreiðslu skaðlegra lofttegunda, vatnsflóði, skipreika, járnbrautar-, bifreiðar- eða loftfarsslysi eða óförum annarra slíkra farar- eða flutningatækja.

166. gr.

Hafi verknaður, sem lýst er í 164. eða 165. gr., verið framinn í þeim tilgangi að koma af stað uppreisn, fjöldaránum eða annarri slíkri röskun á þjóðskipulagi eða allsherjarreglu, þá skal beita fangelsisrefsingu, sem ekki sé skemmri en 4 ár.

167. gr.

Ef brot, sem í 164. eða 165. gr. getur, er framið af gáleysi, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

168. gr.

Ef maður raskar öryggi járnbrautarvagna, skipa, loftfara, bifreiða eða annarra slíkra farar- eða flutningatækja, eða umferðaröryggi á alfaraleiðum, án þess að verknaður hans varði við 165. gr., þá skal hann sæta fangelsi allt að 6 árum eða varðhaldi.

Ef brot er framið af gáleysi, þá varðar það sektum eða varðhaldi.

169. gr.

Sá maður skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári, sem lætur hjá liða að gera það, sem í hans valdi stendur, til þess að vara við eða afstýra eldsvoða, sprengingu, útbreiðslu skaðlegra lofttegunda, vatnsflóði, skipreika, öðrum umferðaslysum eða þess háttar óförum, sem mönnum eða miklum verðmætum er búinn háski af, enda hefði hann getað gert það án þess að stofna verulegum hagsmunum sínum eða annarra í hættu.

170. gr.

Hver, sem stofnar lífi manna eða heilsu í hættu með því að valda almennum skorti á drykkjarvatni eða setja skaðleg efni i vatnsból eða vatnsleiðslur, skal sæta fangelsi allt að 12 árum.

Sé brot framið af gáleysi, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári.

171. gr.

Hafi maður eitruð eða önnur hættuleg efni í muni, sem ætlaðir eru til sölu eða almennrar notkunar, þannig að heilbrigði manna sé hætta búin af venjulegri notkun þeirra, þá varðar það fangelsi allt að 10 árum.

Sömu refsingu varðar það, ef slíkir munir, sem spilltir eru og skaðsamlegir heilsu manna í venjulegri notkun, eru látnir sæta meðferð, sem löguð er til að leyna skaðsemi þeirra.

Sömu refsingu varðar það ennfremur að hafa á boðstólum eða vinna á annan

hátt að útbreiðslu muna, sem spilltir eru á framangreindan hátt, ef leynt er þessari skaðsemi þeirra.

Sé brot framið af gáleysi, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

172. gr.

Ef maður, án þess að brot hans varði við 171 gr., hefir á boðstólum eða vinnur að því að útbreiða neyzluvörur, sem vegna skemmda eða af öðrum ástæðum eru hættulegar heilbrigði manna, eða hluti, sem við venjulega notkun eru hættulegir á sama hátt, og hann leynir þessari skaðsemi þeirra, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum, varðhaldi eða sektum, ef málsbætur eru.

Sá brot framið af gáleysi, þá varðar það sektum eða varðhaldi.

173. gr.

Hafi maður á boðstólum eða vinni að því að útbreiða sem læknislyf eða varnarmeðul við sjúkdómum muni, sem hann veit, að ekki eru til þess hæfir, og að notkun þeirra í þessu skyni er hættuleg lífi manna eða heilbrigði, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum eða varðhaldi.

Sé brot framið af gáleysi, varðar það sektum eða varðhaldi.

174. gr.

Ef lífi eða heilbrigði húsdýra er stofnað i hættu á þann hátt, sem í 170.—173. gr. getur, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

175. gr.

Hver, sem veldur hættu á því, að næmur sjúkdómur komi upp eða berist út meðal manna, með því að brjóta gegn lagafyrirmælum um varnir gegn næmum sjúkdómum eða varúðarreglum yfirvalda, sem þar að lúta, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Refsingin getur þó orðið fangelsi allt að 6 árum, ef um sjúkdóm er að ræða, sem hið opinbera hefir gert sérstakar ráðstafanir til að hefta eða afstýra, að berist hingað til lands.

Hver, sem á framangreindan hátt veldur hættu á því, að húsdýra- eða jurtasjúkdómar komi upp eða berist út, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

Sé brot samkvæmt grein þessari framið af gáleysi, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

XIX. KAFLI

Ýms brot á hagsmunum almennings.

176. gr.

Ef maður veldur með ólögmætum verknaði verulegri truflun á rekstri almennra samgöngutækja, opinberum póst-, síma- eða útvarpsrekstri eða rekstri stöðva eða virkjana, sem almenningur fær frá vatn, gas, rafmagn, hita eða aðrar nauðsynjar, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

Sé brot framið af gáleysi, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum.

177. gr.

Hver, sem tekur burtu, ónýtir eða skemmir opinber minnismerki eða hluti, sem ætlaðir eru til almennings nota eða skrauts, eða hluti, sem teljast til opinberra safna eða eru sérstaklega friðaðir, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

178. gr.

Hver, sem í því skyni að blekkja aðra í viðskiptum falsar eða líkir eftir vöru eða hefir slika vöru á boðstólum, skal sæta fangelsi allt að 2 árum, varðhaldi eða sektum.

179. gr.

Sá, sem gerir sig sekan um illa meðferð á dýrum með því að ofbjóða þoli þeirra, með vanhirðu eða á annan hátt, skal sæta sektum eða varðhaldi. Hafi misþyrming átt sér stað, má beita fangelsi allt að 1 ári.

XX. KAFLI

Brot á reglum um framfærslu og atvinnuháttu.

180. gr.

Nú verður vinnufær maður sveit sinni til þyngsla sökum óreglu eða slæpingsskapar, eða hann vanrækir af sömu ástæðum framfærsluskyldu sína gagnvart öðrum, sem við það verða bjargþrota, eða hann fyrir þessar sakir greiðir ekki úrskurðað meðlag með maka sínum, barni eða foreldri, og skal hann þá sæta fangelsi allt að 6 mánuðum, ef hann vill ekki sinna tilhlýðilegri vinnu, sem fátækrastjórn eða lögreglustjóri visar honum á. Ef brot er ítrekað, má refsa með fangelsisvist allt að 1 ári.

181. gr.

Nú þykir lögreglustjóra ástæða til að ætla, að maður hafi ekki ofan af fyrir sér á löglegan hátt, og er hann þá skyldur að skýra frá, af hverju hann hafi framfærslu sína og færa rök að. Ef hann gerir það ekki, eða hann aflar sér framfærslu með ólöglegu móti, svo sem með sölu á bannvöru, fjárhættuspili eða lauslæti eða fær viðurværi sitt frá kvenmanni, sem hefir ofan af fyrir sér með lauslæti, þá skal refsa honum með fangelsi allt að 2 árum, enda liggi ekki þyngri refsing við eftir öðrum lögum.

182. gr.

Nú hefir maður verið dæmdur eftir 180. eða 181. gr. eða oftar en einu sinni fyrir auðgunarbrot, og getur lögreglan þá lagt fyrir hann í næstu 5 ár, eftir að hann hefir lokið við að taka út refsingu, að gefa sig fram á ákveðnum tíma og gefa skýrslu um, hvar hann býr eða dvelst og af hverju hann hafi framfæri sitt. Brjóti hann gegn þessum fyrirmælum lögreglunnar, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 mánuðum.

183. gr.

Sá, sem gerir sér fjárhættuspil eða veðmál að atvinnu eða það að koma öðrum til þátttöku í þeim, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári, ef miklar sakir eru.

Ákveða skal með dómi, hvort vinningi af fjárhættuspili eða veðmáli skuli skilað aftur eða hvort hann skuli gerður upptækur.

184. gr.

Hver, sem aflar sér tekna beint eða óbeint með því að láta fjárhættuspil eða veðmál fara fram í húsnæði, er hann hefir umráð yfir, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

185. gr.

Ef maður í atvinnuskyni beitir blekkingum eða svikum til þess að koma manni til að flytjast af landi brott, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

186. gr.

Nú vinnur maður í heimildarleysi starf, sem opinbert leyfi eða viðurkenningu þarf til að gegna, og skal hann þá sæta sektum eða varðhaldi allt að 1 ári, ef ekki er ákveðin sérstök refsing við brotinu í öðrum lögum.

Nú hefir félagi verið slitið í bráð með yfirvaldsráðstöfun eða til fullnaðar með dómi, og skulu þá þeir, er halda félagsskapnum áfram eða ganga i hann eftir það, sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

187. gr.

Hafi maður fengið opinbert leyfi til einhverrar einkastarfsemi eða atvinnurekstrar, sem ekki er heimilt að stunda án slíks leyfis, og hann brýtur síðan gegn skyldum gagnvart hinu opinbera, sem sliku leyfi eru samfara, þá skal hann sæta sektum eða varðhaldi, ef ekki er ákveðin sérstök refsing við brotinu í öðrum lögum.

XXI. KAFLI

Sifskaparbrot.

188. gr.

Ef kvæntur maður eða gift kona gengur að eiga aðra konu eða annan mann, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum, eða, ef hinum aðiljanum var ókunnugt um fyrra hjónabandið, fangelsi allt að 6 árum.

Sé brot framið af stórfelldu gáleysi, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

Ókvæntur maður eða ógift kona, sem gengur að eiga gifta konu eða kvæntan mann, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

Nú skal hjónaband ekki sæta ógildingu, og má þá dæma sektir eða varðhald eða jafnvel láta refsingu falla niður.

189. gr.

Hver, sem gengur í hjónaband, er ógilda skal vegna skyldleika aðiljanna, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

190. gr.

Holdlegt samræði milli foreldra og barna og milli annarra ættingja i beinan ættlegg varðar foreldra allt að 4 ára fangelsi, og allt að 6 ára fangelsi, sé barnið yngra en 18 ára, og börnin, séu þau eldri en 18 ára, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Holdlegt samræði milli systkina varðar varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Hafi aðili ekki náð 16 ára aldri, má ákveða, að refsing falli niður að því er hann varðar.

191. gr.

Ef nokkur misbýður með stórfelldri vanrækslu eða móðgunum eiginkonu sinni eða eiginmanni, barni sínu eða öðru barni eða ungling undir 18 ára aldri, sem hann hefir til umsjónar eða fósturs, eða manni, sem er skyldur honum eða tengdur i beinan legg upp á við, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Varðhaldi eða sektum skal sá sæta, sem af þverúð vanrækir framfærsluskyldu sína eða skyldu til meðlagsgreiðslu gagnvart nokkrum framangreindra aðilja, sem af því geta orðið bjargþrota.

Ákveða má, að sök samkvæmt grein þessari skuli niður falla, ef sá æskir þess, sem misgert var við.

192. gr.

Hver, sem rangfærir sönnun fyrir faðerni barns eða móðerni með rangri eða ófullnægjandi skýrslu til yfirvalds þess, sem tekur við tilkynningum um fæðingar, skal sæta varðhaldi eða sektum.

Láta má refsingu falla niður, þegar svo ber við, að barn, sem gift kona hefir getið utan hjónabands, hefir verið tilkynnt sem hjónabandsbarn og eiginmaður hennar hefir samþykkt það.

193. gr.

Hver, sem sviptir foreldra eða aðra rétta aðilja valdi eða umsjá yfir barni, sem ósjálfráða er fyrir æsku sakir, eða stuðlar að því, að það komi sér undan slíku valdi eða umsjá, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 16 árum eða æfilangt.

XXII. KAFLI
Skírlífisbrot.

194. gr.

Ef kvenmanni er þröngvað til holdlegs samræðis með ofbeldi eða frelsissviptingu, eða með því að vekja henni ótta um líf, heilbrigði eða velferð hennar sjálfrar eða náinna vandamanna hennar, þá varðar það fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum eða æfilangt.

Sömu refsingu skal sá sæta, sem kemst yfir kvenmann með því að svipta hana sjálfræði sínu.

195. gr.

Hver, sem hefir samræði utan hjónabands við kvenmann, sem er geðveik eða fáviti, eða þannig er ástatt um, að hún getur ekki spornað við samræðinu eða skilið þýðingu þess, skal sæta fangelsi allt að 8 árum.

196. gr.

Ef maður neyðir kvenmann til holdlegs samræðis með því að hóta henni ofbeldi, frelsissviptingu, sakburði um refsiverða eða vansæmandi háttsemi hennar eða öðru verulegu óhagræði, þá skal hann sæta fangelsi allt að 6 árum, enda varði brotið ekki við 194. eða 195. gr.

197. gr.

Ef umsjónarmaður eða starfsmaður i fangelsi, geðveikrahæli, fávitahæli, uppeldisstofnun eða annarri slíkri stofnun hefir samræði við kvenmann, sem komið hefir verið fyrir á hælinu eða stofnuninni, þá varðar það fangelsi allt að 4 árum.

198. gr.

Hver, sem kemst yfir kvenmann utan hjónabands með því að misnota freklega þá aðstöðu sína, að kvenmaðurinn er háður honum fjárhagslega eða í atvinnu sinni, þá varðar það fangelsi allt að 1 ári, eða, sé kvenmaðurinn yngri en 21 árs, allt að 3 árum.

199. gr.

Hver, sem kemst yfir kvenmann vegna þess að hún heldur ranglega, að þau hafi samræði í hjónabandi, eða hún er í þeirri villu, að hún heldur sig hafa samræði við einhvern annan mann, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum.

200. gr.

Hver, sem á samræði við barn, yngra en 14 ára, skal sæta fangelsi allt að 12 árum.

Hver, sem tælir stúlkubarn, sem er á aldursskeiði frá 14—16 ára, til samræðis, skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

201. gr.

Ef maður hefir samræði við stúlku, yngri en 18 ára, sem er kjördóttir hans eða fósturdóttir, eða honum hefir verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum.

202. gr.

Hafi nokkur, þegar svo er ástatt, sem í 194.—201. gr. segir, gerzt sekur um önnur kynferðismök en samræði, þá skal beita vægari hegningu að tiltölu.

203. gr.

Það varðar fangelsi allt að 6 árum að hafa kynferðismök við persónu af sama kyni, þegar atvik að öðru leyti svara til þess, er í 194.—198. gr. og fyrri mgr. 200. gr. segir.

Eigi nokkur kynferðismök við persónu af sama kyni, yngri en 18 ára, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum fyrir þann, sem eldri er en 18 ára. Ákveða má þó, að refsing skuli niður falla, ef báðir aðiljar eru á svipuðu aldurs- og þroskaskeiði.

Hver, sem hefir kynferðismök við persónu af sama kyni á aldrinum 18 til 21 árs, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, ef hann hefir beitt yfirburðum aldurs og reynslu til þess að koma hinum til að taka þátt í mökunum.

204. gr.

Hafi brot samkvæmt 195., 200., 201. eða 203. gr. verið framið í gáleysi um andlegt ástand eða aldur þess, er fyrir broti varð, þá skal beita vægari refsingu að tiltölu, sem þó má ekki fara niður úr lægsta stigi varðhaldsvistar.

205. gr.

Refsing samkvæmt 194.—202. og 204. gr. má falla niður, ef persónur þær, er kynferðismökin hafa gerzt í milli, hafa síðar gengið að eigast, eða, ef þau voru þá í hjónabandi, hafa eftir það tekið upp eða haldið áfram hjúskaparsambúð.

206. gr.

Ef maður stuðlar að því í ávinningsskyni með ginningum, hvatningum eða milligöngu, að aðrir hafi holdlegar samfarir eða önnur kynferðismök, eða gerir sér annars lauslæti annarra að tekjulind, skal hann sæta fangelsi allt að 4 árum.

Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða ungling, yngri en 18 ára, til þess að hafa ofan af fyrir sér með lauslæti.

Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að útflutningi nokkurs manns úr landi í því skyni að hann hafi ofan af fyrir sér erlendis með lauslæti, ef útflytjandinn er yngri en 21 árs eða honum er ókunnugt um þennan tilgang með utanförinni.

207. gr.

Hver, sem hefir kynferðismök við annan mann, sama kyns, fyrir borgun, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

208. gr.

Nú hefir maður, sem sæta skal refsingu eftir 206. eða 207. gr., áður verið dæmdur fyrir brot á þeim greinum eða 181. gr., eða hann hefir áður verið dæmdur til fangelsisvistar fyrir auðgunarbrot, og má þá þyngja refsingu svo, að við hana sé bætt allt að helmingi hennar.

209. gr.

Hver, sem með lostugu athæfi særir blygðunarsemi manna eða er til opinbers hneykslis, skal sæta fangelsi allt að 3 árum, varðhaldi eða sektum.

210. gr.

Ef klám birtist á prenti, skal sá, sem ábyrgð ber á birtingu þess eftir prentlögum, sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Sömu refsingu varðar það að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, útbýta eða dreifa á annan hátt út klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hluf-

um eða hafa þá opinberlega til sýnis, svo og að efna til opinbers fyrirlestrar, eða leiks, sem er ósiðlegur á sama hátt.

Það varðar ennfremur sömu refsingu að láta af hendi við unglinga, yngri en 18 ára, klámrit, klámmyndir eða aðra slíka hluti.

XXIII. KAFLI
Manndráp og líkamsmeiðingar.

211. gr.

Hver, sem sviptir annan mann lífi, skal sæta fangelsi ekki skemur en 5 ár, eða æfilangt.

212. gr.

Ef móðir deyðir barn sitt í fæðingunni eða undir eins og það er fætt, og ætla má, að hún hafi gert það vegna neyðar, ótta um hneisu eða sökum veiklaðs eða ruglaðs hugarástands, sem hún hefir komizt í við fæðinguna, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum.

Ef aðeins er um tilraun að ræða, og barnið hefir ekki beðið neitt tjón, má láta refsingu falla niður.

213. gr.

Hver, sem sviptir annan mann lífi fyrir brýna beiðni hans, skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða varðhaldi ekki skemur en 60 daga.

214. gr.

Ef maður stuðlar að því, að annar maður ræður sér sjálfur bana, þá skal hann sæta varðhaldi eða sektum. Sé það gert í eigingjörnum tilgangi, skal refsa með fangelsi allt að 3 árum.

215. gr.

Ef mannsbani hlýzt af gáleysi annars manns, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

216. gr.

Kvenmaður, sem deyðir fóstur sitt, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Ef sérstaklega ríkar málsbætur eru fyrir hendi, má ákveða, að refsing falli niður. Mál skal ekki höfða, ef 2 ár eru liðin frá því að brot var framið. Ónothæf tilraun er refsilaus.

Hver, sem með samþykki móður deyðir fóstur hennar eða ljær henni lið sitt til fóstureyðingar, skal sæta fangelsi allt að 4 árum. Sé um mikla sök að ræða, einkum ef verknaðurinn er framinn í ávinningsskyni eða hann hefir haft í för með sér dauða eða stórfellt heilsutjón móður, skal beita allt að 8 ára fangelsi. Hafi verkið verið framið án samþykkis móður, skal refsing vera fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 12 árum.

217. gr.

Hver, sem gerist sekur um líkamsárás, enda sé hún ekki svo mikil sem í 218. gr. segir, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

Sókn sakar út af brotum samkvæmt grein þessari eiga þeir, sem misgert var við. Opinber málssókn er þó jafnan heimil.

218. gr.

Hafi maður með vísvitandi líkamsárás valdið öðrum manni tjóni á líkama eða heilbrigði, og þessar afleiðingar árásarinnar verða taldar honum til sakar vegna ásetnings eða gáleysis, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 16 árum eða æfilangt.

219. gr.

Ef tjón á líkama eða heilbrigði, slíkt sem í 218. gr. getur, hlýzt af gáleysi annars manns, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum.

220. gr.

Hver, sem kemur manni í það ástand, að hann er án bjargar, eða yfirgefur mann, sem hann átti að sjá um, í slíku ástandi, skal sæta fangelsi allt að 8 árum.

Hafi móðir yfirgefið barn sitt bjargarvana þegar eftir fæðingu þess, og ætla má, að það sé gert af samskonar ástæðum og í 212. gr. getur, má beita vægari refsingu að tiltölu og jafnvel láta refsingu falla niður, ef barnið hefir ekkert teljanlegt tjón beðið.

Refsingu, sem í 1. mgr. segir, skal sá sæta, sem úthýsir ferðamanni eða segir honum rangt til vegar, enda hefði hann átt að geta séð, að ferðamanninum myndi verða af því háski búinn.

Varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum skal sá sæta, sem í ábataskyni, af gáska eða á annan ófyrirleitinn hátt stofnar lífi eða heilsu annarra i augljósan háska.

221. gr.

Láti maður farast fyrir að koma manni til hjálpar, sem staddur er i lifsháska, þótt hann gæti gert það án þess að stofna lífi eða heilbrigði sjálfs sín eða annarra í háska, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

Sömu hegningu skal sá sæta, sem ekki annast um, að neytt sé þeirra bjargarmeðala, sem fyrir hendi eru, til þess að lifga þá, sem líf kann að leynast með, en líta út eins og dauðir, eða viðhefir ekki þær aðferðir, sem boðnar eru þeim til umönnunar, sem lent hafa í skipreika eða öðrum svipuðum óförum.

222. gr.

Hver, sem vísvitandi eða af gáleysi fær barni, yngra en 15 ára, geðveikum manni, fávita eða ölvuðum manni hættulega muni eða efni í hendur, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum.

223. gr.

Ef maður vanrækir að sjá barnshafandi kvenmanni, sem er á vegum hans, fyrir nauðsynlegri fæðingarhjálp, svo að lífi eða heilbrigði barns eða móður er af því hætta búin, þá varðar það sektum eða varðhaldi.

224. gr.

Ef maður veldur því, að annar maður á það á hættu að sýkjast af kynsjúkdómi, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum. Hafi það orðið af gáleysi, skal beita sektum eða varðhaldi.

XXIV. KAFLI

Brot gegn frjálsræði manna.

225. gr.

Ef maður neyðir annan mann til þess að gera eitthvað, þola eitthvað eða láta hjá liða að gera eitthvað með því að beita líkamlegu ofbeldi eða hóta honum að beita hann eða nána vandamenn hans líkamlegu ofbeldi eða frelsissviptingu eða að hafa upp rangan sakburð um refsiverða eða vansæmandi háttsemi hans eða náinna vandamanna hans, eða annan slíkan sakburð, þótt sannur sé, ef nauðungin á ekki nægilegan rétt á sér sökum þess málefnis, sem hótunin beinist að, eða loks með því að hóta honum að valda verulegum skemmdum eða eyðileggingu á eignum hans, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

226. gr.

Hver, sem sviptir annan mann frelsi sínu, skal sæta fangelsi allt að 4 árum, eða varðhaldi, ef málsbætur eru.

Hafi frelsissvipting verið framin í ávinningsskyni eða verið langvarandi, svo og ef maður hefir verið settur i heimildarleysi á geðveikrahæli, fluttur burt í önnur lönd eða fenginn mönnum á vald, sem ekki eiga neinn rétt á því, þá skal beita fangelsisrefsingu ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum eða æfilangt.

227. gr.

Hafi brot, sem i 2. mgr. 226. gr. getur, verið framið af stórfelldu gáleysi, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

XXV. KAFLI

Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs.

228. gr.

Ef maður hnýsist í bréf, skjöl, dagbækur eða önnur slík gögn, sem hafa að geyma upplýsingar um einkamál annars manns, og hann hefir komizt yfir gögnin með brögðum, opnað bréf, farið i læsta hirzlu eða beitt annarri áþekkri aðferð, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

Sömu refsingu varðar það að ónýta eða skjóta undan einkagögnum þeim, sem nefnd eru i 1. málsgrein.

Sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum skal sá sæta, sem hnýsist í hirzlur annars manns án nægilegra ástæðna.

229. gr.

Hver, sem skýrir opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi, er réttlæti verknaðinn, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 1 ári.

230. gr.

Ef maður, sem hefir eða haft hefir með höndum starf, sem opinbera skipun, leyfi eða viðurkenningu þarf til að ræka, segir frá einhverjum einkamálefnum, sem leynt eiga að fara og hann hefir fengið vitneskju um i starfi sínu, þá varðar það sektum eða varðhaldi. Sömu refsingu varðar einnig samskonar verknaður þeirra manna, sem aðstoðað hafa ofangreinda menn i starfi þeirra.

231. gr.

Ef maður ryðst heimildarlaust inn í hús eða niður í skip annars manns, eða annan honum óheimilan stað, eða synjar að fara þaðan, þegar skorað er á hann að gera það, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum. Þó má beita varðhaldi á hærra stigi eða fangelsi allt að 1 ári, ef miklar sakir eru, svo sem ef sá, sem brot framdi, var vopnaður eða beitti ofbeldi eða hótun um ofbeldi eða brot er framið af fleirum saman.

232. gr.

Ef maður, þrátt fyrir áminningu lögreglunnar, raskar friði annars manns með því að ásækja hann, ofsækja hann með bréfum eða ónáða hann á annan svipaðan hátt, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum.

Hver, sem opinberlega leggur annan mann i einelti með vísvitandi ósönnum skýrslum, sem lagaðar eru til þess að lækka hann í áliti almennings, sæti sektum eða varðhaldi allt að 1 ári.

233. gr.

Hver, sem hefir í frammi hótun um að fremja refsiverðan verknað, og hótunin er til þess fallin að vekja hjá öðrum manni ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína eða annarra, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

234. gr.

Hver, sem meiðir æru annars manns með móðgun í orðum eða athöfnum, og hver, sem ber slíkt út, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 1 ári.

235. gr.

Ef maður dróttar að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða ber slíka aðdróttun út, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 1 ári.

236. gr.

Sé ærumeiðandi aðdróttun höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Sé aðdróttun birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta, þá varðar það refsingu samkvæmt 1. mgr.

237. gr.

Ef aðdróttun er borin fram á ótilhlýðilega móðgandi hátt, má beita refsingu samkvæmt 234. gr., enda þótt sönnur hafi verið á hana færðar.

Þegar refsingar er krafizt samkvæmt þessari grein eingöngu, er ekki heimilt að færa sönnur á aðdróttunina, nema nauðsyn þyki til bera vegna almannahags.

238. gr.

Ekki er heimilt að færa fram í máli út af meiðyrðum sönnur fyrir refsiverðum verknaði, sem sá, er þeirri sök er borinn, hefir verið sýknaður af með fullnaðardómi í opinberu refsimáli hér á landi eða erlendis.

Hafi maður, er sætt hefir refsidómi fyrir einhvern verknað, síðar öðlazt uppreist æru, er ekki heimilt að bera hann framar þeim sökum, og leysir sönnun því ekki undan refsingu, er svo stendur á.

239. gr.

Heimilt er að láta refsingu samkvæmt 234. og 235. gr. falla niður, ef tilefni ærumeiðingar var ótilhlýðilegt hátterni þess manns, sem telur sér misboðið, eða hann hefir goldið líku líkt.

240. gr.

Sé ærumeiðingum beint að dánum manni, þá varðar það sektum eða varðhaldi.

241. gr.

Í meiðyrðamáli má dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk, ef sá krefst þess, sem misgert var við.

Dæma má þann, sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun, til þess að greiða þeim, sem misgert var við, ef hann krefst þess, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans eða forsendna jafnframt, eftir því sem ástæða þykir til, í opinberu blaði eða riti, einu eða fleirum.

242. gr.

Brot þau, sem í þessum kafla getur, skulu sæta ákæru svo sem hér segir:

1. Brot gegn ákvæðum 233. gr. sæta opinberri ákæru.
2. a. Brot gegn ákvæðum 230., 231. og 232. gr. sæta opinberri ákæru eftir kröfu þess manns, sem misgert var við.
   b. Hafi ærumeiðandi aðdróttun verið beint að manni, sem er eða verið hefir opinber starfsmaður, og aðdróttunin varðar að einhverju leyti það starf hans, eða hún myndi, ef sönn væri, baka honum embættis- eða sýslunarmissi, þá skal slíkt brot sæta opinberri ákæru eftir kröfu hans.
   c. Hafi ærumeiðandi aðdróttun verið borin fram skriflega, en annaðhvort nafn-

laust eða með rangri eða tilbúinni undirskrift, skal brotið sæta opinberri ákæru, ef sá krefst þess, sem misgert var við.

3. Mál út af öðrum brotum getur sá einn höfðað, sem misgert er við.

XXVI. KAFLI
Auðgunarbrot.

243. gr.

Fyrir brot þau, er í þessum kafla getur, skal því aðeins refsa, að þau hafi verið framin í auðgunarskyni.

244. gr.

Þjófnaður á fjármunum eða orkuforða varðar fangelsi allt að 6 árum.

Ef þjófnaðarbrot er sérstaklega stórfellt, svo sem vegna verðmætis þess, sem stolið var, eða hvernig hinu stolna eða geymslu þess var háttað, vegna aðferðarinnar, sem höfð var við þjófnaðinn, eða hættu, sem honum var samfara, svo og þegar þjófnaður er framinn af mörgum í sameiningu eða sami maður hefir gerzt sekur um marga þjófnaði, þá skal refsing að jafnaði ekki vera lægri en 3 mánaða fangelsi.

245. gr.

Gripdeild varðar sömu refsingu sem þjófnaður.

246. gr.

Ef maður kastar eign sinni á fundna muni eða muni, sem án aðgerða hans eru komnir í vörzlur hans, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

247. gr.

Dragi maður sér fjármuni eða önnur verðmæti, sem hann hefir í vörzlum sinum, en annar maður er eigandi að, án þess þó að verknaðurinn varði við 246. gr., þá skal hann sæta fangelsi allt að 6 árum.

Hafi maður notað peninga annars manns heimildarlaust í sjálfs sín þarfir, þá skal honum refsað fyrir það samkvæmt 1. mgr., hvort sem honum hefir verið skylt að halda peningunum aðgreindum frá sínu fé eða ekki.

248. gr.

Ef maður kemur öðrum manni til að hafast eitthvað að eða láta eitthvað ógert með því á ólögmætan hátt að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd hans um einhver atvik, og hefir þannig fé af honum eða öðrum, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum.

249. gr.

Ef maður, sem fengið hefir aðstöðu til þess að gera eitthvað, sem annar maður verður bundinn við, eða hefir fjárreiður fyrir aðra á hendi, misnotar þessa aðstöðu sína, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum, og má þyngja refsinguna, ef mjög miklar sakir eru, allt að 6 ára fangelsi.

250. gr.

Fyrir skilasvik skal refsa með allt að 6 ára fangelsi hverjum þeim, sem sekur gerist um eftirgreinda verknaði:

1. Synjar fyrir að hafa tekið við peningaláni eða öðru láni til eignar eða greiðslu, sem endurgjald á að koma fyrir, eða synjar efnda á skyldu með rangri notkun sönnunargagna.
2. Selur, veðsetur, tekur undir sig eða ráðstafar á annan hátt fjármunum sinum,

sem annar maður hefir eignazt þau réttindi yfir, að verknaðurinn verður ekki samrimdur réttindum hans.

3. Hefst nokkuð það að, eftir að bú hans hefir verið tekið til skipta sem þrotabú, eða eftir að tilraunir til nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar á búi hans eru byrjaðar, sem miðar að því, að eigur eða kröfur búsins komi ekki lánardrottnum þess að gagni.
4. Skerðir rétt einhvers lánardrottins sins til þess að öðlast fullnægju af eignum hans með því að gefa rangar upplýsingar, með undanskoti eigna, málamyndagerningum, ótilhlýðilega miklum gjöfum eða mikilli eyðslu, sölu eigna fyrir óhæfilega lágt verð, greiðslu eða tryggingu ógjaldkræfra krafna eða tiltölulega hárra gjaldkræfra krafna, stofnun nýrra skulda, sem að mun rýra efnahag hans, eða með öðrum svipuðum hætti.

Nú hefir verknaður, sem i 4. tölulið getur, verið framinn til þess að draga taum einhvers lánardrottins öðrum til tjóns, og skal þá því aðeins refsa lánardrottninum, að hann hafi komið skuldunaut til að framkvæma ívilnunina á þeim tima, er lánardrottinn sá, að gjaldþrot eða greiðslustöðvun vofði yfir.

Nú hefir brot verið framið, sem lýst er í 4. tölulið, án þess að nokkur sérstaklega tryggður réttur sé skertur eða án þess að árangurslaus aðfarargerð, gjaldþrot eða samningsráðstafanir um nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar hafi á eftir fylgt, og skal þá því aðeins mál höfða, að sá krefjist þess, sem misgert var við.

251. gr.

Hver, sem hefir fé af öðrum með því að hóta manni að beita hann eða nána vandamenn hans líkamlegu ofbeldi, svipta hann eða þá frelsi, eða að hafa upp rangan sakburð um refsiverða eða vansæmandi háttsemi hans eða náinna vandamanna hans, eða annan slikan sakburð, þótt sannur sé, ef nauðungin á ekki nægilegan rétt á sér vegna málefnis þess, er hótunin beinist að, eða loks með því að hóta honum að valda verulegum skemmdum eða eyðileggingu á eignum hans, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

252. gr.

Hver, sem með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað tekur af manni eða neyðir út úr manni fjármuni eða önnur verðmæti, kemur undan hlut, sem verið er að stela, eða neyðir mann til þess að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert, sem hefir í för með sér fjárhagstjón fyrir þann mann eða aðra, skal sæta fangelsi ekki skemur en 6 mánuði og allt að 10 árum. Hafi mjög mikil hætta verið samfara ráninu, getur refsingin þó orðið allt að 16 ára fangelsi.

253. gr.

Hafi maður notað sér bágindi annars manns, einfeldni hans, fákunnáttu eða það, að hann var honum háður, til þess að afla sér með löggerningi hagsmuna eða áskilja sér þá, þannig að bersýnilegur munur sé á hagsmunum þessum og endurgjaldi því, sem fyrir þá kom eða skyldi koma, eða hagsmunir þessir skyldu veittir án endurgjalds, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

254. gr.

Ef maður heldur, án þess að verknaður hans varði við ákvæði 244., 245. eða 247.—252. gr., ólöglega fyrir eigandanum hlut eða öðru verðmæti, sem aflað hefir verið á þann hátt, er í þeim greinum segir, tekur þátt i ávinningnum af sliku broti, aðstoðar annan mann til þess að halda slikum ávinningi eða stuðlar að því á annan hátt, að halda við ólöglegum afleiðingum brotsins, þá skal honum refsað með allt að 4 ára fangelsi. Refsing má þó vera varðhald eða sektir, ef sá, sem fyrir sök er hafður, hafði í upphafi komizt ráðvandlega að verðmætum þeim, er aflað hafði verið með auðgunarbroti.

Nú standa brot þau, er í 1. mgr. segir, í sambandi við verknað, er varðar við 246. eða 253. gr., og skal þá refsað með sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

255. gr.

Nú hefir maður, sem til refsingar skal dæma fyrir eitthvert auðgunarbrota þeirra, sem hér að framan greinir, áður verið dæmdur fyrir auðgunarbrot, og má þá hækka refsinguna um allt að helmingi af þeirri refsingu, sem hann hefði annars hlotið. Hafi hann áður verið dæmdur oftar en einu sinni fyrir auðgunarbrot, þá má refsingin vera tvöfalt þyngri, og þegar svo stendur á, getur refsing fyrir rán orðið æfilangt fangelsi.

256. gr.

Nú hefir eitthvert brot verið framið, sem varðar við 244.—250. gr., 253. eða 254. gr., en einungis er um smáræði að tefla, og má þá, ef sökunautur hefir ekki áður verið dæmdur fyrir auðgunarbrot, færa refsingu niður i varðhald eða sektir, eða jafnvel láta hana falla að öllu leyti niður.

Ef tjón af brotinu nemur ekki yfir 50 krónur, og engin sérstök atvik auka saknæmi þess og sökunautur hefir ekki áður reynzt sekur um auðgunarbrot, skal því aðeins opinbert mál höfðað, að sá krefjist þess, sem misgert var við.

Nú hefir brot, sem í 244.—250. og 254. gr. getur, komið niður á nánum vandamanni, og má þá láta málssókn falla niður, ef vandamaðurinn æskir þess.

XXVII. KAFLI

Ýms brot, er varða fjárréttindi.

257. gr.

Hver, sem ónýtir eða skemmir eigur annars manns eða sviptir hann þeim, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Hafi mikil eignaspjöll verið gerð, eða brot er að öðru leyti sérstaklega stórfellt, eða hafi hinn seki verið áður dæmdur fyrir brot á ákvæðum þessarar greinar eða 164., 165., fyrri mgr. 168., fyrri mgr. 176. eða 177. greinar, þá má beita fangelsi allt að 6 árum.

Ef verknaður, sem lýst er í 2. mgr. hér að ofan, hefir verið framinn af gáleysi, þá varðar það sektum eða varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Mál út af brotum, sem í 1. og 3. mgr. getur, skal því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert var við.

258. gr.

Ef maður kemur í veg fyrir það með spjöllum á eignum sínum eða undanskoti þeirra, að lánardrottnar hans, einn eða fleiri, geti fengið greiðslu af þeim, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

Um málshöfðun út af brotum samkvæmt þessari grein fer eftir sömu reglum sem i síðustu mgr. 250. gr. getur.

259. gr.

Hver, sem heimildarlaust notar hlut annars manns og veldur honum með því tjóni eða verulegum óþægindum, skal sæta sektum eða varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Hver, sem aftrar öðrum manni að neyta réttar síns til umráða yfir hlut, sem hann hefir i vörzlum sínum, eða til þess að halda honum, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Mál út af brotum samkvæmt grein þessari skal því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert er við.

260. gr.

Hver, sem gerist sekur um gertæki, skal sæta sektum. Út af broti þessu skal ekki höfða opinbera málssókn.

261. gr.

Hafi maður drýgt athafnir samskonar þeim, sem í 248.—250. gr. getur, án þess að auðgunartilgangur þyki sannaður, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

262. gr.

Ef bókhaldsskyldur maður lætur hjá líða að halda lögskyldar bækur eða gerist sekur um stórfellda óreglusemi í bókhaldinu, þá varðar það sektum eða varðhaldi.

263. gr.

Ef maður kaupir eða tekur við hlutum, sem fengnir hafa verið með auðgunarglæp, og hann hefir við móttökuna eða kaupin sýnt af sér stórfellt gáleysi, þá varðar það sektum eða varðhaldi. Ef brot er ítrekað, eða hafi sökunautur áður gerzt sekur um auðgunarbrot, þá má beita fangelsi allt að 6 mánuðum.

XXVIII. KAFLI

Ákvæði um bætur, brottfall erfðaréttar o. fl.

264. gr.

Nú á maður að lögum að svara bótum fyrir spjöll á líkama eða frelsi annars manns, eða maður hefir reynzt sekur um refsiverða meingerð gegn persónu, friði eða æru annars manns eða aðra meingerð, sem telja má drýgða af illfýsi, og má þá dæma hann til að greiða þeim, sem misgert er við, auk bóta fyrir fjártjón, ef því er að skipta, fégjald fyrir þjáningar, hneisu, óþægindi, lýti og óprýði, svo og fyrir röskun á stöðu eða högum.

Dæma má þann, sem ábyrgð ber að lögum á dauða annars manns, til að greiða þeim, sem við það hefir misst framfæranda, bætur fyrir tjón það, er ætla má, að af því leiði fyrir hann. Ákveða má bæturnar með tiltekinni fjárhæð i eitt skipti fyrir öll eða með fjárframlögum, sem greiðist á tilteknum tímum, og skal þá jafnframt ákveða, hvort trygging skuli sett fyrir greiðslu þeirra. Þegar svo stendur á, sem í þessari málsgrein segir, má einnig dæma bætur fyrir röskun á stöðu og högum.

Krafa um bætur fyrir annað tjón en fjártjón gengur i erfð, hafi hún verið viðurkennd, einkamál verið höfðað til heimtu hennar eða viðurkenningar eða hún hefir verið gerð fyrir dómi i opinberu máli eða komið fram í málshöfðunarskipun eða stefnu. Ekki má framselja slíka kröfu, nema hún sé viðurkennd eða dæmd.

265. gr.

Nú sviptir maður eða reynir að svipta annan mann lifi, svo að refsivert sé eftir 211. gr., gerist sekur gagnvart honum á þann hátt, sem lýst er í 220. eða 221. gr., enda hafi það dauða hans í för með sér, eða veldur dauða hans af gáleysi með líkamsárás, svo að refsivert sé eftir 217. eða 218. sbr. 215. gr., og glatar þá sökunautur rétti sjálfum sér til handa til þess arfs, er háður var dauða hins.

Hafi maður vísvitandi í frammi ofbeldi við foreldri sitt eða annan ættingja í beinan legg upp á við, heitist við hann eða hóti honum óförum, eftir því, sem í 66. eða 233. gr. segir, meiði mjög æru hans eða gerist sekur við hann um aðrar stórfelldar mótgerðir, svo að refsivert sé, þá má dæma hann í opinberu máli til þess að hafa fyrirgert erfðarétti sínum eftir þann mann, sem fyrir misgerðinni varð, ef hann krefst þess.

Nú hefir maður fyrirgert erfðarétti með framangreindum hætti, og má þá veita honum erfðaréttinn aftur að öllu eða nokkru leyti með erfðaskrá.

266. gr.

Hafi fangi, sem ekki er að taka út refsingu, eða fangi, sem afplánar dagsektir eða meðlagsgreiðslur, gerzt sekur um agabrot, má ákveða honum sömu viðurlög og mælt er í 47. gr. um varðhaldsfanga, eftir því, sem nánar skal ákveðið í konunglegri tilskipun. Þó mega þau viðurlög ekki hafa í för með sér lenging fangelsisvistarinnar.

Beita má ákvæðum 48. gr. um slika fanga eftir því, sem við á.

267. gr.

Nú hefir barn framið brot, áður en það varð 15 ára gamalt, og skal þá lögreglustjóri í samráði við barnaverndarnefnd (skólanefnd) beita hæfilegum uppeldis- og öryggisráðstöfunum. Ef nauðsyn ber til af þessum sökum að svipta mann foreldravaldi yfir barni, getur dómsmálaráðherra gert það, og getur hann einnig tekið ákvörðun um það, að forsjá barns skuli falin öðrum. Mega þær ráðstafanir haldast til 18 ára aldurs.

XXIX. KAFLI

Um gildistöku laganna o. fl.

268. gr.

Nú er heimilað að dæma í refsivist eftir lögum, sem ekki eru felld úr gildi með þessum lögum, og skal þá breyta tegundum refsivistar sem hér segir:

Fyrir fangelsi, án nánari tilgreiningar, og fyrir fangelsi við venjulegt fangaviðurværi kemur varðhald eða fangelsi allt að 2 árum.

Fyrir einfalt fangelsi kemur varðhald.

Fyrir fangelsi við vatn og brauð kemur fangelsi um fjórum sinnum lengri tíma, þó ekki skemur en 12 daga.

Fyrir hegningarvinnu kemur fangelsi um jafnlangan tíma.

269. gr.

Nú er í eldri löggjöf skirskotað til ákvæðis í lögum, sem felld eru úr gildi með lögum þessum, og skal þá líta svo á, að skirskotunin eigi við þá reglu þessara laga, sem skyldust er nefndu ákvæði.

270. gr.

Nú á maður eftir, þegar lög þessi taka gildi, að þola refsivist samkvæmt refsiákvörðun, er gerð hefir verið fyrir gildistöku laganna, og skal dómsmálaráðherra þá breyta refsitegundinni eftir reglum þeim, sem í 267. gr. segir. Maður, sem dæmdur hefir verið til hegningarvinnu, skal fá styttingu refsitíma eftir því, sem mælt er í 14. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákvörðun dómsmálaráðherra samkvæmt grein þessari má skjóta til hæstaréttar eftir reglum um kæru í opinberum málum.

271. gr.

Meðan ekki er til sérstök varðhaldsstofnun, má láta varðhaldsfanga taka út refsingu í sömu fangelsisstofnun og fanga þá, sem í fangelsisvist hafa verið dæmdir. Þó skal halda varðhaldsföngum aðgreindum frá öðrum föngum eftir því, sem kostur er á.

272. gr.

Lög þessi öðlast gildi sex mánuðum eftir að þau hafa hlotið staðfestingu konungs.

273. gr.

Frá því, er lög þessi koma til framkvæmda, falla eftirfarandi lagaákvæði úr gildi:

N. L. 5.—2.—75.

Almenn hegningarlög handa Íslandi 25. júní 1869.

Tilsk. 12. marz 1870, um uppreist á æru o. fl.

Tilsk. 5. jan. 1874, um hegningarvald það, sem stjórn hegningarhússins á Íslandi hefir.

Lög nr. 19 4. nóv. 1887, um aðför, 38. gr.

Lög nr. 14 9. ágúst 1889, um bann gegn eftirstæling peninga og peningaseðla o. fl.

Lög nr. 16 18. sept. 1891, um bann gegn eftirstæling frímerkja og annarra póstgjaldsmiða.

Lög nr. 21 6. nóv. 1897, um uppreist á æru án konungsúrskurðar.

Lög nr. 41 8. nóv. 1901, um bann gegn verðmerkjum og vöruseðlum.

Lög nr. 16 20. okt. 1905, um hegning fyrir tilverknað, er stofnar hlutleysisstöðu ríkisins í hættu.

Lög nr. 39 16. nóv. 1907, um skilorðsbundna hegningardóma og hegningu barna og unglinga.

Lög nr. 34 3. nóv. 1915, um dýraverndun, 1. gr.

Lög nr. 6 4. júní 1924, um breyting á 182. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Lög nr. 13 8. júní 1925, um sektir.

Lög nr. 51 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Lög nr. 4 13. maí 1929, um viðauka og breyting á lögum nr. 13 frá 8. júní 1925, um sektir.

Lög nr. 57 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 51 7. maí 1928.

Loks eru öll önnur eldri lagafyrirmæli úr gildi felld, er brjóta í bág við lög þessi.

Greinargerð.

Íslenzk refsilöggjöf hefir að undanförnu greinzt í tvo aðalþáttu: almenn hegningarlög og sérstök. Til fyrra flokksins teljast hin almennu hegningarlög frá 25. júní 1869 með þeim breytingum, er á þeim hafa gerðar verið, og viðaukum við þau, sem í lög hafa verið teknir. Má þar einkum til nefna lög nr. 16 20. okt. 1905, um hegningu fyrir tilverknað, er stofnar hlutleysisstöðu rikisins i hættu, lög nr. 39 16. nóv. 1907, um skilorðsbundna hegningardóma og hegningu barna og unglinga, lög nr. 34 3. nóv. 1915, um dýraverndun, er komu i stað 299. gr. alm. hegnl. 1869, lög nr. 6 4. júní 1924, um breyting á 182. gr. alm. hegnl. 1869, lög nr. 51 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, og lög nr. 57 19. júní 1933, um breytingu á síðastnefndum lögum. Ennfremur eru ýmsir viðaukar við alm. hegnl. 1869 i því fólgnir, að í nýrri lögum er ákveðið, að refsað skuli fyrir brot, sem þar eru greind, eftir tilteknum greinum hegnl. 1869 eða viðauka þeirra. Öllum brotum samkvæmt almennum hegningarlögum er sameiginlegt, að til þeirra taka beint hin almennu ákvæði 1.—8. kap. hegnl. 1869.

Refsiverð brot önnur en að ofan greinir teljast til sérstakra refsilaga. Að vísu kann stundum að leika vafi á því, hvort telja skuli tiltekið refsifyrirmæli til sérstakra refsilaga eða viðauka við hegnl. 1869, og skiptir úrlausn þess einkum máli um það, hvort ofangreind almenn ákvæði hegnl. 1869 taki beint til brotsins. Hinsvegar hefir verið talið, að ýmsum almennum ákvæðum hegnl. 1869 megi beita með lögjöfnun um brot samkvæmt sérstökum refsilögum.

Í íslenzkri löggjöf er fjöldi refsiákvæða, er teljast til sérstakra refsilaga. Má þar til nefna refsifyrirmæli áfengislaga, bifreiðalaga, skattalaga, friðunarlaga, ýmissar atvinnulöggjafar, réttarfarslaga, lögreglusamþykkta, byggingarsamþykkta o. s. frv. Yfirleitt er svo, að almennu refsilögin hafa verið látin ná til hinna stærri misgerða, en refsiákvæði um smærri brot og yfirsjónir eru sett í sérstökum refsilög-

um. Er þetta þó alls ekki undantekningarlaus regla, enda verður enginn eðlismunur fundinn á brotum þeim, sem refsiverð eru eftir almennum refsilögum, og hinum, er refsa skal fyrir samkvæmt sérstökum refsilögum.

Hin almennu hegningarlög frá 25. júní 1869 eru vel og skilmerkilega samin og voru á sínum tíma mikilvæg réttarbót á sínu sviði. En á þeim 70 árum, sem þau hafa í gildi verið, hefir almenn refsifræði tekið miklum stakkaskiptum og á íslenzkum þjóðarhögum hafa orðið mikilvægar og margvíslegar breytingar. Er því ekki að undra, þótt annarsvegar séu ýmis ákvæði laganna úrelt orðin og ættu brott að falla, og lögin taki hinsvegar ekki til ýmissa athafna, sem nú eru taldar eiga að vera refsiverðar. Úr þessum annmörkum er frv. þessu ætlað að bæta, ef að lögum verður. Hér á að vera heildarsafn almennra reglna um refsiverð brot, sbr. I.—IX. kafla frv., og tilgreining þeirra brota, sem rétt þykir að tekin séu í almenn hegningarlög, og viðurlög við þeim. Þó eru látin haldast ýmis fyrirmæli laga, þar sem refsing er lögð við tilteknum verknaði og skirskotað til ákveðinna greina í hegnl. 1869 eða viðaukum við þau. Skal þá líta svo á, að skírskotunin eigi við þá reglu frv. þessa, sem skyldust er nefndu ákvæði hegnl. 1869, sbr. 269. gr. frv.

Í frv. þessu er gerð sú breyting á reglum þeim, sem til þessa hafa gilt, að hin almennu ákvæði I.—IX. kafla frv. ná beint til allra brota, sem refsiverð eru, hvort heldur eftir almennum eða sérstökum refsilögum, þó að undanteknum ákvæðum 18.—23. gr., 56. gr. að því er varðar sektir samkvæmt sérstökum refsilögum, svo og 81. gr. Þau ákvæði ná ekki beint til annara brota en í frv. greinir, en þó verður ekki talið óheimilt að beita þeim með lögjöfnun um brot samkvæmt sérstökum refsilögum, þegar skilyrði til lögjöfnunar eru fyrir hendi.

Í frv. eru nokkur ákvæði um aðrar afleiðingar refsiverðs verknaðar en refsingu, sbr. 9. gr. um framsal sakamanna, ákvæði 55. og 266. gr. um fanga, er afplána dagsektir eða meðlagsgreiðslur, ákvæði VII. kafla (62.—69. gr.) um ýmsar öryggisráðstafanir, sviptingu borgararéttinda og upptöku eigna, 84. og 85. gr. um uppreist æru, ákvæði 241. gr. um ómerkingu meiðyrða og birtingu dóms í meiðyrðamáli og loks ákvæði XXVIII. kafla (264., 265. og 267. gr.) um miskabætur, brottfall erfðaréttar og ráðstafanir á börnum undir 15 ára aldri, er brot hafa framið.

Áður rætt verði um einstaka kafla og greinar frv. þessa, þykir rétt að gera í stuttu máli grein fyrir helztu sjónarmiðum við samningu þess.

Refsing er ein þeirra aðferða, sem þjóðfélagið hefir til þess að verjast réttarbrotum. Markmið refsingar er fyrst og fremst verndun almenns réttaröryggis og viðhald lögbundins þjóðskipulags. En auk þess fullnægir refsing réttlætistilfinningu almennings, er ekki sættir sig við það, að menn skerði órefsað mikilvæg réttindi annarra. Það mun ekki dregið í efa, að refsing eigi rétt á sér vegna þessa tilgangs, þar eð víst má telja, að aðrar vægari aðferðir mundu ekki verða að gagni. En nú er refsing böl, bæði þeim, er henni sætir, og ýmsum öðrum einstaklingum, einkum vandamönnum afbrotamannsins, og loks þjóðfélaginu í heild, þó að hún sé því nauðsynlegt böl. Af því leiðir, að refsingu ber ekki að beita, nema nauðsyn krefji og ætla megi, að hún nái tilgangi sínum. Ýmsum réttarbrotum er þannig háttað, að önnur og vægari viðurlög en refsing eru til þess fallin að afstýra þeim. Má þar til nefna skaðabótaskyldu þess, er tjóni veldur með samningsrofi. Hún á að vera mönnum nægilegt aðhald til að halda gerða samninga, og telst því ekki rétt að leggja refsingu við samningsrofum yfirleitt. Sama er um það, ef menn skemma eignir annarra manna í gáleysi, nema mikil eignaspjöll hafi gerð verið, sbr. 257. gr. frv. Mætti nefna ýmis fleiri dæmi þessa, þar sem ekki er um mikilvæga hagsmuni að ræða.

Sú siðaskoðun alls almennings, að virða beri lögvarða hagsmuni annarra manna, er öllum refsingum drýgri til að aftra réttarbrotum. En vitundin um refsiviðurlög við ákveðnum verknaði mun einnig hafa áhrif á gerðir manna í sömu átt, þótt þau áhrif verði hvorki mæld né vegin. Refsisetningin styrkir og oft þá skoðun, að siðferðislega rangt sé að fremja verknað þann, sem refsingu á að

varða. Þá er refsingunni einnig ætlað að hafa áhrif á þann einstakling sjálfan, sem henni sætir, og koma í veg fyrir, að hann fremji brot að nýju, vegna ótta við nýja og oft aukna refsingu. Hinsvegar verður ekki ætlað, að refsing sé til þess fallin að betra hugarfar þess, sem fyrir henni verður. Hún er, eins og áður segir, nauðsynleg neyðarráðstöfun, en til þess að ala upp sanna löghlýðni munu aðrar aðferðir betri.

Við setningu nýrra hegningarlaga er mjög mikilvægt atriði, hvaða refsingum eigi að beita. Með refsingu eru skertir einhverjir hagsmunir sökunauts. Almennar refsingar verða því að beinast að hagsmunum, er sameiginlegir séu sem flestum mönnum. M. a. vegna þessa hefir líkamsrefsingum mjög verið beitt að fornu og sumstaðar enn að nýju. Með hegningarlögunum frá 1869 voru líkamsrefsingar að mestu felldar niður hér á landi, og líflátsrefsing var úr lögum numin árið 1928. Í þessu frv. eru engar líkamsrefsingar heimilaðar.

Hegnl. 1869 höfðu meðal refsinga sviptingu embættis, sýslunar eða kosningarréttar. Réttara þykir nú að ákveða sviptingu embættis eða sýslunar sem afleiðingu refsiverðs verknaðar, þegar sökunautur telst ekki lengur verður eða hæfur að gegna slíkum starfa, sbr. 68. gr. frv., og sviptingu kosningarréttar, þegar broti er þannig varið, að sökunautur telst ekki lengur hafa óflekkað mannorð, sbr. nefnda 68. gr. og 28. gr. stjskr.

Í frv. þessu eru aðeins heimilaðar tvær tegundir refsinga: fjársektir og refsivist, og er framkvæmd þeirra á nokkuð annan veg en samkvæmt hegnl. 1869. Heimilað er nú að innheimta sektir með fjárnámi, nema greiðsla hennar hafi í för með sér tilfinnanlega röskun á högum sökunauts eða manna, sem hann framfærir. Ber endanlegt mat á því undir dómstóla, sbr. 52. gr. frv. Greiðist sekt ekki, skal hún afplánuð með refsivist, svo sem verið hefir.

Refsivist greinist samkvæmt frv. aðeins í tvennt: varðhald og fangelsi. Gert er ráð fyrir, að til fangelsisvistar sé dæmt fyrir meiri háttar afbrot, og að þeirri refsivist sæti einnig þeir menn, sem óheppilegt má telja, að umgangist varðhaldsfanga, t. d. þeir, sem áður hafa setið í fangelsi, þótt síðar framið brot hafi verið smávægilegt. Í varðhald skal hinsvegar yfirleitt dæma fyrir smáfelld brot, en þó með áðurgreindri undantekningu, sbr. heimildina i síðustu mgr. 44. gr. frv. Hér á landi getur aðgreining fanga aldrei orðið eins margbreytt og hjá hinum stærri þjóðum, en nefnd greining varðhaldsfanga frá öðrum föngum er tvímælalaust nauðsynleg.

Ákveðið er, að vinnuskylda fylgi allri refsivist. Varðhaldsföngum er þó heimilað að leggja sér sjálfir til verkefni, ef það samrímist öryggi og góðri reglu. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því, að vinna fanga verði um vinnutima og annað fyrirkomulag svipuð venjulegu starfi vinnandi fólks til sjávar og sveita. Ómannúðlegri hörku ber ekki að beita við vinnuna, en sé hún aftur á móti höfð léttari en venja er um dagleg vinnustörf, mundi það geta dregið úr áhrifum refsingarinnar.

Almennu hegningarlögin dönsku frá 15. apríl 1930 hafa að miklu leyti verið höfð til fyrirmyndar við samningu frv. þessa, en hliðsjón einnig höfð af ýmissi annarri refsilöggjöf erlendri og frumvörpum til refsilaga. Svo hefir og að sjálfsögðu jafnan verið haft fyrir augum, hvað henta myndi bezt hér á landi.

Um I. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um refsiheimildir, gildissvið islenzkrar refsilöggjafar að því er tekur til þess, hvar, hvenær og af hverjum brot er framið, og önnur skyld ákvæði. Loks eru reglur um framsal sakamanna til annarra ríkja, en ákvæði um það efni hefir til þessa skort í íslenzk lög.

Ákvæði þessa kafla ná til allra refsiverðra brota samkvæmt íslenzkri löggjöf, hvort heldur eftir þessum lögum eða öðrum.

Um 1. gr.

Hér er í upphafi frv. sett sú almenna regla, er að vísu hefir áður verið viðurkennd af dómstólum, að refsingu verði því aðeins beitt, að heimild sé til þess i lögum. Er þá átt við lög i þrengri (stjórnlagafræðilegri) merkingu, gagnstætt venjurétti, grundvallarreglum laga og fyrirmælum framkvæmdarvaldsins, hvort heldur sérstökum eða almennum. Ákvæðið er þó ekki til fyrirstöðu því, að refsiákvæði séu sett í reglugerðir eða tilskipanir, er framkvæmdarvaldið setur, ef það er gert samkvæmt heimild i lögum, og refsiákvæðin eru ekki víðtækari en lögin leyfa.

Þá er ákveðið, að refsa megi fyrir hegðun, þótt ekki séu bein ákvæði um refsingu við henni í lögum, ef fullkomin lögjöfnun er fyrir hendi. Samsvarandi regla er í 1. gr. hegnl. 1869 að því er þau lög snertir, en talið hefir verið, að beita hafi mátt frjálsri lögjöfnun frá refsiákvæðum annarra laga til fjölgunar refsiverðum athöfnum. Nú verður einnig þar að beita fullkominni lögjöfnun, og má telja aukið réttaröryggi að því.

Með orðunum **háttsemi** og **hegðun** er gefið til kynna, að ákvæði greinarinnar eigi bæði við um refsiverðan verknað og refsivert athafnaleysi. Til varúðar skal það þó tekið fram, að þar sem annarsstaðar í lögunum kann að vera talað um refsiverðan verknað, er einnig átt við refsivert athafnaleysi, nema annað sé berum orðum ákveðið.

Ákvæðum greinarinnar um refsiheimildir ber að beita um öll atvik, sem eru skilyrði fyrir refsingu eða refsing byggist á, þar á meðal um ákvæði annarra greina þessa kafla. Að sjálfsögðu er ekkert því til fyrirstöðu, að ákvæðið um fullkomna lögjöfnun verði einnig látið ná til atvika, sem valdið geta þyngri eða aukinni refsingu að lögum.

Um 2. gr.

Í þessari grein er ákveðið, hvaða áhrif það eigi að hafa á refsinguna, ef hegningarlöggjöf breytist frá þeim tíma, er verknaður var framinn, til þess er refsingu hefir verið fullnægt að öllu leyti.

Þar eð gera verður ráð fyrir því, að nýrri löggjöf sé haganlegri en eldri og í meira samræmi við rikjandi skoðanir á refsiverðleika verknaðar og refsiþörf, þá er ákveðið hér, að yngri lögin skuli leggja til grundvallar og dæma eftir þeim, enda þótt brot hafi verið framið i gildistíð eldri laga. Sbr. hinsvegar 308. gr. alm. hegnl. 1869, þar sem aðalreglan er sú, að dæma skal eftir eldri lögunum, er svo stendur á. Þó eru í greininni gerðar þær mikilvægu undantekningar frá því, að nýrri lögunum skuli beita, að aldrei má refsa fyrir verknað, sem var refsilaus að lögum á þeim tíma, sem hann var framinn, og að aldrei má beita þyngri refsingu en orðið hefði eftir lögum þeim, sem giltu, þegar brot var drýgt. Sé refsing fallin niður samkvæmt öðrumhvorum lögunum, verður hún ekki dæmd. Sé refsing ekki fallin niður, ber að tiltaka hana eftir eldri lögunum, ef hún hefði orðið vægari eftir þeim en hinum yngri, ella ber að dæma refsinguna eftir yngri lögunum. Þess verður að gæta þegar metið er, hvort refsing er brott fallin eða eftir hvorum lögunum hún verður vægari, að þá verður að bera brotið undir hvor lögin um sig sérstætt, og gæta þá allra ástæðna, sem áhrif geta á það haft, án þess að nokkur regla eldri laganna sé notuð um yngri lögin eða gagnstætt. Lög, sem kunna að hafa verið sett, eftir að verknaður var framinn, og síðan hafa fallið úr gildi, áður en dómur gengur, koma ekki til álita í því sambandi, er hér getur.

Þegar svo stendur á, að ástæðan til þess, að refsifyrirmæli laga hefir fallið niður, varðar ekki mat eða álit löggjafans á refsinæmi verknaðar, skal refsa eftir lögum þeim, sem i gildi voru, þegar verknaður var framinn. Sem dæmi má nefna það, að refsifyrirmæli sérstakra sóttvarnarlaga hafa verið felld niður vegna þess að sótthættan er ekki lengur fyrir hendi, vara, sem áður var tollskyld, er það ekki lengur, o. s. frv. Brottfall slíkra laga ber ekki vitni um það, að löggjafinn ætlist til, að brot á ákvæðum laganna, sem framin voru í gildistíð þeirra, eigi að vera refsilaus.

Í 2. mgr. eru ákvæði um áhrif þess, að refsinæmi verknaðar hefir brott fallið, eftir að refsing hefir verið dæmd fyrir slikt brot, en áður en hún hefir að fullu verið framkvæmd. Þykir þá rétt, að refsing, eða það af henni, sem ófullnægt er, falli niður, nema svo standi á brottfalli refsinæmisins, sem segir i síðasta málslið fyrri mgr. þessarar greinar. Er þá og rétt, að dómfelldi eigi þess kost að bera undir dómstóla, hvort refsing hans skuli brott falla. Önnur áhrif þess, að verknaðurinn var refsiverður eftir eldri lögum, svo sem missir kosningarréttar eða annarra borgararéttinda, brottvisun úr landi o. s. frv., eiga þá einnig að falla niður. Þó verður að telja rétt, að dómfelldi greiði sakarkostnað, þar eð hann hafði með verknaði, sem á sínum tima var refsiverður, valdið kostnaðinum. Önnur réttaráhrif verknaðarins, sem ekki eru háð refsinæminu, t. d. skaðabótaskylda, haldast að sjálfsögðu, þótt refsing falli niður samkvæmt ákvæðum 2. mgr.

Um 3. gr.

Ákvæði greinarinnar er í samræmi við 309. gr. hegnl. 1869 að því viðbættu, að það nær til allrar refsilöggjafarinnar, og að einnig er ákveðið, að það nái til annarra viðurlaga, sem ítrekun kann að hafa í för með sér, en refsingar. Leggja verður hinn eldri dóm eða refsiákvörðun til grundvallar eftir orðan sinni, þannig að t. d. dómur fyrir þjófnað eftir eldri lögum hefir itrekunaráhrif á nýjan þjófnaðardóm, þótt verknaður sá, sem fyrir var dæmt i eldra málinu og þá taldist til þjófnaðar, sé eftir yngri lögunum talinn annað brot eða e. t. v. refsilaus.

Um 4. gr.

Sérhvert fullvalda riki er talið bært um að ákveða sjálft gildissvið refsilaga sinna að því er varðar þau atriði, hvar, af hverjum og gegn hverjum brot var framið. Þó er rétt að taka tillit til annarra ríkja við lagasetningu á þessu sviði, en þjóðréttarreglur munu vera óglöggar um það efni. Nauðsyn á réttaröryggi i landinu og verndun íslenzkra hagsmuna annarsvegar og tillit til erlendra ríkja hinsvegar verður einkum að ráða því, til hvaða afbrota íslenzkt refsivald skuli ná.

Í þessari grein er sett sú aðalregla, að refsa skuli hér fyrir öll brot, sem framin eru innan islenzka rikisins, þ. e. á landi, i landhelgi og í lofthelgi. Þessi regla gildir nú samkvæmt 2. gr. hegnl. 1869 og leiðir beint af þeirri nauðsyn, að uppi sé haldið lögum og rétti innan landamæra rikisins. Ekki skiptir hér máli almennt, hvort brot er framið af íslenzkum eða erlendum rikisborgara, né hvort það beinist gegn islenzkum eða erlendum hagsmunum. Þó þykir rétt að hafa ákvæði um það, að rannsókn og málshöfðun fari aðeins fram að boði dómsmálaráðherra, er brot er framið af starfsmanni eða farþega erlends skips eða loftfars, sem hér er á ferð, gegn manni, sem með farinu fylgist, eða hagsmunum, sem eru bundnir við farið, þótt þeir séu ekki eign manns, sem með því fylgist. Rannsókn og málshöfðun yrði oft erfitt að koma við hér, nema með stöðvun skipsins eða loftfarsins, en liklegt, að brotið verði rannsakað og dæmt i heimaríki farsins. Ákvæðið er ekki því til fyrirstöðu, að lögregluráðstafanir séu gerðar til að halda ástandi óbreyttu, unz búið væri að leita fyrirmæla dómsmálaráðherra.

2. töluliður samsvarar 3. gr. hegnl. 1869, en nokkrar breytingar eru þó gerðar. Látin er gilda i þessu sambandi sama regla um loftför og skip. Undantekningin í siðari málslið er miðuð við það, að fyrir brot annarra en þargreindra manna myndi verða refsað í viðkomandi riki og því óþarft að draga þau brot undir íslenzkt refsivald.

Um 5. gr.

Hvort refsa skuli hér á landi samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, fer eftir því, hvort sökunautur er íslenzkur rikisborgari eða búsettur hér, þegar mál er höfðað, sbr. „hafa framið“. Liggur því ekki eingöngu til grundvallar ákvæðum greinarinnar, að rofin hafi verið hlýðnisskylda við íslenzk lög. Það myndi og oft

heppilegra fyrir sakborninga sjálfa, sem búsettir væru hér, að þola hér refsingu, heldur en að verða framseldir erlendu ríki til refsingar. Sé um íslenzkan ríkisborgara að ræða, myndi hann og ekki verða framseldur, og því ekki annað fyrir hendi en að hann yrði að sæta hér þeirri refsingu, sem hann kynni að hafa unnið til með verknaði erlendis. Þó verður að setja það skilyrði, að verkið hafi verið refsivert samkvæmt þeim lögum, er sökunautur átti við að búa, er hann framdi það, og lúta ákvæði 1. og 2. töluliðs einnig að því.

Um 6. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um verndun íslenzkra hagsmuna gegn verknaði, sem framinn er erlendis, hvort heldur af íslenzkum eða erlendum mönnum. Ákvæði þessi eru víðtækari en samsvarandi ákvæði 5. gr. hegnl. 1869, því sú grein náði — með einni undantekningu — aðeins til íslenzkra þegna. Auk þess eru fleiri afbrot talin í þessari grein en í 5. gr. hegnl. 1869.

Í 1. tölulið eru fyrst nefnd brot samkvæmt X. og XI. kafla frv. og brot á embættis- eða sýslunarskyldum. Þá eru einnig í þessum lið tekin með brot gegn hagsmunum, sem eru sérstaklega bundnir við íslenzka staðhætti og ástæður (landhelgilöggjöf o. fl.).

Í 2. tölulið er við það átt, að sérstök skylda samkvæmt íslenzkum lögum eða samkvæmt ráðningu á íslenzkt far sé brotin erlendis.

Ákvæði 3. töluliðs er víðtækast að því er varðar hagsmuni þá, er afbrotið beinist að. Þegar brot er framið á stað, þar sem hegningarvald annarra ríkja nær ekki til, er óvíst, að sökunaut verði refsað í heimalandi sinu fyrir það, og má því heimildin vera rýmri heldur en þegar brot er framið á stað, þar sem refsivald annars rikis nær til. Rétt þykir, að saksóknari ákveði, hvort mál samkvæmt þessum tölulið skuli höfðað.

Um 7. gr.

Þessi grein hefir að geyma nokkurskonar viðbótarákvæði við 5. og 6. gr. um verndun íslenzkra hagsmuna fyrir verknaði, sem framinn er erlendis. Ekki er það skilyrði fyrir refsingu hér, að verkið sé einnig refsivert í erlenda ríkinu, þar sem það er unnið. Ákvæði 2. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr., koma því ekki til greina.

Um 8. gr.

Sérhvert riki er bært um að ákveða, að hverju leyti það vill taka tillit til erlendrar löggjafar við úrlausnir refsimála. En að sjálfsögðu hefir erlend refsilöggjöf ekki áhrif á íslenzkar dómsúrlausnir, nema heimild sé til þess i íslenzkum rétti. Af reglu 1. mgr. leiðir það, að ekki verður dæmd refsing hér á landi fyrir verknað, sem framinn hefir verið erlendis, þótt hann hafi verið refsiverður þar, ef hann er það ekki að íslenzkum lögum. Sama er um aðrar afleiðingar þess, að verknaður, sem framinn hefir verið i öðru ríki, hefir verið refsinæmur þar, en hefir ekki slikar afleiðingar eftir islenzkum lögum, enda þótt hann kynni að vera refsinæmur hér. Ákvæði 2. mgr. er sett bæði vegna tillits til annarra rikja og sakbornings sjálfs, því svipaðar ástæður koma hér til greina og i 1. mgr. 2. gr. getur, þegar ný og þyngri refsiákvæði taka við af eldri og vægari. Svipuð sjónarmið liggja einnig til grundvallar ákvæðum 3. mgr. Þegar svo stendur á, sem þar segir, á sakborningur að geta treyst því, að afskipti rikisins af sök hans séu á enda kljáð. Ákvæði 4. mgr. er að efni til það sama og ákvæði 7. gr. hegnl. 1869.

Um 9. gr.

Hér þykir rétt að setja, í framhaldi af ákvæðum um það, hvaða mönnum skuli refsa hér, reglur um framsal sakbornings á vald annarra ríkja til refsingar þar. Virðist heppilegt, að almennar reglur um þetta séu í lögum, því bæði er með því dregið úr þeim vanda, sem rikisstjórn kann að komast í gagnvart öðru ríki, þegar

framsals er beðizt, og einnig er dregið úr hættu á því, að misráðnar ákvarðanir séu teknar í einstökum tilfellum og að ósamræmis gæti í framkvæmdinni.

Um 10. gr.

Ákvæðið er sett til þess, að dómstólar hafi lagaheimild til að dæma ekki refsingu fyrir brot eða lækka refsingu, þegar svo stendur á, sem í greininni segir.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar greinar samsvara reglum 9. gr. hegnl. 1869, þótt hér sé notað almennara orðalag. Hversu víðtækar þessar undantekningar kunna að verða, fer eftir reglum þjóðaréttarins á hverjum tíma.

Um II. kafla.

Almenn refsiskilyrði eru tvennskonar: objectív og subjectiv. Objectivu skilyrðin fyrir því, að refsingu skuli beitt — þ. e. hvort fyrir liggi ólögmætt verk, sem refsing er lögð við í lögum, svo og eftir hverju skuli farið við mat á því, hvort verk sé objectívt ólögmætt — eru þannig löguð, að ekki þykir fært að setja um þau bein lagafyrirmæli. Þó eru hér sem áður sett fyrirmæli um objectívar ástæður, sem geta valdið refsileysi verknaðar, þ. e. neyðarvarnar- og neyðarréttarreglur. Reglur um subjectiv skilyrði er auðveldara að lögfesta, og verður þó að leggja mjög á vald dómara að ákveða mörkin fyrir refsileysi af ástæðum þeim, er getur í 15. og 16. gr. Ekki þykir fært að ákveða með lögum skýrgreiningu á ásetnings- og gáleysishugtökum, né að ákveða mörkin þar á milli. Á úrlausn um þau atriði fremur heima í hinni almennu refsiréttarfræði en í beinni lagasetningu.

Ákvæði 18. og 19. gr. eiga einungis við þessi lög. Önnur ákvæði kaflans ná til allrar refsilöggjafarinnar.

Um 12. gr.

Skilyrðin fyrir því, að neyðarvörn megi beita, eru hin sömu og í 41. gr. hegnl. 1869. Beita má neyðarvörn við ólögmætri árás á hverskonar lögverndaða hagsmuni sem er, og var 41. gr. hegnl. 1869 skýrð á sama hátt, þótt orðalag greinarinnar um þetta atriði væri ekki ótvírætt. Ekki er það skilyrði fyrir því, að neyðarvörn megi beita, að árásin sé gerð á hagsmuni þess manns, sem vörninni beitir.

Ákvæði greinarinnar um það, hverskonar neyðarvörn megi beita við ólögmætum árásum, eru að því leyti önnur en í 41. gr. hegnl. 1869, að munur sá, sem þar er gerður á ýtrustu neyðarvörn og einfaldri neyðarvörn, er nú felldur burtu og dómstólunum gefið meira frjálsræði til að meta hverju sinni, hvort beitt hafi verið hættulegri vörnum en ástæða var til.

Ákvæði 2. mgr. eru hin sömu og nú eru um sama efni í fyrri málslið 2. mgr. 41. gr. hegnl. 1869. Ákvæði, er samsvarar síðasta málslið þeirrar greinar, er í 1. tölulið 74. gr. þessa frv., en í þá grein er safnað ýmsum almennum refsilækkunarástæðum.

Um 13. gr.

Neyðarréttarákvæði þessarar gr. er víðtækara að orðalagi en samsvarandi ákvæði 42. gr. hegnl. 1869. En þar eð talið hefir verið, að neyðarréttarregla íslenzks réttar sé miklu víðtækari en nefnd 42. gr. gefur ástæðu til að ætla, þá er ekki ætlazt til, að refsileysi vegna neyðarréttar verði víðtækara en áður hefir verið.

Um 14. gr.

Hér er fylgt þeirri reglu, sem nú er tíðust í hegningarlöggjöf og lögfest í 5. gr. laga nr. 39 1907, að láta sakhæfisaldur (lögaldur sakamanna) vera hinn sama fyrir alla, án tillits til einstaklingsþroska. Sú breyting er gerð, að aldurstakmarkið er hækkað um eitt ár. Er það gert vegna þess, að allar líkur eru til, að heppi-

legra sé að beita öðrum aðferðum en refsingu við börn, er afbrot hafa drýgt innan 15 ára aldurs, sbr. og 267. gr. frv. og lög um barnavernd.

Um 15. gr.

Þessi grein og 16. gr. sýna það, að ekki er ætlazt til, að geðveiki, fávitaháttur og annað svipað ástand afbrotamannsins á þeim tíma, er hann framdi verkið, eigi alltaf að hafa í för með sér refsileysi. Þjóðfélagið verður að gera ráðstafanir til þess að verja sig fyrir brotum, jafnt geðveikra manna sem annarra, og koma í veg fyrir þau. Hvort refsa beri geðveikum manni, þegar veikin er ekki á eins háu stigi og í 15. gr. getur, verður að fara eftir því, hvort ætla megi, að refsing hafi tilætluð áhrif, en þó svo, að frekar sé beitt öðrum aðferðum, sem líklegar eru til sama árangurs, ef þær eru hagfelldari sakborningi en refsing, t. d. hælisvist, sbr. 2. mgr. 16. gr. Í því sambandi má þó geta þess, að innilokun á geðveikrahæli um óákveðinn tíma er sökunaut oft þungbærari en refsing.

Í 15. gr. eru tilgreind þau stig andlegrar veiklunar, sem ávallt eiga að valda refsileysi. Er lagt á vald dómstóla að meta það, hvenær slíkt ástand telst hafa verið fyrir hendi.

Um 16. gr.

Um þessa gr. vísast að sumu leyti til þess, sem um 15. gr. er sagt. Geðveiklun, fávitaháttur og aðrir andlegir brestir eru svo margvíslegir og á svo mismunandi stigum, að ekki er unnt að ákveða almennt, hvenær brot eiga að vera refsilaus af þeim sökum. Stundum er þetta og misjafnt eftir tegund veiklunarinnar og tegund afbrotsins. Þannig má vera, að gagnslaust sé að refsa kynvilltum manni fyrir a. m. k. sum siðferðisbrot, þótt refsingu megi beita gegn sama manni fyrir önnur brot, svo sem þjófnað, fölsun o. s. frv.

Oftast mundi ástand, sem í 16. gr. getur, vera varanlegt, þótt ekki þyki ástæða til þess að gera varanleik þess að skilyrði fyrir því, að ákvæðum greinarinnar megi beita. Áhrif stundartruflunar mundu oftast fara eftir ákvæðum 75. gr., ef um refsing væri á annað borð að ræða, sbr. 15. og 17. gr.

Um 17. gr.

Þegar maður hefir drýgt brot í ölæði eða öðru slíku ástandi, sem hann hefir vitandi vits komið sér í, er sjaldnast ástæða til að láta það hafa í för með sér refsileysi. Þó þykir rétt að láta fullkomið rænuleysi af þeim sökum (sbr. 15. gr.) útiloka refsingu, nema maðurinn hafi fyrirfram vitað eða mátt vita, að brotið myndi leiða af þessu ástandi hans.

Um 18. gr.

Þessi gr. er að efni til samhljóða 44. gr. hegnl. 1869, enda hefir „skýlaus heimild“ í síðarnefndri grein verið skýrð sem „sérstök heimild“. Ákvæði þessarar gr. á aðeins við brot samkvæmt þessum lögum.

Um 19. gr.

Oft er það, að verknaður er því aðeins refsiverður, að hann hafi í för með sér ákveðnar afleiðingar, eða afleiðingar eru látnar varða aukinni refsingu við broti, sem áður var refsivert. Þykir ekki rétt að láta afleiðingar, sem af hendingu leiðir af verknaði manns, en hann hvorki sá fyrir né átti að sjá fyrir, hafa áhrif á refsingu. Hafi maðurinn að vísu ekki séð né átt að sjá afleiðinguna fyrir, er hann byrjaði á verkinu, en verður þess síðar var, að hana kunni að leiða af verki hans, þá ber honum skylda til að reyna að koma í veg fyrir hana, og ræðir síðari hluti greinarinnar um viðurlög við því, ef maður bregzt slíkri skyldu. Ákvæði gr. gilda ekki beinlínis utan þessara laga, en analogiskt mundi mega beita þeim þar, ef skilyrði væru fyrir hendi.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru reglur um refsingar við tilraunarverknaði og hlutdeildarverknaði. Er þar um allmikla breytingu að ræða frá ákvæðum hegnl. 1869. Sérstaklega eru hlutdeildarreglur gerðar einfaldari og óbrotnari. — Ákvæði þessa kafla eiga aðeins við um brot, er um ræðir í þessu frv.

Um 20. gr.

Hér er ekki sett almennt ákvæði um það, hvenær brot skuli teljast fullframið, sbr. hinsvegar 45. gr. hegnl. 1869. Verður það skýringaratriði við einstakar greinar, sem mæla fyrir um refsingu, enda er brotunum lýst þar sem fullfrömdum.

Í 1. mgr. er því lýst, hvað fyrir þurfi að liggja til þess að maður hafi gerzt sekur um tilraun. Subjectivt er þess krafizt, að ásetningur sé fyrir hendi, og eru því gáleysisverk, sem ekki leiða til fullframins brots, refsilaus. Ásetningurinn verður að vera það ákveðinn, að ákvörðun um framkvæmd brotsins hafi verið tekin, þótt sökunautur hafi e. t. v. ekki verið búinn að leggja niður fyrir sér í einstökum atriðum, hvernig hann ætli að framkvæma það. Hinsvegar ber ekki að leggja þann skilning í greinina, að krafizt sé, að fyrir liggi þrengri tegund ásetnings en ella, og er í því fólgin breyting frá eldri reglum, eftir því sem 46. gr. hegnl. 1869 hefir verið skýrð. Objectivt verður að hafa verið framinn verknaður, sem ótvírætt ber vitni um ásetninginn. Frásögn eða hótun um framkvæmd brots er því ekki nægileg. Með orðunum „ætlað að miða að" er átt við ónothæfa tilraun, sbr. og 3. mgr. Hinsvegar eru ímynduð brot refsilaus, eins og áður hefir verið.

Í 2. mgr. er gerð sú breyting frá reglum 47. gr. hegnl. 1869, að aðeins er heimilað að færa niður refsingu fyrir tilraunarverknað, en hámark refsingar hið sama og fyrir fullframið brot. Hinsvegar er ekkert ákveðið lágmark, miðað við lágmark fullframins brots. Vægari refsingu skal einkum beita, ef subjectívar ástæður mæla með því, en þó má einnig taka tillit til objectívra ástæðna, þar á meðal þess, hversu tilraunin er langt á veg komin.

Í 3. mgr. er heimilað, að refsing geti fallið niður, þegar um ónothæfa tilraun er að ræða.

Um 21. gr.

Skilyrði fyrir því, að tilraunarverknaður verði refsilaus vegna afturhvarfs frá tilrauninni, eru að mestu hin sömu sem samkvæmt 46. gr. hegnl. 1869. Afturhvarfið verður að vera af sjálfsdáðum, þ. e. bera vott um, að glæpsamlegur vilji sé ekki lengur fyrir hendi.

Gerður er sem áður munur á því, hvort aðeins var um undirbúningsathafnir að ræða eða byrjað var á framkvæmd sjálfs brotsins, þannig að hætta var á, að það fullkomnaðist. Í fyrra tilfellinu er nægilegt að hætta við verknaðinn, án nokkurra aðgerða, en í síðara tilfellinu verður sökunautur, ef um nothæfa tilraun er að ræða, að koma í veg fyrir framkvæmd brotsins, eða, ef framkvæmd þess hefir þegar verið hindruð af öðrum, án vitundar hans, að gera ráðstafanir, sem hindrað hefðu fullkomnun þess. Sé um ónothæfa tilraun að ræða, verður hann og að hafa gert ráðstafanir, sem myndu hafa hindrað framkvæmd brotsins, ef það hefði ekki verið óframkvæmanlegt. Hinsvegar nægir ekki, að sökunautur geri ráðstafanir, sem hann sjálfur áleit nægilegar, ef þær voru samt sem áður ekki til þess fallnar að hindra afbrotið.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir því sem almennri reglu, að þegar fleiri en einn maður vinna saman að framkvæmd brots, skuli sök hvers um sig metin sjálfstætt fyrir hann eftir afstöðu hans til brotsins eða tilraunar til þess, og að hver þátttakandi verði dæmdur í þá refsingu, sem við brotinu er lögð, þótt refsihæðin, innan refsimarka hegningarákvæðisins, geti að sjálfsögðu orðið misjöfn fyrir þátttakendurna, bæði af objectivum og subjectivum ástæðum. Aðgreining hegnl. 1869 í ýmsar tegundir hlutdeildar er nú felld burtu, sbr. þó 4. mgr.

Í 2. mgr. er heimiluð vægari refsing fyrir hlutdeildarverknað en hin almenna, sem við brotinu er lögð, þegar sérstaklega stendur á. Á það við um smávægileg brot, svo og hlutdeild í tilraun og tilraun til hlutdeildar. Eru hér ekki sett nein takmörk niður á við fyrir refsihæðinni. Að því er tilraun varðar, þá gefur 2. mgr. meira tilefni til lækkunar refsingarinnar en leiða myndi af orðum 20. gr. einnar.

Þegar svo stendur á, sem í 3. mgr. segir, er oftast um smávægileg brot að ræða, og er því heimilað, að refsing megi falla niður.

Ekki þótti verða hjá því komizt, að hafa í frv. þessu almennt ákvæði, sem samsvaraði 56. gr. hegnl. 1869 um eftirfarandi hlutdeild, enda þótt ákvæði frv. um hilmingu sé gert að mun víðtækara en áður hefir verið, sbr. 254. gr. frv.

Ákvæði þessarar greinar ná ekki beinlínis til annarra brota en þeirra, er í þessu frv. greinir. Hinsvegar má að sjálfsögðu beita ákvæðunum um hlutdeild analogiskt utan laganna, þegar skilyrði eru fyrir hendi.

Um 23. gr.

Þegar fleiri menn en einn vinna saman að framkvæmd brots eða taka þátt í því, verður það að vera skilyrði fyrir refsileysi verknaðar hvers um sig vegna afturhvarfs, að hann hindri framkvæmd brotsins. Það er því ekki nægilegt, að hann eyði áhrifum eigin verknaðar, t. d. taki aftur verkfæri, sem hann hefir lánað til glæpsamlegra athafna, áður en þau voru notuð. Samhliða verklegri þátttöku eru oft huglæg áhrif á aðra meðseka, og þau áhrif gætu haldizt, þótt verklega aðstoðin félli niður. Að vísu myndi slíkur þátttakandi stundum geta notið góðs af ákvæðum 8. tölul. 74. gr., sbr. niðurlagsákvæði þeirrar gr.

Að öðru leyti vísast um þessa grein til þess, sem áður er sagt um 21. gr.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla eru almennar reglur um ákæru sakar. Þar eð refsingu er beitt vegna hagsmuna þjóðfélagsins í heild, er hér, eins og áður, fylgt þeirri aðalreglu, að refsimál sæti skilyrðislausri opinberri ákæru. Um handhafa opinbera ákæruvaldsins verður hinsvegar ekki ákveðið hér. Í sumum tilfellum er ákveðið í frv. þessu, að mál skuli ekki höfða, nema að boði dómsmálaráðherra eða saksóknara. Til grundvallar þeim ákvæðum liggur einkum það, að mikilvægum hagsmunum kunni að vera betur borgið með því, er svo stendur á, að ekki verði hafizt handa um refsimálshöfðun, þótt brot hafi verið framið. Þá er og ákveðið í 95. gr., að opinber ákæra út af brotum, sem þar getur, skuli vera undir því komin, að þess sé krafizt af erlendu ríki. Fyrirmæli dómsmálaráðherra eða krafa erlends ríkis í ofangreindum tilfellum eru refsiskilyrði, og myndi því vöntun á þeim varða sýknun en ekki frávísun.

Þá er á nokkrum stöðum í frv. ákveðið, að undir vilja einstaklings skuli komið, hvort mál til refsingar er höfðað. Reglur þær, sem að því lúta, eru með tvennum hætti: 1) opinbert refsimál skal því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert var við, og 2) sá, sem fyrir misrétti hefir orðið, verður sjálfur að bera refsikröfuna fram í einkamáli. Ástæðurnar til þessara undantekninga frá aðalreglunni um skilyrðislausa opinbera saksókn eru tvennskonar. Sumum brotum er þannig háttað, að opinber rannsókn út af þeim myndi auka mjög á óþægindi þau, sem brotið hefir haft í för með sér fyrir þann, er fyrir því hefir orðið. Þannig er t. d. um sum siðferðisbrot. Er þá rétt að láta vera undir vilja þess manns komið, hvort opinbert mál skuli höfðað. Þá eru og sum brot, sem aðallega varða sérhagsmuni einstaklinga, stundum svo smáfelld, að ekki er ástæða til að höfða opinbera málssókn í hvert sinn, sem einhver kann að telja, að slíkt brot hafi verið framið gagnvart sér. Sem dæmi má nefna meiðyrði, gertæki og nytjastuld. Er þá rétt að sá, sem telur sig hafa orðið fyrir misréttinum, beri sjálfur veg og vanda af sókn málsins.

Um 24. gr.

Hér er skráð meginregla laganna um ákæru í refsimálum. Um undantekningar frv. þessa frá þeirri reglu sjá 4., 6., 81., 95., 97., 105., 125., 191., 217., 242., 250. og 256.—260. gr.

Um 25. gr.

Við 1. mgr. verður það einkum skýringaratriði, hver sá sé, sem misgert var við, því ákvæðið ber ekki að skilja þannig, að hver og einn, sem eitthvað hefir orðið að þola vegna brots, eigi að hafa heimildina. Aðgæta ber, hvaða réttur hafi verið skertar, og svo, hver rétthafinn sé, t. d. ef eignarréttur hefir verið skertur, hver sé eigandi, ef réttur samkvæmt vörzlum hefir verið skertur, hver sé vörzluhafi, o. s. frv.

Í 2. mgr. er bæði átt við ósjálfráða menn fyrir æsku sakir og menn, sem sviptir hafa verið sjálfræði. Skipun sérstaks forráðamanns kæmi einkum til greina, þegar enginn lögráðamaður væri til eða lögráðamaður væri að einhverju leyti við brotið riðinn.

Ákvæði 3. mgr. fellur að mestu saman við ákvæði 225. gr. hegnl. 1869 að því er meiðyrði varðar, en er ný að því er til annarra brota tekur. Tekið er fram, að kjörbörn hafi hér sama rétt sem önnur börn.

Um 26. gr.

Þar eð ástæðan til þess, að einstaklingur sá, sem misgert var við, á stundum að ráða því, hvort opinbert mál er höfðað, er sú, að málssókn myndi baka honum aukið óhagræði, þá þykir og rétt, að opinber rannsókn út af sliku broti hefjist ekki fyrr en krafan um málshöfðun er komin fram.

Þegar misgert er við fleiri en einn mann með sama afbroti, er eðlilegast, að hver um sig geti krafizt opinberrar málshöfðunar, ef slík krafa er skilyrði fyrir því, að refsað skuli fyrir verknaðinn, svo og sótt hinn seka til refsiábyrgðar í einkamáli, ef opinbert mál skal ekki höfða út af brotinu. Annað mál er það, að hafi refsidómur gengið eftir kröfu eins þeirra, kann hann að hafa þau áhrif, að refsing verði ekki dæmd efir kröfum hinna. Hafi verið misgert við einn mann, en fleiri en einn maður hafa heimild til að höfða mál eða bera fram kröfu um refsingu samkvæmt 2. eða 3. mgr. 25. gr., er dómur samkvæmt kröfu eins þeirra að jafnaði bindandi fyrir hina. Þó á það ekki við, ef sýknað er vegna ástæðu, sem aðeins varðar þann, sem mál hefir höfðað eða kröfu gert, t. d. af því að heimildin er fyrnd að því er hann varðar eða hann hefir fallið frá rétti sínum. Verði ágreiningur milli slíkra manna um það, hvort refsingar skuli krafizt í opinberu máli, þykir rétt, að opinbera ákæruvaldið skeri úr, eins og segir í 3. mgr.

Um 27. gr.

Það væri óviðeigandi, að einstaklingi, sem hefði á valdi sínu að gera kröfu um opinbera ákæru, væri í sjálfsvald sett að gera upp á milli manna, er samsekir kynnu að vera um brotið, og krefjast refsingar um suma þeirra en ekki aðra. Þó virðist vera rétt að heimila, að undanskilja megi einn eða fleiri hinna seku, ef opinbera ákæruvaldið getur á það fallizt. Af síðari málslið leiðir það, að vilji sá, sem heimild hefir til að bera fram kröfuna, ekki láta refsa manni, sem reynzt hefir samsekur um brotið, en ekki var vitað um, er krafan var upphaflega borin fram, þá fellur opinber málssókn niður, nema opinbera ákæruvaldið geti fallizt á það, að nefndum manni verði ekki refsað.

Um 28. gr.

Þeir hagsmunir einstaklings, sem látnir eru valda því, að í hans hendur er lagt, hvort refsað sé fyrir verknað, kunna að vera duldir í byrjun, er refsingar er krafizt, og þykir því eðlilegt að heimila honum rétt til þess að láta málssókn falla niður,

unz dómur gengur í héraði. Ef málssókn er opinber, getur þó opinbera ákæruvaldið haldið henni áfram, þrátt fyrir afturköllun refsikröfu, ef almannahagur krefst.

Um 29. gr.

Hér eru settir frestir fyrir því, að heimild samkvæmt 25. gr. sé notuð. Lengd frestsins er miðuð við hæfilegan umhugsunar- og ráðstöfunartíma fyrir þann, sem heimild hefir.

Um 30. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að mestu hin sömu sem 2. mgr. 6. gr. laga um skilorðsbundna hegningardóma o. fl., nr. 39 1907. Ákvæði 14. gr. frv. um sakhæfisaldur er meðalregla, sem ekki getur átt jafnt við um alla, og er því rétt, að til sé almenn heimild um brottfall sakar unglinga. Auk þess má oft vænta betri árangurs af öðrum ráðstöfunum en refsingu fyrir menn á þessum aldri. Oft mundu ákvarðanir samkvæmt grein þessari verða teknar í samráði við barnaverndarnefnd, sbr. 2. mgr. Um yngri börn en 15 ára, er brot hafa framið, sjá 267. gr. frv.

Um V. kafla.

Samkvæmt 10. gr. hegnl. 1869 eru refsingar þær, sem dæma má eftir þeim lögum, líflát, hegningarvinna, fangelsi, sektir og missir embættis, sýslunar eða kosningarréttur. Karlmenn á aldurskeiði frá 15—18 ára mátti dæma í hýðing með reyrpriki og börn í hýðing með vendi. Að undanskilinni líflátsrefsingu, sem var afnumin með 1. gr. laga nr. 51 1928, eru ákvæði nefndrar 10. gr. enn í gildi. Ekki mun þó í framkvæmdinni hýðing hafa verið dæmd nú um langt skeið. Af ástæðum, sem hér þarf ekki að fjölyrða um, eru refsingar á líkama, þar á meðal líflát og hýðingar, ekki taldar koma til greina nú, er ný hegningarlöggjöf er sett. Slíkra harðræða í hegningum er ekki þörf hér á landi. Þá þykir ekki ástæða til að láta haldast ákvæði hegnl. 1869 um missi embættis eða sýslunar sem refsingu. Réttara er að láta missi embættis eða sýslunar koma fram sem afleiðingu refsiverðs verknaðar auk refsingar, enda er það oft undir tilviljun komið, hvort embættismaður er enn í embætti sinu, þegar dómur gengur. Svipuðu máli gegnir um missi kosningarréttar. Ef ástæða er til slíkrar réttindasviptingar, á hún að koma auk refsingar, en ekki sem refsing.

Þær refsitegundir, sem hingað til hafa verið notaðar og til greina geta komið nú, eru þá aðeins frelsissvipting (refsivist) og fjársektir með frelsissvipting til vara. Ekki er sjáanlegt, að heppilegt sé að taka nú upp neinar nýjar tegundir refsinga.

Um nánari tilhögun refsivistar og fjársekta verður rætt í sambandi við einstakar greinar þessa kafla.

Um 31. gr.

Vísast til þess, sem almennt er sagt um V. kafla hér að framan.

Um 32. gr.

Eftir hegnl. 1869 er refsivist aðallega tvennskonar: hegningarvinna og fangelsi. En greint var á milli tvennskonar hegningarvinnu, þ. e. tyftunarhúsvinnu og betrunarhúsvinnu, og fernra tegunda fangelsis, þ. e. einfalds fangelsis, fangelsis við venjulegt fangaviðurværi, fangelsis við vatn og brauð og ríkisfangelsis.

Í þessu frv. eru aðeins ákveðnar tvær tegundir refsivistar: fangelsi og varðhald. Svarar fangelsisrefsing samkvæmt frv. nánast til hegningarvinnu og fangelsis við venjulegt fangaviðurværi, en varðhald til einfalds fangelsis. Hinsvegar er gert ráð fyrir því, að vatns- og brauðs-refsing falli burtu, og ekki verði dæmt í ríkisfangelsi. Í stað þess kemur varðhaldsvist, sbr. 96. og 104. gr. frv.

Í fjölbyggðari löndum er auðveldara en hér að greina fangana sundur eftir því, sem henta þykir, svo sem að hafa sérstök kvennafangelsi, sérstök fangelsi

fyrir unglinga o. s. frv. Auk þess eru þar ýmis hæli, sem komið geta að sumu leyti í stað fangelsis, svo sem drykkjumannahæli, fávitahæli, vinnuhæli o. fl. Fyrir slikri aðgreiningu fanganna og slíkum hælum er ekki unnt að gera ráð, meðan það ástand helzt í þessum málum, sem nú er. Hinsvegar er gert ráð fyrir þeirri aðgreiningu fanga, sem óhjákvæmileg virðist, að menn, sem smávægileg brot hafa framið eða settir eru i refsivist til að afplána sektir, séu ekki látnir taka út refsingu i félagsskap með stórglæpamönnum þjóðfélagsins, þar á meðal þeim, er sýnt er að gera sér lögbrot að atvinnu. Í samræmi við það er dómurum fengið víðtækt vald til að ákveða, hvort tiltekinn maður skuli taka refsingu sina út i varðhaldi eða fangelsi.

Um 33. gr.

Eins og segir i greinargerð við 32. gr., er ætlazt til, að varðhaldsfangar verði aðgreindir frá öðrum föngum og taki refsingu sína út í öðru hegningarhúsi.

Um 34. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 35. gr.

Þessi fyrirmæli eru í samræmi við nútímaskoðanir á meðferð fanga, sem þola eiga langa refsivist. Aðalreglan er sú, að refsing sé tekin út í félagi.

Um 36. gr.

Ákvæðin eru i samræmi við það, sem gilt hefir um hegningarvinnufanga.

Um 37. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 38. gr.

Sömu reglur, sem nú gilda um hegningarvinnufanga.

Um 39. gr.

Hér er aðeins gert ráð fyrir því, að drykkjumannahæli kunni að verða til síðar, og mundi þá dvöl refsifanga á hælinu teljast til refsitímans.

Um 40.—42. gr.

Ákvæði þessara greina um reynslulausn eru nýmæli i íslenzkum hegningarrétti. Hefir það oft borið við, að nokkur hluti refsingar sé felldur niður með náðun, en í stað þess að fara þá leið, þykir hentara að veita föngum lausn úr refsivist til reynslu.

Um 43. gr.

Meðan ekkert sérstakt fangelsi er til fyrir unga menn, er þýðingarlaust að setja nánar reglur um dvöl fanga þar. Aðeins er gert ráð fyrir því, að slikt fangelsi eða fangelsisdeild kunni að verða sett á stofn, og að reglur um það verði þá settar í konunglegri tilskipun.

Um 44. gr.

Í 1. mgr. er ákveðið, að varðhaldsvist skuli skemmst vera 5 dagar, og er því um hækkun að ræða frá reglum hegnl. 1869 um einfalt fangelsi, þar sem lágmark er ákveðið 2 dagar. Í 2. mgr. er tekið fram, að varðhaldsfanga megi ekki hafa með föngum, sem dæmdir hafa verið til fangelsisvistar. Þetta getur þó ekki komið til framkvæmdar fyrr en breyting hefir orðið á fyrirkomulagi hegningarhúsa.

Varðhaldsfangar eru skyldir til að vinna, en þeir hafa það frjálsræði að mega sjálfir ákveða, hvað þeir vinna, ef það samrimist öryggi og góðri reglu. Svonefnd andleg vinna, t. d. samning skáldsögu, þýðingar o. s. frv., getur að sjálfsögðu komið til greina. Sjái varðhaldsfangi sér ekki sjálfur fyrir vinnu eða útvegi hann sér aðeins eitthvað til málamynda, til þess að komast hjá að vinna nokkuð það, er að gagni megi verða, leggur fangelsisstjórnin honum til vinnu. Jafnan má þó skjóta

ágreiningi um slíkt, svo og annað, sem varðar vinnuna, til úrskurðar dómsmálaráðherra.

Í síðustu mgr. þessarar greinar er mikilsvert ákvæði um heimild fyrir dómstóla til þess að dæma fangelsi, enda þótt ekki liggi þyngri refsing við broti en varðhald, eða tiltekið brot hefði átt að varða varðhaldsvist, þótt fangelsisrefsing liggi einnig við slíkum brotum. Það er skilyrði fyrir því, að fangelsi verði dæmt, er svo stendur á, að óheppilegt megi telja, að fangi hafi samneyti við varðhaldsfanga. Er hér einkum átt við menn, er áður hafa tekið út fangelsisvist, en síðan fremja brot, er varðhaldsvist hefðu átt að varða, en einnig koma þó til greina menn, sem refsað er í fyrsta sinn. Þykir ekki ástæða til þess að ákveða refsivist slíkra manna í fangelsi skemmri tíma en varðhaldsvistin hefði orðið.

Um 45. gr.

Gert er ráð fyrir því, að fangar verði slysatryggðir við þá vinnu, sem tryggingarskyld er að lögum, en þó með þeim breytingum, t. d. um greiðslu dagpeninga, sem úttekt refsingar gefur tilefni til.

Um 46. gr.

Hér er átt við, að fangi sé lagður á sjúkrahús, eftir að hann er byrjaður að úttaka refsingu.

Um 47. gr.

Hér eru taldar þær refsingar við agabrotum, sem lagðar eru á fanga, sem brjóta reglur hegningarhússins. Nánari reglur um refsingar þessar skal setja í konunglegri tilskipun.

Um 48. gr.

Öryggisráðstafanir þær, sem hér greinir, að beita megi við fanga, eru hinar sömu, sem áður hafa tíðkazt.

Um 49. gr.

Fyrri mgr. er í samræmi við núgildandi lög. Síðari mgr. er nýmæli. Ber einkum að beita ákvæðum hennar, þegar ætla má, að fjársekt geti borið góðan árangur, svo og þegar sökunautur hefir aflað sér ágóða, sem ekki er gerður upptækur, og ekki hafa verið dæmdar skaðabætur, sem svara til ágóðans.

Um 50. gr.

Hámark sekta er hækkað frá því, sem ákveðið er í 1. gr. laga nr. 13 1925. Er það m. a. gert með tilliti til ákvæða 51. gr.

Um 51. gr.

Þegar tveir menn, misjafnlega efnum búnir, eru dæmdir í fjársektir fyrir samskonar brot, og að öðrum ástæðum jöfnum, ber að sjálfsögðu að dæma hærri sekt á hendur þeim, sem efnaðri er. Refsingin á að vera þeim báðum jafnþung. Hinsvegar á sú ákvörðun ekki að hafa áhrif á vararefsinguna, því refsivistin myndi að líkindum verða báðum álíka þungbær. Sem dæmi mætti nefna, að A og B væru dæmdir fyrir samskonar verknað. A væri gert að greiða 100 króna sekt, og vararefsing hans 7 daga varðhald. B, sem efnaðri væri, fengi hinsvegar 1000 króna sekt, en vararefsing hans yrði einnig 7 daga varðhald.

Um 52. gr.

Í grein þessari er sú breyting gerð á framkvæmd sektarrefsingar, að heimilað er innheimta sektar með fjárnámi. Þó er sú undantekning gerð, að líti lögreglustjóri, sem annast innheimtuna, svo á, að hún myndi hafa i för með sér verulega röskun á högum sökunauts eða manna, sem hann á fram að færa, þá á hann ekki að krefjast fjárnáms, heldur láta sökunaut afplána sektina, sbr. 54. gr. Krefjist lögreglustjóri fjárnáms, og mótmæli sökunautur framgangi þess af þeim sökum, að innheimtan

myndi valda of mikilli röskun á högum hans, úrskurðar fógeti um þau mótmæli, og má þá áfrýja úrskurði hans til hæstaréttar.

Um 53. gr.

Samkvæmt hegnl. 1869, 31. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 13 1925, skyldi sekt afplánuð í einföldu fangelsi. Með lögum nr. 4 1929 var valdsmanni þeim, er annast fullnustu sektardóma, heimilað að láta afplána sekt í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, ef læknir teldi dómfelldan þola þá fangelsisrefsingu. Í þessari gr. frv. er því ekki um verulega breytingu að ræða frá núgildandi rétti, þótt ákveðið sé, að fangelsisvist geti komið í stað sektar, sbr. og 54. gr.

Um 54. gr.

Lágmark afplánunartima, 2 dagar, er hið sama og nú gildir. Hinsvegar er hámark tímans lækkað úr 3 árum niður i 1 ár, sbr. 2. gr. laga nr. 13 1925. Leiðir þetta af því, að sektarrefsing er næsta stig fyrir neðan varðhaldsrefsingu, og á því hámark afplánunartímans að vera að mun lægra en hámark varðhaldsvistar.

Um 55. gr.

Hér eru ákvæði um sektir, sem ákveðnar eru af stjórnvöldum, svo og aðrar skyldugreiðslur, sem afplána á að lögum, sbr. 50. gr. laga nr. 135 1935. Valdsmaður á að ákveða eftir fyrirmælum 54. gr., hvort beitt sé varðhaldi eða fangelsi. Þykir rétt að leyfa áfrýjun á þessum ákvörðunum eftir reglum um kæru í opinberum málum. Sama er um ákvörðun fógeta viðvikjandi afplánun dagsekta.

Um VI. kafla.

Með lögum nr. 39 16. nóv. 1907 voru upphaflega sett ákvæði um skilorðsbundna hegningardóma. Ákvæðin voru rýmkuð með 4. gr. laga nr. 51 7. maí 1928 og ennfremur með lögum nr. 57 19. júní 1933. Samkvæmt síðastnefndum lögum geta skilorðsbundnir refsidómar tekið til allra, sem dæmdir eru í allt að 1 árs betrunarhússvinnu. Fjársektardóma, sem dæmdir eru eftir öðrum lögum en hinum alm. hegningarlögum eða viðaukum og breytingum við þau, má þó ekki skilorðsbinda. Ákvæði þessa kafla eru að mestu í samræmi við lög nr. 39 frá 1907 með áorðnum breytingum. Um breytingar þær, sem nú eru gerðar, verður rætt hér á eftir i sambandi við einstakar greinar kaflans.

Um 56. gr.

Hér er sú breyting gerð, að skilorðstími má vera 2—5 ár í stað 5 ára áður. Um þá „frekari skilmála, sem í dóminum kunna að vera settir", eru dómstólunum gefnar frjálsar hendur.

Um 57. gr.

Hér er réttarrannsókn út af nýju broti látin valda því, að skilorði telst ekki fullnægt, ef reynslutími er þá ekki liðinn.

Þegar refsing fyrir bæði brotin er ákveðin í einu lagi samkvæmt grein þessari, ber að gera það eftir reglunum um algera samsteypu refsinga (absoluta cumulation). Mundi þá og samanlögð refsing koma til greina að því er áfrýjunarkröfu varðaði.

Ef ákveðinn er frestur á fullnustu refsingar fyrir bæði brotin, telst hinn nýi frestur að því er bæði brotin varðar, þ. e. hina sameiginlegu refsingu fyrir þau, frá uppkvaðningu nýja dómsins.

Um 58. gr.

Hér er það nýmæli, að sökunautur á kost á að áfrýja úrskurði héraðsdóms, er svo stendur á, sem getur í greininni. Þar eð áfrýjun fer eftir kærureglum, á hún ekki að þurfa að valda langri töf.

Um 59. gr.

Grein þessi samsvarar að efni til 3. gr. laga nr. 39 1907.

Um 60. gr.

Samsvarandi 3. mgr. 1. gr. laga nr. 39 1907.

Um 61. gr.

Samsvarar 2. gr. laga nr. 39 1907.

Um VII. kafla.

Gera verður greinarmun á refsingum annarsvegar, er miðast við framin brot (eftirfarandi réttarvarzla), og öryggisráðstöfunum hinsvegar, sem miða að því að koma í veg fyrir, að einstaklingur, sem hættulegur er öðrum einstaklingi eða almennum hagsmunum, fái tækifæri til að fremja brot (undanfarandi réttarvarzla, varnarvarzla). Til þess að refsingu verði beitt, þurfa refsiskilyrði að vera fyrir hendi. Öryggisráðstafanir geta aftur á móti verið nauðsynlegar, þótt refsiskilyrði bresti, t. d. vegna hótunar, sem í sjálfu sér væri ekki refsiverð, eða vegna þess að sakborningur er sýknaður af subjectivum ástæðum, t. d. vegna sakhæfisskorts. Þá má og vera, að verknaður sé að vísu refsiverður og refsiskilyrði fyrir hendi, en af brotamanninum stafi svo mikil hætta, að refsingin veiti ekki nægilegt öryggi, og beri því að beita öryggisráðstöfunum að refsing lokinni.

Það leiðir af fyrrgreindum mun á refsingum og öryggisráðstöfunum, að timi refsivistar er fyrirfram ákveðinn i dómi, en öryggisráðstafanir verður að gera um óákveðinn tíma. Þær verða að haldast, unz sú breyting er á orðin, er gerir þeirra ekki lengur þörf. Hinsvegar verður vegna manns þess, sem settur er í öryggisgæzlu, að tryggja með lögum, eftir því, sem unnt er, að honum verði ekki haldið i gæzlu um þörf fram.

Um menn, sem framið hafa brot í ölæði, koma sérstök sjónarmið til greina. Oftast eru þeir hættulausir utan vins, og eru þá líkur til, að nema megi burtu orsökina til þess, að þeir fremja brot, með því að venja þá af vínnautn. Að því lúta ákvæði 64. og 65. gr., en að sjálfsögðu má og beita við slika menn öryggisráðstöfunum samkvæmt öðrum greinum þessa kafla, ef skilyrði eru fyrir hendi.

Í 68. gr. er ákvæði um missi borgararéttinda. Eins og áður segir, er svipting slíkra réttinda ekki refsing, eins og verið gat eftir hegnl. 1869, 10. gr., heldur aðrar afleiðingar refsiverðs verknaðar. Hefir mikill vafi þótt á því leika, hversu viðtæk heimildin til sviptingar borgararéttinda skuli vera. Mun það almennt álit refsiréttarfræðinga á Norðurlöndum, að ákvæði 78. gr. almennu hegningarlaganna dönsku frá 15. april 1930 séu um of í óhag sökunauta. Er og í þessu frv. mun skemmra gengið. Visast um það nánar til þess, er um 68. gr. segir.

Loks eru í 69. gr. ákvæði um upptöku eigna. Upptakan er ekki refsing fremur en svipting borgararéttinda. Hún er einkum gerð í varúðar- og öryggisskyni. Þess vegna ná reglur um náðun ekki til upptöku eigna, og hluti skal upptæka gera, þótt sök kunni að vera fyrnd eða refsing falli brott vegna dauða sökunauts.

Um 62. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að framinn hafi verið objectivt refsiverður verknaður, en að ekki komi til refsingar af ástæðum þeim, er getur i 15. og 16. gr. Gera má aðrar ráðstafanir en þær, sem nefndar eru, en þó ekki neina, sem er viðkomandi manni þungbærari en gæzla á hæli, sbr. „að vægari ráðstafanir ... komi ekki að notum". Ekki er ástæða til þess að setja hér ákvæði um heimild til afkynjunar glæpamanna, þar eð lög nr. 16 1938 taka til þess.

Þegar mál er að nýju borið fyrir dómstólana, hafa þeir heimild til þess að breyta ráðstöfunum eða fella þær niður eftir málavöxtum.

Um 63. gr.

Samkvæmt núgildandi rétti ber jafnan að dæma refsingu, þótt sökunautur hafi orðið geðveikur eða ósakhæfur af öðrum ástæðum, eftir að hann framdi brotið.

Ákveður þá valdsmaður sá, sem annast framkvæmd refsingar, hvort hún skuli tekin út. Hér er hinsvegar dómstólunum veitt heimild til þess að ákveða, að refsing skuli falla niður, ef svo stendur á.

Um 64. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er heimilt að gefa manni i dómi fyrirmæli um að halda sér frá neyzlu áfengra drykkja og kaupum á þeim í 3 tilfellum:

1. Þegar maður er dæmdur til refsivistar fyrir brot, sem hann hefir framið undir áhrifum áfengis. Það nægir því ekki, að brotið varði sektum. Hinsvegar skiptir ekki máli, hvort um ásetningsbrot eða gáleysisbrot er að ræða.

2. Ef maður er sýknaður samkvæmt ákvæðum 17. gr., þ. e. vegna rænuleysis af áfengisneyzlu, er hann framdi verknaðinn, og brotið myndi hafa varðað refsivist, ef maðurinn hefði verið sakhæfur.

3. Ef maður hefir tvisvar á síðustu 2 árum gerzt sekur um brot vegna ölvunar. Hér eru einkum höfð i huga brot á lögreglusamþykktum, áfengislögum og önnur svipuð brot.

Ákvæði 2. mgr. þykir nauðsynlegt að setja, til þess að stuðla að því eftir mætti, að fyrirmælin verði haldin.

Um 65. gr.

Innlagningu á hæli til lækningar við drykkjuskaparástríðu má jafnan ákveða, þegar skilyrði til þess að gefa fyrirmæli samkvæmt 64. gr. eru fyrir hendi, að þvi viðbættu, að telja megi ljóst, að viðkomandi maður geti ekki haft hemil á drykkjufýsn sinni. Í flestum tilfellum mundi þó fyrirmæli samkvæmt 64. gr. verða gefið, áður en til ráðstafana kæmi samkvæmt þessari grein. Þá má og beita ráðstöfunum samkvæmt þessari grein, ef maður hefir brotið fyrirmæli, er honum hefir verið gefið eftir 64. gr., enda þótt ekki hafi verið um annað refsivert athæfi að ræða.

Í dómi má ekki ákveða hámark tímans á hælinu lægra en 18 mánuði, og ekki lægra en 3 ár, ef ítrekun á sér stað. Liggur það svo undir úrskurð dómsmálaráðherra, hvort leysa má manninn fyrr af hælinu.

Um 66. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nokkru víðtækara en samsvarandi ákvæði 301. gr. hegnl. 1869. Með orðunum: „refsingu verður ... ekki við komið“ er bæði átt við það, að hótunin sé í sjálfu sér ekki refsiverð, og að refsing liggi að vísu við verknaðinum, en maðurinn sé sýknaður, t. d. af subjectivum ástæðum. Ennfremur má beita gæzlu samkvæmt greininni, þótt refsing sé dæmd, ef hún telst ekki næg trygging.

Ráðstafanir samkvæmt þessari grein má fella niður aftur með dómsúrskurði. Ákveður ákæruvaldið, fyrir hvaða dómstól málið skuli koma að nýju, eftir því sem henta þykir.

Um 67. gr.

Þessi grein fjallar um öryggisráðstafanir gegn afbrotamönnum, sem eru sakhæfir og falla því ekki undir ákvæði 62. né 63. gr., en þykja svo hættulegir umhverfi sinu, að ekki beri að láta þá ganga lausa.

Um 68. gr.

Í 1. mgr. er bæði átt við opinber embætti og sýslanir og einkastörf, er opinbert leyfi eða viðurkenningu þarf til að gegna, svo sem verzlunaratvinnu, skipstjórn, lyfsölu, bifreiðarstjórn o. s. frv. Ákvæðið nær einnig til starfa, er opinbert kjör þarf til. Allt takmarkast þetta hinsvegar af 4. mgr., um að sérákvæði laga um sviptingu slikra réttinda gangi fyrir hinum almennu ákvæðum þessarar greinar. Hvort svipta skuli mann slíkum starfa, fer eftir því, hvort hann telst verður eða hæfur til að gegna honum. Veit hið fyrra að mannorðinu, en hið síðara að hæfi-

leikum, annaðhvort í sérstökum samböndum eða almennt. Svipta má mann réttinum í opinberu máli, þótt ekki leiði það til refsingar, t. d. ef ekki er refsað vegna ákvæða 16. gr., maður er settur í öryggisgæzlu o. s. frv. Þá má og svipta mann rétti til þess að öðlast síðar heimild til ofangreindra starfa eða starfs. Nær það einnig, a. m. k. með lögjöfnun, til þeirra, sem heimildina hafa haft, er verk var framið, en sviptir hafa verið henni af handhöfum framkvæmdarvaldsins, áður en dómur gengur.

Í 3. gr. er það nýmæli, að dómstólar skulu ex officio svipta mann kosningarrétti og kjörgengi í refsidómi í opinberu máli, ef hann telst ekki lengur hafa óflekkað mannorð. Hingað til hafa kjörstjórnir tekið ákvörðun um þetta við samningu kjörskráa, en þó svo, að bera hefir mátt mat þeirra undir dómstóla.

Ekki hefir þótt rétt að setja almennt ákvæði um það, frá hvaða tíma svipting réttinda eigi að koma til framkvæmdar. Oft myndi það verða frá birtingu endanlegs dóms eða fyrr, ef leyfi hefir áður verið af manni tekið. Stundum mundi sviptingin og eiga að teljast frá því, að lokið er að taka út refsingu. Í síðustu mgr. er heimilað að neita um leyfi að nýju, enda þótt uppreist æru sé fengin, og mundi það einkum koma til greina, þegar viðkomandi mann brestur hæfni til starfsins.

Um 69. gr.

Með greininni er dómstólunum veitt heimild til þess að gera hluti upptæka, en ekki lögð á þá skylda til þess. Heimildin samkvæmt 1. tölulið er talsvert viðtæk, sérstaklega að því er varðar hluti, sem hafðir hafa verið til að drýgja afbrot með, því oft getur þar verið um hluti að ræða, sem ætlaðir eru til venjulegrar, löglegrar notkunar, svo sem ýmis verkfæri. Þetta á þó ekki að koma að sök, þar sem aðeins er um heimild að ræða og vænta má, að dómstólarnir noti hana í hófi. Hinsvegar er gert ráð fyrir, að upptaka eigi sér að jafnaði stað, þegar hluturinn er ákvarðaður til glæpsamlegrar notkunar, t. d. innbrotstæki, sem gerð hafa verið í því skyni, falskir peningar o. s. frv. Skiptir þá og ekki máli, hver er eigandi hlutarins.

Ákvæði 3. töluliðs er nýtt. Þykir nauðsynlegt að hafa slíka heimild til upptöku, þar eð óviðeigandi er, að brotamaður haldi ávinning, er hann hefir aflað sér með refsiverðu athæfi, vegna þess að ekki upplýsist um eigandann.

Um eignir og skjöl félags, sem slitið hefir verið með dómi, þykir verða að fara svo sem í síðustu mgr. segir.

Um VIII. kafla.

Í þennan kafla er safnað ákvæðum um það, hvernig skuli tiltaka refsingu fyrir einstök brot, og hvaða tillit þá komi einkum til greina. Hér eiga heima ákvæði um ítrekun, hvernig refsing skuli ákveðin, þegar afbrotum lendir saman o. fl. Kaflinn svarar því til 6. og 7. kap. hegnl. 1869.

Þegar rætt er hér um niðurfærslu refsingar, er átt við lækkun niður fyrir lágmark refsingar þeirrar, sem við broti er lögð. Málsbætur hafa hinsvegar einungis áhrif á refsinguna innan hinna almennu refsimarka. Samsvarandi gildir um aukna refsingu, þ. e. þegar heimilt er að fara upp fyrir hæsta stig þeirra refsimarka, sem ella koma til greina um brotið, og ástæður, er metast skulu til þyngingar refsingu, en þó innan nefndra refsimarka.

Um 70. gr.

Í þessari grein, sem svarar að mestu til 58. gr. hegnl. 1869, eru talin upp ýmis atriði, sem áhrif eiga að hafa á ákvörðun refsingarinnar innan hinna almennu refsimarka, sem broti eru sett. Upptalningin er þó að sjálfsögðu ekki tæmandi. Ýmis fleiri atriði geta til greina komið, þar á meðal ástæður, sem nefndar kunna að vera í sambandi við einstök hegningarákvæði og látnar þar hafa áhrif á ákvörðun refsingar. Má þá einnig hafa hliðsjón af þeim, þegar um svipuð tilfelli er að ræða.

Um 71. gr.

Ákvæði þessarar gr. víkja að sumu leyti frá reglum 62. gr. hegnl. 1869 um ítrekun. Tekið er fram í 1. mgr., að tilraun til eða hlutdeild í broti geti haft ítrekunaráhrif. Nýtt er ákvæði 2. mgr. um heimild til að láta erlenda refsidóma hafa ítrekunaráhrif. Þá er og frestur samkvæmt 3. mgr. styttur úr 10 árum niður í 5 ár.

Um 72. gr.

Þeir menn, er leggja það í vana sinn að fremja afbrot eða gera það í atvinnuskyni, eru að jafnaði miklu hættulegri en hinir, er svonefnd tækifærisbrot drýgja. Þykir því rétt að hafa almenna heimild um hækkun refsingar hinum fyrrnefndu til handa. Lágmark refsingar er hér hið sama og ella, en heimilað er að fara út fyrir hámarkið, þó með þeim takmörkunum, sem í greininni getur.

Brot getur verið framið í atvinnuskyni, þótt það sé ekki þáttur i aðalatvinnu fremjandans.

Um 73. gr.

Greinin heimilar aukna refsingu við tilteknum brotum fanga, sem taka út refsingu eða er haldið í gæzlu af öðrum ástæðum, svo og fyrrverandi fanga. Miðar greinin að því að auka öryggi hegningarstofnana og starfsmanna þeirra. Er sérstök ástæða til að veita þeim aukið öryggi vegna þeirrar hættu, sem stafar af dvöl afbrotamanna þar.

Um 74. gr.

Í grein þessa er safnað ýmsum ákvæðum um atriði, er valdið geta niðurfærslu refsingar, og ennfremur heimilað, að fella megi refsingu niður, þegar sérstaklega stendur á, sbr. síðustu mgr. Hinsvegar er hámark refsingar látið vera óbreytt, að undanteknu ákvæði 2. málsliðs 2. töluliðs (um brot, framin af mönnum, sem yngri eru en 18 ára). Þá er það og sameiginlegt ákvæðunum, að heimiluð er niðurfærsla niður fyrir lágmark, án þess að nýtt lágmark sé sett. Lágmarkið verður því hið sama og lægsta stig vægustu refsitegundar, þ. e. 4 króna sekt, sbr. 50. gr.

1. töluliður svarar til 2. málsliðs 2. mgr. 41. gr. hegnl. 1869 að því er neyðarvörn snertir, en er nýmæli um þá, er gerast offarar við notkun neyðarréttar.

2. töluliður svarar til 38. gr. hegnl. 1869. Þar er þó niðurfærsla refsingar skyld, en hér aðeins heimil.

Í 3. tölulið er nýtt ákvæði um áhrif lögvillu (error juris). Niðurfærsla er ekki heimil, hafi maður vitað, að verknaður hans var réttarbrot, en aðeins haldið, að engin refsing lægi við honum.

Í 4. tölulið eru reiði og geðæsing, ef viss skilyrði eru fyrir hendi, gerð að almennum refsilækkunarástæðum. Samkvæmt hegnl. 1869 geta þessar ástæður valdið refsilækkun i sumum samböndum. Ekki er nauðsynlegt, að reiðin eða geðæsingin sé vakin með árás á eða móðgun við þann mann sjálfan, sem brotið fremur.

Ákvæði 5. töluliðs svara til 57. gr. hegnl. 1869, en er hér almennara.

Í 6. tölulið er niðurfærsla refsingar heimiluð, ef maður hefir verið þvingaður til að fremja brot. Gert er ráð fyrir því, að þvingun geti stundum gert verknað refsilausan, og er þá einkum höfð í huga fullkomin mekanisk þvingun.

Ákvæði 7. töluliðs er einskonar viðauki við reglur 21. gr. um afturhvarf frá tilraun. Gert er ráð fyrir því, að þrátt fyrir það, að brot var fullframið, hafi tjón enn ekki orðið, og að brotamaðurinn hafi af sjálfsdáðum afstýrt hættunni.

Ákvæði 8. töluliðs er skylt ákvæði 7. töluliðs, en myndi að jafnaði leiða til minni niðurfærslu, þar sem tjón hefir leitt af brotinu, þótt úr því hafi verið bætt síðar, eða brotamaðurinn hefir gert sér far um að draga úr tjóninu eða bæta það.

9. töluliður svarar til 2. málsliðs 61. gr. hegnl. 1869.

Þótt refsing sé látin falla niður samkvæmt 2. mgr., raskar það ekki því, að refsivert verk hefir verið framið. Þegar heimildin er notuð, á þess vegna ekki að sýkna, heldur ákveða, að refsing falli niður.

Um 75. gr.

Hér eru enn nefndar sérstakar ástæður, sem valdið geta niðurfærslu refsingar og jafnvel brottfalli hennar, ef brot varðar ekki in concreto þyngri refsingu en varðhaldi. Hér er átt við geðtruflanir, sem aðeins standa yfir skamman tíma, svo sem vegna líkamlegs áfalls, ójafnvægis, er af taugaveiklun stafar, áfengisáhrifa o. s. frv. Í 16. gr. frv. er frekar átt við langvarandi andlega annmarka, sbr. dæmi þau, er þar eru talin. Sbr. og ákvæði 17. gr. um fullkomið rænuleysi vegna ölvunar.

Með almenna ákvæðinu: „eða svo er ástatt að öðru leyti, að verknaðurinn verður ekki talinn líkt því eins refsiverður og venjulegt er um samskonar brot", er það sérstaklega haft fyrir augum, að gera hefði þurft óvenjulega strangar kröfur til sökunauts eða löghlýðni hans. Má í því sambandi taka tillit til hvata þeirra, er til verksins hafa legið.

Af samanburði á 16. og 75. gr. má sjá, að sé mönnum refsað, er 16. gr. nær til, þá ber að beita fullri refsingu, þar sem aftur á móti er heimild til niðurfærslu eða jafnvel brottfalls refsingar, þegar skilyrði samkvæmt 75. gr. eru fyrir hendi.

Um 76. gr.

Samkvæmt 59. gr. hegnl. 1869 skyldi það talið sökunaut til málsbóta við ákvörðun hegningar, ef hann hefði verið hafður um langan tíma i gæzluvarðhaldi meðan á máli stóð, enda honum sjálfum ekki um það að kenna. Þá mátti og undir vissum kringumstæðum ákveða, að gæzluvarðhald kæmi i stað refsingar. Ákvæði 76. gr. frv. eru skyld þessum reglum hegnl. 1869, en þó fremur sökunaut i hag. Greinin segir ekki, að dagur í gæzluvarðhaldi skuli teljast jafn degi í varðhaldi eða fangelsi, heldur ber dómstólunum að meta frádráttinn eftir atvikum.

Um 77. gr.

Ákvæði þessarar greinar svara til ákvæða 63. gr. hegnl. 1869, en þó með nokkrum breytingum. Aðalreglan er sem áður takmörkuð samsteypa refsinga, þegar tiltekin er refsing í einu lagi fyrir fleiri brot en eitt. Skiptir ekki máli, hvort bæði eða öll brotin varða við almenn refsilög eða sérstök refsilög eða sum við almenn og önnur við sérstök refsilög. Þó má vera, að ekki verði komizt hjá fullkominni samlagningu refsinga, svo sem þegar sektir ber að miða við ávinning.

Um 78. gr.

Sbr. 65. gr. hegnl. 1869. Ef brot, er síðar hefir orðið uppvist, á að vera refsilaust samkvæmt ákvæðum 77. gr. um brot, sem að tiltölu eru litilræði eitt (absorption), ber að segja í dómi, að refsing falli niður, því ekki er rétt, er svo stendur á, að kveða upp sýknudóm. Hegningarauka skal ákveða á sama hátt, hvort sem refsing samkvæmt fyrra dómi hefir verið úttekin eða ekki, enda ávallt heimilt að tiltaka refsingu neðan venjulegra refsimarka.

Reglum 78. gr. mun mega beita analogiskt, þegar svo stendur á, að dæmt er samtímis um fleiri en eitt refsimál, t. d. einkamál út af ærumeiðingum.

Um 79. gr.

Hér er ákveðið hlutfallið milli varðhalds og fangelsis. Mikilvæg undantekning frá reglu þessari er þó gerð í 44. gr., þar sem dómstólum er heimilað að dæma fangelsi jafnlangan tima og varðhald hefði ella orðið, þegar óheppilegt má telja, að fangi taki refsingu út með varðhaldsföngum. Gert er ráð fyrir, að þegar svo stendur á, sé þörf jafnlangs refsitima, enda þótt fangelsi komi í varðhalds stað.

Um IX. kafla.

Ekki þykir ástæða til að setja hér ákvæði um brottfall refsingar vegna annars en fyrningar. Refsing fellur að sjálfsögðu niður við dauða sökunauts, en ekki er þörf

að lögfesta ákvæði um það. Hefir og þegar verið ákveðið í 52. gr. frv., að sektir skuli ekki innheimtar i dánarbúi.

Hafi maður verið sakhæfur á þeim tíma, er hann framdi brot, fellur refsing ekki niður, þótt síðar komi til veikindi, er geri framkvæmd refsingar ekki mögulega um skamman tíma eða langan. Sbr. þó ákvæði 63. gr. um heimild til að láta refsingu falla niður, ef veikindi eru slík, sem í 15. eða 16. gr. segir.

Þá þykir ekki ástæða til þess að lögfesta hér reglur um uppgjöf sakar af hálfu hins opinbera. En um uppgjöf af hálfu einstaklinga, þegar undir þeim er komið, hvort opinbert mál skuli höfðað, eða þeir verða sjálfir að fylgja refsikröfu fram í einkamáli, eru ákvæði í 28. gr. frv. Og í 29. gr. eru ákvæði um fyrning heimildar til þess að krefjast opinberrar málssóknar eða höfða einkamál til refsingar, þegar einstakllngur ræður höfðun refsimála.

Um 80. gr.

Hér er, eins og i 67. gr. hegnl. 1869, gerð undantekning frá fyrningarreglum að því er til embættisbrota eða sýslunar tekur. Þó er sú breyting gerð, að þau brot fyrnast nú einnig, ef refsing við broti hefði ekki farið fram úr sektum.

Um 81. gr.

Fyrningarákvæðin eru að miklum mun víðtækari en verið hafa samkvæmt hegnl. 1869. Varði brot in concreto ekki hærri refsingu en varðhaldi eða 8 mánaða fangelsi, getur það ávallt fyrnzt eftir reglum 1. eða 2. töluliðs, án tillits til þess, hver sé þyngsta refsing, sem við broti af þeirri tegund liggur. Hefði refsing hinsvegar orðið þyngri en varðhald eða 8 mánaða fangelsi, getur sök fyrnzt á 10 árum, ef almenn refsiviðurlög við slíku broti fara ekki fram úr 6 ára fangelsi. Ella fyrnist sökin ekki.

Um 82. gr.

Sú breyting er hér gerð á reglum 67. gr. hegnl. 1869, að fyrningarfrestur stöðvast, þegar réttarrannsókn hefst gegn sökunaut út af því broti. Ákvæði 68. gr. hegnl. 1869 um upptöku máls, sem ónýtzt hefir, eru hér látin ná til allra refsimála.

Um 83. gr.

Hér er að mestu leyti um nýjar reglur að ræða í íslenzkum refsilögum, sbr. þó hegnl. 1869, síðasta málslið 71. gr. Þótt síður sé ástæða til þess að láta refsingu fyrnast, eftir að hún hefir verið ákveðin með dómi, þá þykir samt rétt að heimila fyrningu, þegar ekki er um sérlega stór brot að ræða.

Um 84. gr.

Ákvæði 1. mgr. samsvarar 2. gr. laga nr. 39 1907. Ákvæði 2. mgr. kemur í stað laga nr. 21 frá 6. nóv. 1897. Þó eru þær breytingar gerðar, að í stað fangelsis við vatn og brauð er miðað við 1 árs refsivist, og að í stað 10 ára koma 5 ár.

Um 85. gr.

Þessi grein kemur í stað tilskipunar frá 12. marz 1870 um uppreist á æru o. fl. Frestur er styttur niður í 2 ár, þegar um smáfelld brot er að ræða, sbr. 1. mgr. og 84. gr., en almenni fresturinn verður þó 5 ár sem áður.

Um X. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um landráð. Með landráðum er, eins og áður samkvæmt 9. kap. hegnl. 1869, átt við brot gegn öryggi og sjálfstæði ríkisins gagnvart öðrum ríkjum og sjálfsforráðum þess um eigin mál. Til þeirra brota telst einnig verknaður, sem miðar að því, að ná einhverjum hluta ríkisins undan forráðum þess og gera hann að sjálfstæðu ríki, ef til þess er beitt ólögmætri aðferð. Ákvæði 93. gr.

um njósnir nær þó lengra en hér er sagt, og sömuleiðis nýmæli 91. gr. frv. um ólögmæta birtingu samninga, ráðagerða eða ályktana rikisins, sem hafa mikilvæga fjárhagsþýðingu eða viðskipta fyrir íslenzku þjóðina gagnvart útlöndum. Sá verknaður er ekki landráð í eiginlegri merkingu, en heppilegt þykir að hafa ákvæði þetta með öðrum svipuðum ákvæðum 91. gr., er landráð varða.

Athafnir, sem refsing er lögð við í þessum kafla, eru flestar þannig, að ekki þarf að hafa átt sér stað nein skerðing á hagsmunum þeim, sem verndaðir eru, til þess að brot teljist fullframin. Leiðir þetta af því, að hér er um mjög hættulega verknaði að ræða, sem ástæða er til að refsa hart fyrir, þótt þeir séu enn á tilraunastigi, enda myndi og refsingu tíðast ekki verða við komið, ef tilgangi verksins væri að fullu náð. Brotin eru því oftast í því fólgin, að hagsmunum er stofnað í hættu.

Það hefir jafnan þótt álitamál, hvernig draga ætti mörkin fyrir því, til hvaða manna ákvæði hegningarlaga um landráð ættu að taka. Samkvæmt hegnl. 1869 eru það aðeins „þegnar konungs, sem þar (þ. e. á Íslandi) eiga heima", er sekir geta gerzt um brot á ákvæðum 9. kap. þeirra laga um landráð. Í þessu frv. eru engin slík takmörk sett, sbr. 6. gr. Ná refsiákvæðin því einnig til brota, sem framin eru erlendis og af öðrum en íslenzkum þegnum. Undantekning er þó um ákvæði 94. og 95. gr., því þau brot, ef framin eru erlendis af útlendingum, falla ekki undir ákvæði 1. töluliðs 6. gr. Þá er og brot samkvæmt 1. mgr. 89. gr. takmarkað við íslenzka þegna, án tillits til heimilisfangs. Þó mun verða að gera undantekningu um þá ríkisborgara íslenzka, sem erlendis eru búsettir, er skyldir kunna að vera að lögum heimalands síns til að bera vopn gegn Íslandi.

Um 86. gr.

Hér er íslenzka ríkið verndað fyrir athöfnum, sem miða að því að koma ríkinu eða einhverjum hluta þess undir erlend yfirráð eða að skilja einhvern hluta frá forráðum þess, þannig að fráskildi hlutinn verði sjálfstætt ríki. Til refsiverðs verknaðar teljast ofbeldi, hverskonar nauðung og svik. Verknaður er fullframinn, þegar reynt hefir verið að koma slikum verknaði á stað, t. d. ef skorað er á erlent ríki að beita islenzka ríkið ofbeldi i ofangreindum tilgangi.

Af orðalaginu „verknað, sem miðar að" ber ekki að draga þá ályktun frekar hér en annarsstaðar í frv. þessu, þar sem sama orðalag er notað, að strangari kröfur séu gerðar til ásetnings en ella.

Um 87. gr.

Með fyrra málslið greinar þessarar eru verndaðir sömu hagsmunir sem í 86. gr. getur, því verknaður sá, sem hér er gerður refsiverður, mundi ávallt vera hættulegur sjálfstæði og öryggi ríkisins. Hinsvegar er það ekki skilyrði samkvæmt þessari grein, að sökunautur hafi haft þann ásetning að koma íslenzka rikinu eða hluta þess undir erlend yfirráð. Brot er ekki fullframið, nema samband hafi komizt á. Neiti erlent ríki tilmælum, er að þessu lúta, hefði sá, er til sambandsins eða samtakanna mæltist, aðeins gerzt sekur um tilraun.

Í síðari málslið greinar þessarar er vægari refsing lögð við því, ef verknaði samkvæmt fyrra málslið er ætlað að skerða sjálfsákvörðunarrétt íslenzka ríkisins um einhver málefni þess.

Um 88. gr.

Hér ræðir um verknað, sem að jafnaði mundi vera hættulegur öryggi ríkisins. Hinsvegar þarf ekki að vera fyrir hendi ásetningur um að koma rikinu eða hluta þess undir erlend yfirráð. Brot er fullframið, þótt erlenda rikið hafi ekki samþykkt að hefja neinar þær athafnir, er í greininni getur.

Um 89. gr.

Fyrri mgr. er bundin við íslenzka ríkisborgara eina, sbr. greinargerð við þennan kafla hér að framan. Greinin á aðeins við um verknað, sem framinn er í ófriði.

Síðari mgr. er ekki takmörkuð við íslenzka rikisborgara. Hinsvegar nær refsiákvæði hennar ekki til manna, er gegna herþjónustu erlendis.

Um 90. gr.

Í grein þessari er refsing lögð við tilteknum samningsrofum eða skuldbindingar. Skilyrði er, að samningur eða skuldbinding varði ráðstafanir, er gerðar hafa verið vegna ófriðar eða ófriðarhættu. Ekki þarf svo að vera, að ófriður hafi staðið yfir eða vofað yfir þegar samningur var gerður. Hinsvegar eru rof ekki refsiverð eftir þessari grein, hafi þau ekki gerzt meðan á ófriði stendur eða þegar hann vofir yfir. Ákvæðið er sett til þess að vernda sjálfstæði og öryggi íslenzka ríkisins, en ekki er skilyrði, að samningsrofin hafi í raun og veru haft í för með sér hættu fyrir nefnda hagsmuni.

Um 91. gr.

Samningar, ráðagerðir og ályktanir, er í 1. mgr. getur, geta verið hvort heldur munnlegir eða skriflegir. Þeir verða að vera leynilegir, þannig að aðeins ákveðnum mönnum sé heimil vitneskja um þá. Sökunautur þarf ekki að vera einn af þeim, er þá heimild hafa. Brotið er i því fólgið að skýra manni, sem ekki hefir heimild til vitneskju um tilvist eða efni samnings og ekki hefir áður um hann vitað, frá samningnum. Skiptir ekki máli, þótt skýrt sé frá að viðlögðu þagnarheiti.

Skjöl þau, er i 2. mgr. getur, verða að hafa mikilvæga þýðingu fyrir islenzka ríkið, en til þeirra má telja skjöl, er hafa mikilsverða fjárhagsþýðingu eða viðskipta, sbr. 1. mgr. Ónýting skjals að hluta er refsivert. Ákvæðið nær einnig til annarra muna en skjala, ef þeir hafa þessa þýðingu.

3. mgr. nær til samningsgerðar um hverskonar efni sem er, svo sem stjórnmál, viðskipti, fjármál o. s. frv. Ekki er skilyrði, að samningur hafi verið gerður. Verknaður er í því fólginn að bera hagsmuni íslenzka ríkisins fyrir borð af ásettu ráði, sbr. 4. mgr., er aðeins visar til 1. og 2. mgr. Ekki er það eitt nægilegt til þess að verk sé refsivert, að samningsmaður fari út fyrir umboð sitt, ef nefndur ásetningur hefir ekki verið fyrir hendi.

Um 92. gr.

1. mgr. svipar til 1. mgr. 91. gr. Hagsmunir þeir, sem hér eru verndaðir, er leynd hernaðarráðstafana. 2. mgr. er að mestu leyti samhljóða lögum nr. 16 frá 20. okt. 1905. Þó er bætt við verknaði, sem er í því fólginn að aðstoða erlent ríki við skerðingu á hlutleysi íslenzka ríkisins.

Refsimörkin eru höfð mjög rúm, þar eð refsiákvæðið nær bæði til ásetningsbrota og gáleysis.

Um 93. gr.

Ákvæði þessarar greinar er mjög víðtækt, þar eð það nær til hverskonar njósnarstarfsemi, en er ekki, eins og áður, bundið við hernjósnir. Þá eru og njósnir í þágu erlendra stjórnmálaflokka gerðar refsiverðar. Að sjálfsögðu verður að vera um óleyfilega njósnarstarfsemi að ræða, en ekki er skilyrði, að hún sé framkvæmd innan íslenzka ríkisins. Nægir að hún beinist að einhverju innan þess.

Um 94. gr.

Hér er heimiluð aukin refsing þegar verknaði, sem refsiverður er eftir 23.—25. kafla frv., er beint að þjóðhöfðingja erlends ríkis eða sendimönnum erlendra ríkja hér á landi. Málin sæta öll opinberri meðferð, sbr. 97. gr.

Um 95. gr.

Ákvæði þessarar greinar er sett til þess að vernda öryggi íslenzka ríkisins, en ekki með það fyrir augum að vernda sérstaklega erlenda hagsmuni hér á landi.

Um 96. gr.

Þetta ákvæði kemur í stað fyrirmæla hegnl. 1869 um ríkisfangelsi. Varðhaldsvist má því dæma, er svo stendur á, um lengri tíma en í 1. mgr. 44. gr. getur.

Um 97. gr.

Mál út af landráðum snerta oft önnur ríki og geta haft í för með sér svo áhrifaríkar afleiðingar fyrir íslenzka ríkið, einkum ef erlendir menn eiga í hlut, að rétt þykir að ákveða, að mál út af slíkum brotum skuli ekki höfða nema að boði dómsmálaráðherra.

Um XI. kafla.

Í þennan kafla er safnað ákvæðum um vernd ríkjandi stjórnskipunar, eins og hún er ákveðin í stjórnarskránni og öðrum stjórnskipunarlögum. Ennfremur er ákveðin sérstök vernd fyrir æðstu handhafa ríkisvaldsins, konung eða ríkisstjóra, ráðuneytin, Alþingi, landsdóm og hæstarétt, enda beinist verknaður, sem miðar að ólöglegri breytingu stjórnskipunarinnar, að jafnaði fyrst að þessum aðiljum, einum eða fleiri.

Um 98. gr.

Í grein þessa eru tekin ákvæði 2. og 3. mgr. 86. gr. og 87. gr. hegnl. 1869. Þyngri refsing er lögð við því að hafa forgöngu fyrir uppreisn en annarri þátttöku. Í síðari málsgr. er hverskonar verknaður, er miðar að breytingu stjórnskipunarinnar á ólögmætan hátt, gerður refsiverður.

Um 99. gr.

Sbr. 1. mgr. 86. gr. hegnl. 1869. Brot er fullframið, þegar framinn hefir verið einhver verknaður í því skyni að svipta viðkomanda lífi, þótt það hafi ekki enn verið reynt, eða tilraun orðið árangurslaus.

Um 100. gr.

Hér eru reglur settar um vernd til handa æðstu handhöfum stjórnvaldsins. Alþingi, ráðuneytin, landsdómur og hæstiréttur njóta verndar þessarar sem opinberar stofnanir.

Um 101. gr.

Í grein þessari er aukin refsing lögð við brotum, er í XXIII.—XXV. kafla getur, ef þau eru í frammi höfð við konung eða þann, sem fer með konungsvald. Einnig er aukin refsing heimiluð samkvæmt 2. mgr., þegar slík brot beinast að drottningu, konungsekkju eða konungsefni.

Um 102. gr.

Þessi ákvæði svara að mestu leyti til ákvæða 88. og 2. mgr. 114. gr. hegnl. 1869. Einu gildir, með hverjum hætti tálmun kosningar hefir verið reynd.

Um 103. gr.

Hér er safnað ákvæðum um brot í sambandi við kosningar, samsvarandi ákvæðum 114.—116. gr. hegnl. 1869, en þó nokkuð rýmri. Sbr. og um alþingiskosningar XXII. kafla laga nr. 18 25. jan. 1934.

Um 104. gr.

Sjá athugasemd við 96. gr.

Um 105. gr.

Sjá athugasemd við 97. gr.

Um XII. kafla.

Ákvæði þessa kafla lúta einkum að því að vernda framkvæmd opinberra starfa. Er lögð refsing við því að hindra embættismann eða sýslunar við framkvæmd opinbers starfs, svo og verknaði, er miðar að því, að opinbert starf sé af hendi leyst á annan hátt en vera ber. Þá er lögð við því refsing að framkvæma eða taka sér opinbert vald heimildarlaust.

Um 106. gr.

Felldur er niður munur sá á embættismönnum og sýslunarmönnum, sem nú er samkvæmt 99. og 101. gr. hegnl. 1869. Að öðru leyti eru ákvæði þessara greina látin haldast óbreytt að efni til.

Árás samkvæmt 1. mgr. verður að vera á starfsmanninn persónulega, en ekki er skilyrði, að hann sé að gegna starfinu, þegar árásin er gerð, sbr. orðin „út af" starfinu. Hinsvegar verður verknaður samkvæmt 2. mgr. að gerast í sambandi við framkvæmd opinbers starfs.

Um 107. gr.

Þessi grein er viðbót við 106. gr. Verndaðir hagsmunir eru þeir sömu sem í þeirri grein, verknaður sá sami og önnur skilyrði. Um fremjendurna koma hér hinsvegar sérstakar reglur til greina. Verkið verður að hafa verið haft í frammi af mannsöfnuði, þ. e. hóp manna, sem ekki hafa bundizt fyrirfram samtökum um verkið. Þegar þannig stendur á, segir til í greininni, hverjum skuli refsað.

Um 108. gr.

Hér er vernd opinberra starfsmanna fyrir móðgunum eða ærumeiðingum mjög aukin frá því, sem nú gildir. Sé móðgunin höfð í frammi við starfsmanninn, þegar hann er að gegna starfa sínum, er sama, hver móðgunin eða aðdróttunin er, þ. e. hún þarf ekki að standa í sambandi við starf hans. Sé hinsvegar höfð í frammi ærumeiðing við opinberan starfsmann, þegar hann er ekki að gegna opinberu starfi sinu eða um hann fjarverandi, þá varðar það því aðeins við þessa grein, að móðgunin eða aðdróttunin beinist að einhverju leyti að starfi hans. Heimilt er að færa sönnur á ærumeiðandi aðdróttanir samkvæmt grein þessari, en sönnun leysir ekki undan refsingu, sé móðgun borin fram á ótilhlýðilegan hátt. En ótilhlýðileg mundi að líkindum oft verða talin aðdróttun, sem höfð væri í frammi við opinberan starfsmann við skyldustarf, nema einhverjir þeir annmarkar væru þá á framkvæmd starfans, er réttlæta aðdróttunina.

Grein þessi er tæmandi að því er til refsingar tekur fyrir ærumeiðingar, sem á annað borð falla undir ákvæði hennar. Ber því ekki að refsa fyrir sömu ærumeiðinguna bæði samkvæmt þessari grein og ákvæðum XXV. kafla frv. þessa. Neiti opinbera ákæruvaldið að höfða mál, mun þó starfsmaðurinn geta sótt sökina í einkamáli samkvæmt ákvæðum nefnds kafla.

Um 109. gr.

Grein þessi er að efni til samsvarandi 120. gr. hegnl. 1869, sbr. og 122. gr. þeirra. Refsivert að bjóða eða lofa gjöfum eða öðrum ávinningi, og þarf það ekki að vera ávinningur fjárhagslegs eðlis. Brot er fullframið, þegar mútan hefir verið boðin. Ekki er refsivert að bjóða fé eða annan ávinning fyrir lögmætt embættisverk, en fyrir embættismanninn gæti verið refsivert eftir 127. gr. að taka við ávinningnum.

Hafi embættismaðurinn brotið starfsskyldur sinar vegna mútunnar, svo refsivert sé eftir einhverri grein XIV. kafla frv. þessa, þá mætti og refsa mútugjafanum sem hlutdeildarmanni í því broti.

Um 110. gr.

Sökum hættu þeirrar, er stafar af samtökum refsifanga um að strjúka sameiginlega, þykir verða að ákveða refsingu sérstaklega við samtökunum. Tilraun til stroks þarf ekki að hafa átt sér stað, nægilegt, að fangarnir hafi sammælzt um strokið, til þess að brot sé fullframið. Hinsvegar tekur þessi grein ekki til þess, er einum fanga er hjálpað til stroks.

Um 111. gr.

Grein þessi samsvarar 109. gr. hegnl. 1869. Brot er þá fyrst fullframið, er fangi eða handtekinn maður hefir losnað úr haldi.

Um 112. gr.

Skilyrði fyrir því, að verknaður samkvæmt 1. mgr. sé refsiverður, er að manni sé veitt eftirför. Ákvæði greinarinnar eru nokkuð rýmri en samsvarandi ákvæði 111. gr. hegnl. 1869.

Um 113. gr.

Greinin er að efni til eins og 106. og 107. gr. hegnl. 1869.

Um 114. gr.

Grein þessi samsvarar 77. gr. hegnl. 1869. Ekki er refsivert eftir greininni að ráða sig til herþjónustu erlendis.

Um 115. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru ný og allvíðtæk. Skýrsla verður að vera opinber og annaðhvort heimildarlaus, þ. e. vegna þess að leynd er rofin, eða vísvitandi röng.

Um 116. gr.

Greinin er samhljóða að mestu 108. gr. hegnl. 1869. Hafi hið opinbera áskilið sér framkvæmd einhvers starfs, mundi vera brot á greininni, ef maður, sem ekki hefir valdið, tæki til að framkvæma starfið, enda þótt hann beitti engum blekkingum í þá átt, að valdið bæri undir hann.

Um 117. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýtt. Refsing við brotum samkvæmt henni þykir mega vera lág, þar eð þau myndu oftast vera mjög smávægileg formbrot.

Um XIII. kafla.

Í kafla þennan er safnað ýmsum allsundurleitum ákvæðum um brot, er hafa í för með sér röskun á allsherjarreglu eða almannafriði.

Um 118. gr.

Um upphlaup og refsingu fyrir þátttöku í því vísast til þess, er áður segir um ákvæði 107. gr. frv. Þar var tilgangur upphlaups að beita opinberan starfsmann ofriki, en hér gildir einu, að hverju ofbeldið eða hótunin beinist. Ekki þarf hótun að hafa komið fram berum orðum. Hún getur falizt í framkomu mannfjöldans.

Um 119. gr.

Hér er nánast um formbrot að ræða, án ólögmæts tilgangs. Sbr. 69. (áður 70.) gr. stjskr. 1920.

Um 120. gr.

Nýtt ákvæði, er ekki þarfnast skýringa.

Um 121. gr.

Hér er einnig nýmæli. Fyrri mgr. á við opinbera hvatningu til refsiverðra verka, ekki til réttarbrota almennt. Refsivert mundi því ekki vera að hvetja menn opinberlega til þess að greiða ekki skuldir. Aftur á móti væri refsivert að hvetja menn opinberlega til þess að hindra framkvæmd fjárnáma eða uppboða.

Samkvæmt 2. mgr. er það refsivert að hæla eða fallast með öðrum hætti á eitthvert brot, er í X. eða XI. kafla getur, enda þótt ekki sé með því beinlinis hvatt til refsiverðra verka.

Um 122. gr.

Hér er verndaður réttur manna samkvæmt 69. (áður 70.) gr. stjskr. 1920 til almennra mannfunda. Ákvæðið nær og til einkafunda. Hindrun við guðsþjónustugerð, sbr. 158. gr. hegnl. 1869, er refsiverð samkvæmt 1. mgr.

Eigi verknaður, er í 2. mgr. getur, undir 106. gr., 2. mgr., ber að refsa samkvæmt þeirri grein.

Um 123. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru ný. Þótt refsiákvæði 1. mgr. nái til allra, er stofna mönnum eða verðmætum í hættu ölvaðir, þá má gera ráð fyrir, að það komi einkum til greina um menn, sem farartækjum stjórna. Ákvæði 21. sbr. 39. gr. áfengislaga, nr. 33 1935, heldur gildi sinu jafnframt þessari gr.

Um 124. gr.

Fyrri mgr. samsvarar að mestu leyti 159. gr. hegnl. 1869, sbr. og 252. gr. þeirra. Síðari mgr. er nýmæli, er ekki þarfnast skýringa.

Um 125. gr.

Samsvarar 157. gr. hegnl. 1869.

Um 126. gr.

Ákvæði þessarar greinar er að efni til skylt ákvæðum 110. gr. hegnl. 1869.

Um 127. gr.

Ákvæðið er nýtt. Brot er refsivert, þótt verknaður sá, sem afstýra átti, hafi ekki verið unninn, eða ekki hafi orðið af ófarnaði þeim, sem hætta var af búin.

Um XIV. kafla.

Þessi kafli kemur i stað 13. kap. hegnl. 1869. Ákvæði kaflans ná til allra opinberra starfsmanna, hvort heldur þeir teljast til embættismanna eða sýslunar, og án tillits til þess, hvort þeir eru skipaðir til starfans eða settir eða á annan hátt löglega að honum komnir. Ákvæðin ná einnig til þeirra manna, sem falið hefir verið að gegna einhverju starfi, er að embætti eða sýslan lýtur, sbr. 2. mgr. 145. gr. hegnl. 1869. Er ekki ætlazt til, að breyting verði frá ákvæðum 13. kap. hegnl. 1869 að því er varðar þann flokk manna, opinbera starfsmenn, er refsiákvæði kaflans taka til. Hafi maður starf á hendi, er opinbert leyfi eða viðurkenningu þarf til að gegna, án þess að það þó teljist til opinberra starfa, þá varðar brot á skyldum gagnvart hinu opinbera, er slíku leyfi er samfara, við 187. gr. frv. þessa, ef ekki er ákveðin sérstök refsing i lögum við því broti.

Að sjálfsögðu geta menn, er sjálfir eru ekki opinberir starfsmenn, gerzt sekir um brot á ákvæðum þessa kafla eftir venjulegum reglum um hlutdeild. Stundum má jafnvel lita svo á, að sá, sem ekki gegnir opinbera starfinu (extraneus), sé aðalfremjandi brotsins.

Um 128. gr.

Ávinningur sá, sem i greininni getur, þarf ekki að vera fjárhagslegs eðlis, og getur verið til handa öðrum en hinum opinbera starfsmanni sjálfum. Verknaður-

inn er refsiverður, þótt starf það, er greiðslan kemur fyrir, sé að öllu leyti lögmætt. En þegar svo stendur á, er verknaður þess, sem greiðslunni lofar, refsilaus, sbr. athugasemdir við 109. gr. frv. Það er og refsivert, ef opinber starfsmaður tekur eða áskilur sér ávinning fyrir starf, er hann hefir þegar framkvæmt.

Um 129. gr.

Samsvarar 138. gr. hegnl. 1869. Síðari hluti greinarinnar, er fjallar um dolus subsequens, er þó nýr.

Um 130. gr.

Grein þessi tekur aðeins til þeirra opinberra starfsmanna, er hafa dómsvald eða annað opinbert úrskurðarvald um lögskipti, svo sem dómsmenn í opinberum gerðardómi, skattanefndir, kjörstjórnir, valdsmenn, er úrskurða um fátækramálefni o. s. frv. Greinin nær bæði til þess, er lögskiptin eru milli einstakra manna eða einstaklings og hins opinbera.

Ranglæti við meðferð mála er því aðeins refsivert eftir þessari grein, að það hafi átt að miða að rangri niðurstöðu málsins. Ella mundi röng aðferð við meðferð málsins varða við 132. gr.

Um 131. gr.

Hér er safnað í eina grein ákvæðum 127.—129. gr. hegnl. 1869. Auk dómara mundu ákvæðin einkum ná til lögreglumanna.

Um 132. gr.

Hér er brot í því fólgið, að opinber starfsmaður gætir ekki réttra aðferða við meðferð máls o. s. frv., án þess að tilætlun sé að beita mann rangindum eða koma til leiðar rangri eða óréttlátri niðurstöðu.

Um 133. gr.

Hér er refsað fyrir brot, sem að því miða, að refsing verði ekki framkvæmd eins og lög standa til, þannig að til hags sé sökunaut.

Um 134. gr.

Hér er 225. gr. hegnl. 1869 haldið óbreyttri að efni. Greinin fjallar um samskonar skerðingu athafnafrelsis sem 225. gr., en brotið er framið hér með misbeitingu opinbers starfs.

Um 135. gr.

Brot það, sem hér getur, er fullframið, þegar opinberi starfsmaðurinn hefir leitazt við að fá undirmann sinn til þess að fremja afbrotið, án tillits til þess, hvort viðleitnin hefir borið árangur eða ekki.

Um 136. gr.

Greinin tekur til allra opinberra starfsmanna. Verknaður samkvæmt 1. mgr. er tvennskonar: a) að segja frá einhverju því, sem leynt á að fara, og b) að nota slika vitneskju til að afla sér eða öðrum óréttmæts ávinnings, og þarf hann ekki að vera fjárhagslegs eðlis.

Leyndarmál þau, er starfsmaðurinn á að gæta og misnota ekki i ávinningsskyni, geta verið með tvennum hætti. Annarsvegar öll leyndarmál, er hann hefir fengið vitneskju um í starfi sínu, hvort sem þau varða starf hans eða ekki, t. d. vitneskja notarii publici um ákvæði erfðaskrár. Hinsvegar öll leyndarmál, er varða embætti hans eða sýslan, án tillits til þess, hvort starfsmaðurinn hefir fengið vitneskju um þau í starfi sínu eða ekki. Meðan hann gegnir starfinu, á hann að gæta leyndarmála i sambandi við það, hvernig sem hann hefir að þeim komizt. Að sjálfsögðu verður honum þó að vera kunnugt um, að málefnið varðar starf hans og á að fara leynt.

Í síðari mgr. er refsing lögð við því, ef fyrrverandi opinber starfsmaður segir frá eða misnotar vitneskju, sem hann hefir fengið í starfi sinu og leynt á að fara. Hafi hann fengið slíka vitneskju á annan hátt, er hann ekki bundinn þagnarskyldunni svo refsivert sé eftir þessari grein, eftir að hann hefir látið af starfinu.

Um 137. gr.

Samsvarar 139. gr. hegnl. 1869 að því er póstmenn varðar, en áþekkum ákvæðum bætt við um símamenn. Greinin á að sjálfsögðu einnig við um loftskeytasendingar og útvarpstilkynningar.

Um 138. gr.

Hér er það nýmæli sett, að opinberum starfsmanni skuli refsað þyngra en öðrum, ef brot hans er framið með verknaði, sem telja verður misnotkun á stöðu hans. Kemur þetta almenna ákvæði í stað ýmissa sérákvæða í 13. kap. hegnl. 1869, en er að sjálfsögðu miklu víðtækara.

Um 139. gr.

Þessi grein kemur i stað 142. gr. hegnl. 1869 og er eins að efni.

Um 140. gr.

Samhljóða 143. gr. hegnl. 1869. Refsað er fyrir það að óhlýðnast lögmætum fyrirskipunum yfirboðara (insubordinatio).

Um 141. gr.

Samsvarandi 144. gr. hegnl. 1869. Þarfnast ekki skýringa.

Um XV. kafla.

Í þennan kafla eru tekin ákvæði um rangan framburð og rangar sakargiftir, sbr. 14. og 22. kap. hegnl. 1869. Þykir rétt að hafa reglur um þessi efni i sama kafla, þar eð röng kæra hefir að jafnaði i för með sér rangan framburð. Refsiákvæði kaflans eiga að koma i veg fyrir það, að dómstólar og önnur stjórnvöld, sem útkljá réttarmálefni, komist að rangri niðurstöðu vegna rangra skýrslna. Ákvæðin ná til skýrslna vitna, mats- og skoðunarmanna og málsaðilja. Ekki er það skilyrði fyrir refsinæmi verknaðar, að röng skýrsla hafi leitt til rangrar úrlausnar né að það hafi verið tilætlun sökunauts, né heldur, að ósannindin hafi verið til þess fallin. Ekki skiptir máli samkvæmt 142.—147. gr., hvert var efni framburðarins, né heldur, hver var tilgangurinn með honum. Hinsvegar þarf ákveðinn tilgang að því er varðar brot samkvæmt 148. gr. (að saklaus maður verði sakaður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað), og efni rangs kæruskjals eftir 149. gr. skiptir máli (þ. e. að refsiverður verknaður hafi verið framinn).

Um 142. gr.

Rangur framburður samkvæmt grein þessari er refsiverður allt að einu, þótt skýrslugjafi viti, að eiðs verður ekki af honum krafizt. Undir framburð fellur allt, sem skýrsla er gefin um, einnig atriði, er ekki varða málefni það sjálft, sem verið er að upplýsa, sbr. 3. mgr.

Hvort skýrsla sé röng, svo að refsingu varði eftir þessari grein, fer eftir því, hvað sá áleit, sem skýrsluna gaf. Það getur því verið brot, ef skýrslugjafi hélt sig vera að bera rangt, þótt skýrslan reynist að vera í samræmi við veruleikann. Hafi skýrslugjafi hinsvegar borið eftir beztu vitund, verður honum ekki refsað, þótt framburður hans reynist objectivt rangur.

Um 143. gr.

Í 1. mgr. er gerð undantekning frá reglu 142. gr. um menn, sem rangt bera fyrir rétti. Sökunautur í opinberu refsimáli er ávallt refsilaus, þótt hann gefi rang-

ar skýrslur. Skiptir ekki máli, hvort hann er saklaus eða sekur um brot það, er hann er sakaður um. Hafi maður gefið ranga skýrslu sökum þess, að hann hélt sig vera hafðan fyrir sökum í opinberu refsimáli, en svo er ekki, myndi verknaður hans annaðhvort vera refsilaus af subjectivum ástæðum eða varða við 144. gr. Hafi maður vitað eða haft ástæðu til að ætla, að réttar upplýsingar um atvik myndu leiða til þess, að honum yrði dæmd refsing i opinberu refsimáli, þá er rangur framburður og refsilaus.

Ákvæði 1. mgr. nær ekki til einkarefsimála, t. d. meiðyrðamála.

Í 2. mgr. er heimiluð lækkun refsingar og jafnvel brottfall hennar, ef rangur framburður varðar atriði, sem manni var óheimilt að skýra frá (þagnarskylda) eða heimilt að neita að gefa skýrslu um. Sbr. einkum 125. og 126. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júni 1936.

Um 144. gr.

Hér er refsað fyrir gáleysisbrot samkvæmt 142. eða 2. mgr. 143. gr. Að sjálfsögðu má láta refsingu falla niður, ef gáleysisbrot á undir 2. mgr. 143. gr., ef láta hefði mátt refsingu fyrir ásetningsbrot falla niður.

Um 145. gr.

Kemur i stað 155. gr. hegnl. 1869, en er að því leyti þrengri, að yfirlýsingin verður að vera gefin opinberu stjórnvaldi, en þess er ekki krafizt eftir nefndri 155. gr.

Um 146. gr.

Ákvæðið er nýtt. Nær það bæði til skriflegra og munnlegra yfirlýsinga. Þess er krafizt, að skylt sé að lögum að gefa upplýsingar um atvik það eða þau, er yfirlýsingin er um.

Um 147. gr.

Hér er refsing lögð við því, að misnota skjal með röngu efni, án þess þó að reglur um skjalafals eigi við (intellektuelt fals). Ákvæðið er þrengt með því, að skjalið verður að vera ætlað til notkunar í dómsmálum eða öðrum málefnum, er varða hið opinbera, eða i gerðardómsmálum.

Um 148. gr.

Ákvæði þessarar greinar varða rangar sakargiftir, sbr. 227. gr. hegnl. 1869. Verknaður sá, er hér fellur undir, getur verið i mörgu öðru fólginn en röngum framburði. Greinin nær til hverskonar aðferðar, sem viðhöfð er í því skyni að valda því, að saklaus maður verði sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað. Sé hinn kærði að vísu sekur, en sökunautur hélt hann vera saklausan, er aðeins um tilraun að ræða.

Refsiákvæði greinarinnar eru tæmandi um verknað þann, sem í greininni er lýst. Þótt sökunautur hafi notað fölsuð skjöl eða rangan framburð, þá ber þó að heimfæra brotið einungis til þessarar gr. Hinsvegar skal gæta þess, þegar svo stendur á, að dæma ekki vægari refsingu en orðið hefði, ef dæmt hefði verið samkvæmt ákvæðunum um skjalafals eða rangan framburð.

Um 149. gr.

Hér eru sameinaðar reglur 226. og 228. gr. hegnl. 1869. Rangur uppljóstur er það, að skýra frá því, að brot hafi framið verið, án þess að svo sé. Refsivert er eftir þessari grein að gefa sjálfan sig fram sem sekan um brot, sem ekki hefir verið framið.

Um XVI. kafla.

Hér eru skráð ákvæði um brot, er varða gjaldmiðil. Fjalla 150.—152. gr. um peningafals, 153. gr. um tilbúning eða innflutning muna, sem líkjast peningum og

gætu því valdið misgripum, og 154. gr. um verknað, er valdið getur hættu á því, að handhafabréf önnur en peningar verði notuð í viðskiptum í stað peninga.

Um 150. gr.

Með peningum er hér átt við gjaldeyri, mynt eða seðla, sem gefinn er út af ríkinu eða með heimild frá ríkinu. Gjaldeyririnn verður að hafa á sér verðyfirlýsingu og ætlað að vera i umferð manna á milli. Greinin nær einnig til erlendra peninga, og verður að skýrgreina þá á sama hátt og íslenzka peninga. Ekki þarf peningaseðill að vera innleysanlegur. Eigi peningar lögum samkvæmt að vera komnir úr umferð, mun þó fals á þeim geta orðið refsivert eftir grein þessari, ef þeir eru enn raunverulega notaðir sem gjaldeyrir manna á milli.

Brot er í því fólgið að falsa peninga eða afla sér falsaðra peninga, hvorttveggja í því skyni að koma þeim í umferð. Fölsun á peningi getur orðið með þrennum hætti: 1) Ef búin er til eftirmynd penings, þ. e. nýr hlutur, sem verðyfirlýsingin er fölsuð á. Ekki þarf mynt eða seðill með samskonar verðyfirlýsingu að hafa verið til áður. 2) Ósviknum peningi er breytt í verðmeiri pening með fölsun verðyfirlýsingar, og 3) Skert er efnisverð gjaldgengrar málmmyntar, sem er verðmæt í sjálfu sér (gull, silfur), með því að klippt er eða sorfið af myntinni eða hún skert með öðrum hætti, sbr. 2. mgr., sem ákveður lægri refsingu, þegar fölsun er framin með þessum hætti.

Hvort sem brot er í þvi fólgið að falsa peninga eða afla falsaðra peninga, verður sá ásetningur að vera fyrir hendi að koma fölsuðum pening i umferð. Samt er þess ekki krafizt, að auðgunartilgangur sé fyrir hendi. Fullframið er brotið, þegar búið er að falsa peninginn eða afla falsaðs penings, þótt ekki sé enn búið að koma honum i umferð.

Um 151. gr.

Hér er brot í því fólgið, að setja í umferð falsaða peninga, þótt sökunautur hafi hvorki falsað þá sjálfur né aflað þeirra í þvi skyni að setja þá í umferð. Hafi sökunautur hinsvegar falsað peninginn, án ásetnings um útgáfu, en setur hann síðar í umferð, þá varðar það brot við þessa grein.

Um 152. gr.

Í þessari grein er refsing lögð við gáleysisbroti, sem varðað hefði við 151. gr., ef ásetningur hefði verið fyrir hendi.

Um 153. gr.

Ákvæði þessarar greinar kemur í stað laga nr. 14 9. ágúst 1889, um bann gegn eftirstælingu peninga og peningaseðla o. fl.

Um 154. gr.

Þessi grein kemur i stað laga nr. 41 8. nóv. 1901, um bann gegn verðmerkjum og vöruseðlum.

Um XVII. kafla.

Samkvæmt þessum kafla verða ýmis misferli með skjöl refsiverð, er ekki voru það áður. Nær það einkum til rangrar notkunar ófalsaðra skjala. Jafnan er þó skilyrði fyrir refsinæmi verknaðar, að nota eigi skjalið til þess að blekkja með því í lögskiptum.

Þá eru og í 162. gr. ný og allvíðtæk ákvæði um refsingu fyrir misnotkun sýnilegra sönnunargagna annarra en skjala. Að öðru leyti svipar ákvæðum þessa kafla til samskonar ákvæða í 27. kap. hegnl. 1869.

Um 155. gr.

Ekki er ætlazt til, að hugtakið skjal sé skýrt á annan hátt en til þessa hefir verið. Skjalið verður að vera þess efnis og þannig úr garði gert, að unnt sé að

blekkja með því í lögskiptum. Falsað er skjal þegar það, með því efni, sem það hefir, stafar ekki frá þeim manni, sem það gefur sjálft til kynna, að það sé frá. eða vitað er um, að það á að stafa frá. Brotið er ekki fullframið, þegar fölsun hefir verið framkvæmd, heldur þá fyrst, er skjalið hefir verið notað í blekkingarskyni. Hinsvegar er ekki skilyrði, að nokkur hafi blekkzt vegna fölsunarinnar. Auðgunartilgangur þarf ekki að vera fyrir hendi, og ekki heldur sá ásetningur að baka öðrum tjón, sbr. 2. mgr.

Um 156. gr.

Þetta ákvæði er nýtt. Ef undirskrifandinn veit um efni skjalsins, en skrifar undir vegna rangrar hugmyndar um einhver önnur atriði, þá verður notkun slíks skjals ekki refsiverð eftir þessari grein.

Um 157. gr.

Þetta ákvæði, sem er nýtt, er einkum sett til þess að koma í veg fyrir, að menn misnoti skjöl vegna samnefna. Það mundi og eiga við um það, ef maður notaði vegabréf annars manns, svo sem það ætti við hann sjálfan. Hafi fjársvik verið framin með þessum hætti, ber að refsa eftir þeim ákvæðum, er þar að lúta, jafnframt þessari grein, enda eru refsimörk þessarar greinar við það miðuð.

Um 158. gr.

Hér er einnig nýmæli, og varðar það ranga tilgreiningu í skjali eða bók, er gerð er af þeim manni sjálfum, er skjalið eða bókin stafar frá (intellektuelt fals). Skjalið eða bókin verður að vera eitt af þrennu: opinbert skjal eða bók, annarskonar skjal eða bók, sem viðkomandi manni er skylt að rita, svo sem verzlunarbækur, sem skylt er að halda, eða loks skjal eða bók, sem maður gefur út eða heldur í starfi, sem opinbera löggildingu þarf til að rækja. Skiptir þá ekki máli, hvort skylt er að gefa út skjalið eða halda bókina. Nær síðastnefnt ákvæði m. a. til vottorða annarra lækna en embættislækna. Það er skilyrði hér sem ella, að röng tilgreining hafi verið gerð til þess að blekkja með skjalinu eða bókinni í lögskiptum, og verður ásetningur að ná til þess. Brot er fullframið, þegar röng tilgreining í ofannefndum tilgangi hefir átt sér stað, þótt ekki sé enn farið að nota skjalið eða bókina. Leiðir þetta af því, að skjöl þessi og bækur eiga oft að notast sem sönnunargögn löngu síðar en röng tilgreining kann að hafa verið gerð.

Um 159. gr.

Refsiákvæði þessarar greinar eru sett til verndar því, að ekki sé misfarið með opinber merki eða einkamerki, sem sett eru á hlut eða vöru og gefa eiga upplýsingar um einhver atriði, er máli skipta um hlutinn eða vöruna í viðskiptum manna. 1. og 2. mgr. eiga við opinber merki, 3. mgr. við einkamerkin og 4. mgr. hefir ákvæði um hluti, sem opinbert merki eða einkamerki hefir verið numið af eða rangfært.

Samkvæmt 1. mgr. er refsiverður verknaður í því fólginn að nota hluti, sem opinbert merki hefir verið sett á með fölsun eða í heimildarleysi. Skiptir þá ekki máli um gæði hlutarins, en takmörkun felst þó i því, að verkið er ekki refsivert, nema hluturinn sé notaður til að blekkja með i viðskiptum. Ekki er það þó skilyrði fyrir refsinæmi verknaðar, að misferlin hafi átt að baka einhverjum tjón. Hafi merki verið náð á hlut með svikum, er það verk ekki refsivert, nema hluturinn sé ekki til þess fallinn, að merkið sé á hann sett, sbr. 2. mgr. Það brot er hliðstætt þvi, er i 156. gr. getur.

Um verknað samkvæmt 3. mgr. kemur hið sama til greina og áður segir um 1. og 2. mgr. Með orðinu „ranglega“ er átt við fölsun, heimildarlausa notkun rétts merkis og svik.

Um 160. gr.

Hér er tekin upp að efni til 279. gr. hegnl. 1869. Þykir rétt að hafa sérákvæði áfram um þetta brot. Mælitæki og vogaráhöld eiga að veita sönnun fyrir magni eða þyngd vöru eða annarra hluta í viðskiptum manna, og er því hætta fyrir almenning samfara notkun slíkra tækja, ef röng eru. Aftur á móti mundi oft erfitt eða ógerlegt að upplýsa, hversu miklu tjóni notkun rangra mælitækja eða vogaráhalda hefði bakað einstökum mönnum. Nægir þess vegna ekki að vísa til þess, að refsa megi fyrir brotið sem svik. Væri ekki heldur rétt að krefjast auðgunartilgangs um þetta brot, sökum þess að hér er hagsmunum óákveðins fjölda manna stofnað í hættu.

Um 161. gr.

Brot samkvæmt 1. mgr. eru tvennskonar: 1) notkun falsaðra merkja, og koma þar svipuð sjónarmið til greina og áður segir um fölsun peningaseðla, og 2) notkun merkis, sem áður hefir notað verið, en merki um notkunina hefir verið numið burtu. Er þá átt við, að merkið sé notað á ný sem sönnun fyrir greiðslu opinbers gjalds, eins og það væri nýtt og áður ónotað.

Ákvæði 2. mgr. samsvarar ákvæði 153. gr. um peningaseðla.

Um 162. gr.

Í 1. mgr. er almennt ákvæði um misferli með sýnileg sönnunargögn önnur en skjöl. Brot er fólgið í rangfærslu sönnunargagns eða notkun rangs sönnunargagns í því skyni að hafa áhrif á úrlausn dómsmáls. Brotið er því fullframið, þegar sönnunargagnið hefir verið rangfært í ofangreindu skyni.

2. mgr. fjallar um undanskot eða eyðilegging sönnunargagns. Nær það ákvæði bæði til skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna. Undanskot eða eyðilegging er því aðeins refsiverð, að með því sé hallað rétti annars manns, þ. e. að sá maður hafi einhvern rétt til gagnsins.

Um 163. gr.

Þessi grein kemur í stað 281. gr. hegnl. 1869 og er eins að efni.

Um XVIII. kafla.

Hér er safnað ákvæðum um brot, sem hafa það sameiginlegt, að af þeim stafar almannahætta. Flest þessara ákvæða eru nú í 28. og 29. kap. hegnl. 1869. Mun nú almennt viðurkennt, að ákvæði um brennu beri að hafa í sama kafla og önnur brot, sem almannahættu hafa í för með sér.

Sameiginlegt einkenni þessara brota er það, að óákveðnum hagsmunum margra og venjulegast einnig óákveðinna manna er stofnað i hættu.

Um 164. gr.

Ákvæði greinar þessarar um brennu er mjög á annan veg en hingað til hefir í lögum verið. Með eldsvoða er átt við það, að nauðsyn sé sérstakra slökkviráðstafana til þess að vinna bug á eldinum. Sé stofnað til sliks eldsvoða þegar svo er ástatt, að almannahætta stafar af, þ. e. hætta fyrir margskonar óákveðna hagsmuni margra manna, er fullnægt skilyrðum greinar þessarar fyrir refsingu. Hafi maður valdið eldsvoða án þess að almannahætta hafi stafað af, getur verkið verið refsivert sem vátryggingarsvik eða svik gegn veðhöfum eða öðrum lánardrottnum eða loks eftir 257. gr. frv., ef um spjöll er að ræða á eign annars manns.

2. mgr. mælir aukna refsingu við broti, sem sérstaklega mikla hættu hefir í för með sér.

Um 165. gr.

Tjón þarf að hafa orðið á einhverjum hagsmunum til þess að verknaður, er í þessari gr. getur, teljist fullframinn.

Um 166. gr.

Grein þessi fjallar um aukna refsingu við brotum samkvæmt 164. og 165. gr., þegar annar refsiverður tilgangur er samfara brotinu.

Um 167. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 168. gr.

Ákvæði þessarar greinar mundi m. a. ná til þess, ef hættumerki á vegum væri eyðilagt eða tekið burtu, skemmda á vitum o. s. frv.

Um 169. gr.

Hér er ekki skilyrði, eins og í 126. gr., að hætta stafi af byrjuðu eða yfirvofandi refsiverðu verki. Skyldan til að afstýra ófarnaði eftir þessari grein er hin sama, þótt hættan stafi af náttúruviðburðum, t. d. vatnsflóð er yfirvofandi vegna þess að stífla hefir rofnað o. s. frv.

Um 170. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 171. gr.

Greinin er um sama efni og 292. gr. hegnl. 1869, en ýtarlegri að ýmsu leyti. Tekið er fram, að hætta verði að stafa af vörunni við venjulega notkun, en 292. gr. hegnl. 1869 mun og hafa verið skýrð á þann veg, þótt ekki sé það tekið þar fram berum orðum.

Ekki er þess krafizt, að hlutur þurfi að vera hættulegur lifi manna til þess að ákvæði greinarinnar eigi við um hann.

Um 172. gr.

Hér er átt við það, að vara sé spillt, án þess að hættuleg efni hafi verið í hana sett. Sérstaklega má gera ráð fyrir, að greinin komi til framkvæmda í sambandi við sölu neyzluvöru, er skemmzt hefir af sjálfu sér og er hættuleg heilsu manna.

Um 173. gr.

Þetta ákvæði á aðeins við um útbreiðslu læknislyfja eða varnarmeðala, en ekki aðrar lækningatilraunir eða aðgerðir. Skilyrði er, að sá, sem dreifir út slíkum lyfjum, viti bæði um óhæfni þeirra og skaðsemi.

Um 174. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 175. gr.

Brot á lagafyrirmælum um varnir gegn næmum sjúkdómum eða varúðarreglum yfirvalda er því aðeins refsivert eftir þessari grein, að sökunautur hafi valdið hættu á því, að sjúkdómur komi upp eða berist út meðal manna. Sama er um húsdýra- eða jurtasjúkdóma samkvæmt 2. mgr.

Um XIX. kafla.

Hér er safnað ýmsum brotum, sem er það sameiginlegt, að þau varða ýmsa almenna hagsmuni, en eru ærið ósamkynja að öðru leyti.

Um 176. gr.

Hér er ekki höfð fyrir augum sú almannahætta, að lífi manna eða eignum sé hætta búin af truflunum þeim, er greinin fjallar um. Hinsvegar mundi stöðvun eða

truflun slíkra tækja eða stofnana, sem hér getur, hafa í för með sér ýmis óþægindi fyrir almenning. Til ólögmæts verknaðar myndi teljast ólögmætt verkfall.

Um 177. gr.

Greinin er að mestu leyti sama efnis sem 296. gr. hegnl. 1869.

Um 178. gr.

Fölsuð er vara, ef í hana eru sett efni eða úr henni tekin efni fram yfir það, sem lög, venja eða önnur verzlunartizka leyfir, enda verði varan við það verri en áður. Eftirlíking vöru er hinsvegar að búa til nýja vöru, sem líkist ósvikinni vöru svo mjög, að á því megi blekkjast, t. d. litað vatn er selt sem ávaxtasaft.

Um 179. gr.

Greinin er sama efnis og 1. gr. laga um dýraverndun, nr. 34 3. nóv. 1915. Hér er hert á refsiákvæðum fram yfir það, er gilt hefir eftir nefndum lögum.

Um XX. kafla.

Brot, sem tekin eru í þennan kafla, eru fremur sundurleit, þótt þau varði flest að einhverju leyti atvinnuháttu, annaðhvort þannig, að maður leggur stund á ólögmæta starfsemi, eða vanrækir framfærsluskyldu vegna óreglu og slæpingsskapar.

Um 180. gr.

Greinin er samhljóða að mestu 9. gr. laga nr. 51 7. mai 1928.

Um 181. gr.

Sama efnis og 10. gr. laga nr. 51 7. maí 1928. Aðeins er bætt við nokkrum dæmum um ólögmæta framfærslu.

Um 182. gr.

Samsvarar 11. gr. laga nr. 51 7. maí 1928. Hér eru ákveðin refsiviðurlög, ef brotið er bann það, er í greininni getur.

Um 183. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 12. gr. laga nr. 51 7. maí 1928 að öðru en því, að hér er einnig lögð refsing við veðmálastarfsemi á sama hátt og gilt hefir um fjárhættuspil. Fjárhættuspil er það, þegar peningar eða önnur verðmæti eru lögð undir í spilum, teningskasti, kúlnaspili o. s. frv., þar sem eingöngu eða að mestu er undir tilviljun komið, hver þátttakenda hlýtur ávinning. Við veðmál koma sömu sjónarmið til greina, en þá eru að jafnaði ekki notuð spil eða önnur tæki í sambandi við vinninga.

Fjárhættuspil og veðmál eru því aðeins refsiverð eftir þessari grein, að maður geri sér atvinnu að því að taka þátt í þeim sjálfur eða að því að koma öðrum til þátttöku í þeim. Hinsvegar er refsilaust að taka þátt í fjárhættuspili, ef það er ekki í atvinnuskyni gert. Ekki er það refsiskilyrði, að sökunautur hafi gert sér þetta að aðalatvinnu.

Samkvæmt 2. mgr. skal ákveða með dómi, hvort vinningur skuli gerður upptækur eða hvort honum skuli skilað aftur. Gert er ráð fyrir, að upptaka verði aðalregla, en fénu þá helzt skilað aftur, er því hafa tapað menn, er ekki leggja stund á áhættuspil, en hafa í það sinn verið lokkaðir til þátttöku.

Um 184. gr.

Samsvarar fyrri málslið 13. gr. laga nr. 51 7. maí 1928. Þó er það gert að skilyrði, að húsráðandi hafi beinar eða óbeinar tekjur af fjárhættuspili eða veðmálum, er fram fara í húsum hans.

Um 185. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að ekki sé notuð nein sú aðferð, er valdi því, að brotið varði við ákvæði 226. gr. Sbr. og lög nr. 3 14. jan. 1876.

Um 186. gr.

Í fyrri mgr. er refsing lögð við því, ef maður vinnur í heimildarleysi starf, er opinbert leyfi eða viðurkenningu þarf til að gegna. Nær það bæði til manna, er aldrei hafa leyfið fengið, og þeirra einnig, er leyfi hafa haft, en síðan glatað því, t. d. vegna þess að þeir hafa verið sviptir því samkvæmt ákvæðum 68. gr. Ef refsing er lögð við brotinu i sérlögum, ber að dæma samkvæmt þeim, og skal þá ekki mál höfða eftir þessari grein. Hún er m. ö. o. til uppfyllingar, þegar refsiákvæði vantar í sérlög um brotið.

Í siðari mgr. er refsing lögð við framhaldi félagsskapar, er bannaður hefir verið í bráð eða endanlega leystur upp með dómi. Að sjálfsögðu koma oft önnur sjónarmið til greina, þegar félagsskapur er bannaður, en þau, er að atvinnumálum lúta, en hagkvæmt þykir að hafa ákvæðið í sambandi við ákvæði 1. mgr.

Um 187. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru sett til að bæta úr því, er í sérlög um leyfisbundinn atvinnurekstur skortir refsifyrirmæli um brot á skyldum gagnvart ríkisvaldinu. Séu hinsvegar í lögum sérákvæði um refsingu fyrir verknaðinn, ber að beita þeirri refsingu.

Um XXI. kafla.

Brot þau, sem tekin eru upp í þennan kafla, hafa áður verið sett með skírlifisbrotum, sbr. 16. kap. hegnl. 1869, þó að undanteknum ákvæðum 191. og 193. gr. frv. Er ákvæði 191. gr. nýtt, en 193. gr. samsvarar 215. gr. hegnl. 1869. Hefir þótt rétt að safna þessum refsiákvæðum saman i kafla, þar eða þau varða brot á sifskaparskyldum.

Ýmis verknaður, sem refsiverður er samkvæmt 16. kap. hegnl. 1869, en skyldur er brotum þeim, er þessi kafli fjallar um, er nú gerður refsilaus. Þannig er um hór sbr. 160. gr. hegnl. 1869, holdlegt samræði milli tengdra og milli stjúpforeldra og stjúpbarna, sbr. 163. og 164. gr. sömu laga, samskonar brot milli manns og konu, sem eru svo náskyld eða nátengd, að þau mega ekki giftast án leyfisbréfs, sbr. 166. gr. sömu laga, og hneykslanlega sambúð, sbr. 179. gr. sömu laga.

Refsiákvæði þessa kafla eru yfirleitt vægari en verið hefir um samskonar brot samkvæmt 16. kap. hegnl. 1869.

Um 188. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skal maður sæta refsingu fyrir brot á skyldum, er samfara eru hjónabandi hans sjálfs. Verknaður er refsiverður, þótt fyrra hjónabandið eigi að sæta ógildingu. Hafi fyrra hjónaband ekki stofnazt löglega t. d. af því, að vígslumaður hafi ekki verið bær um vígslu, kann að vera um tilraunarbrot að ræða af hálfu aðilja, ef þau álíta hjónabandið vera löglega stofnað. Gáleysisákvæði 2. mgr. á aðeins við um þann aðilja, sem áður var í hjónabandi. Hafi báðir aðiljar verið í hjónabandi, er þeir gengu að eigast, ber að meta brot beggja eftir 1. eða, ef til vill, 2. mgr. 188. gr.

Síðasta mgr. á við það, að siðara hjónaband sæti ekki ógildingu, hvorki samkvæmt opinberri ráðstöfun né eftir kröfu aðilja. Er minni ástæða til að refsa fyrir verknaðinn, þegar siðara hjónaband á að haldast.

Um 189. gr.

Verknaður er því aðeins refsiverður, að hjónaband skuli sæta ógildingu vegna skyldleika aðilja, sbr. lög nr. 39 27. júní 1921, um stofnun og slit hjúskapar, 13. sbr.

1. mgr. 41. gr. Að sjálfsögðu er verknaður ekki refsiverður, nema aðiljum sé kunnugt um skyldleikann, er þau ganga í hjónabandið. Gáleysi er ekki nægilegt. En haldi slíkir aðiljar hjónabandi áfram, eftir að þau hafa komizt að hinu rétta, myndi það verða refsivert samkvæmt reglum um dolus subsequens. Og samfarir aðilja, eftir að vitneskja um skyldleikann væri fyrir hendi, myndu vera refsiverðar eftir 190. gr. Þar eð refsing samkvæmt 190. gr. er að mun strangari en eftir 189. gr., ber ávallt að dæma refsingu samkvæmt báðum greinunum, þegar aðiljar hafa haft samfarir í hjónabandi, sem stofnað hefir verið í bága við ákvæði 189. gr., og aðiljum er um það kunnugt. Hinsvegar er brot eftir 189. gr. fullframið, þegar hjónaband er stofnað, þótt samfarir hafi ekki átt sér stað.

Um 190. gr.

Ákvæði greinarinnar nær til ættingja í beinan legg og systkina. Skiptir ekki máli um refsinæmi verknaðar, hvort heldur hann gerist milli alsystkina eða hálfsystkina. Greinin tekur ekki til kjörforeldra og kjörbarna, sbr. 201. gr.

Önnur kynferðismök en holdlegt samræði milli þessara aðilja eru ekki refsiverð.

Um 191. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er brot fólgið í því að misbjóða tilteknum vandamönnum, þar á meðal fósturbörnum undir 18 ára aldri, með stórfelldri vanrækslu eða móðgunum. Sem dæmi má nefna, að einhver þessara vandamanna er látinn búa við skort, þótt þess sé ekki þörf, að stórfelldar ærumeiðingar hafa verið í frammi hafðar eða aðrar slikar móðganir, t. d. það, að eiginmaður lokar konu sína úti eða gerist sekur um verknað, er getur i siðasta málslið 184. gr. hegnl. 1869.

Í 2. mgr. er refsing lögð við því, ef maður vanrækir framfærsluskyldu sina af þverúð. Sbr. hinsvegar 180. gr. frv. um samskonar vanrækslu vegna óreglu eða slæpingsskapar. Ákvæði þessarar mgr. á einkum við um menn, sem hafa nægileg efni á að inna af höndum framfærslutillög, en greiða þau ekki góðfúslega eða valda erfiðleikum við innheimtuna. Ákvæðið nær til hjóna, þótt þau búi ekki samvistum eða séu skilin að borði og sæng. Hinsvegar á það ekki við um meðlagsgreiðslu, eftir að fullur lögskilnaður er orðinn.

Rétt þykir að taka til greina vilja þess, sem misgert er við, um það, hvort aðilja skuli refsað fyrir brot samkvæmt þessari grein, sbr. 3. mgr.

Um 192. gr.

Í greininni er aðeins lögð refsing við því að tilgreina rangt eða ófullnægjandi um faðerni barns eða móðerni í tilkynningu til yfirvalds þess, sem tekur við tilkynningu um fæðingar. Ákvæðið nær jafnt til skilgetinna barna sem óskilgetinna og jafnt til þess, hvort heldur faðerni eða móðerni er rangfært.

Ákvæði síðari mgr. nær bæði til þess, að kona hafi verið vanfær, er hún gekk i hjónaband, og annar en eiginmaður sé faðir, og einnig hins, að kona hafi getið barn með öðrum en eiginmanni sínum, eftir að hjónaband þeirra stofnaðist. Væntanlega mun mega beita ákvæðum þessarar mgr. analogískt, þegar svo stendur á, að ekkja eða fráskilin kona, sem þunguð er af völdum bónda síns, giftist á ný og eignar siðari manni sínum barnið.

Um 193. gr.

Hér er lögð refsing við broti samskonar því, sem í 226. gr. getur. Þar eð barn er ekki enn sjálfrátt, beinist verknaður að rétti foreldris til umráða yfir barni, og á ákvæðið því heima í þessum kafla.

Um XXII. kafla.

Ákvæði þessa kafla eru reist á ýmsum mismunandi sjónarmiðum, en hafa það þó sameiginlegt, að þau varða að einhverju leyti kynferðislif manna. Mörg

ákvæðanna beinast að því að vernda kynfrelsi kvenna, önnur að því að vernda kynferðislíf barna og unglinga, sumum ákvæðanna er ætlað að koma í veg fyrir það, að menn geri sér lauslæti annarra að tekjulind, og loks eru ákvæði, sem vernda blygðunartilfinningar og leggja refsingu við verknaði, er almennum hneykslum getur valdið.

Um 194. gr.

Hugtakið nauðgun er samkvæmt grein þessari víðtækara en nú er eftir 169. gr. hegnl. 1869. Er það ekki lengur skilyrði, að konan hafi ekki óorð á sér, til þess að fullri refsingu verði beitt. Til nauðungarverknaðar teljast nú frelsissvipting og hótanir um margt annað en ofbeldi þegar í stað. Þá er það nú talið til nauðgunar að komast yfir kvenmann með því að svipta hana sjálfræði sínu.

Um 195. gr.

Auk geðveiki og fávitaskapar kemur hér til greina ýmis skammvinn truflun, svo sem rænuleysi vegna áfengisneyzlu. Hafi sökunautur valdið því ástandi í því skyni að komast yfir kvenmanninn, myndi það brot þó varða við 194. gr.

Um 196. gr.

Hér er brot í því fólgið, að beitt er vægari nauðung en í 194. gr. getur. Greinin á við það, að konunni sé hótað því, að hún sjálf verði beitt frelsissviptingu eða ofbeldi eða sakburði um vansæmandi eða refsiverða háttsemi hennar sjálfrar.

Um 197. gr.

Greinin kemur i stað 168. gr. hegnl. 1869, en er nokkru víðtækari, þar eð hún nær til allra starfsmanna á viðkomandi hæli eða stofnun.

Um 198. gr.

Hér er nýmæli, sem koma á í veg fyrir það, að yfirboðarar misnoti aðstöðu sina gagnvart konum, er þeir hafa yfir að segja, með því að beita þær fjárhags- eða atvinnukúgun i því skyni að komast yfir þær.

Um 199. gr.

Ekki er skilyrði til þess, að refsa megi eftir þessari grein, að sökunautur hafi sjálfur komið konunni i villu þá, er í greininni getur. Nægilegt er, að sökunaut sé kunnugt um, að villan er fyrir hendi, og að hann misnoti villuna sem í greininni segir.

Um 200. gr.

Ákvæði greinarinnar samsvara 174. og 175. gr. hegnl. 1869. Þó er aldurstakmark samkvæmt fyrri mgr. 14 ár í stað 12 ár samkvæmt nefndri 174. gr., og i síðari mgr. 14—16 ára aldur í stað áður 12—16 ára.

Málssókn er opinber, án þess að kröfu þurfi um hana að gera.

Um 201. gr.

Samsvarar 167. gr. hegnl. 1869. Þó er verknaður ekki refsiverður nú, ef viðkomandi stúlka er eldri en 18 ára.

Um 202. gr.

Samsvarar 177. gr. hegnl. 1869.

Um 203. gr.

Aðalreglan verður sú eftir grein þessari, að kynferðismök milli persóna af sama kyni sé refsilaus. Ákvæði greinarinnar eru undantekningar frá þeirri reglu.

Séu kynferðismök höfð með þeim atvikum, er í 1. mgr. segir, er brotið gegn

athafnafrelsi einstaklings, og verður verknaður því jafnan refsiverður, þegar svo stendur á.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru sett til verndar siðferði barna og unglinga. Er því refsivert fyrir þann, sem eldri er en 18 ára, að hafa kynferðismök við ungling af sama kyni yngri en 18 ára, sbr. 2. mgr., og einnig við ungling af sama kyni á aldrinum 18—21 árs, ef sökunautur hefir beitt yfirburðum aldurs og reynslu. Þegar svo stendur á, mundi sökunautur oftast vera eldri en 21 árs, sbr. ákvæðið um yfirburði aldurs, en ekki er það þó skilyrði fyrir því, að refsingu megi beita eftir 3. mgr. Kynferðismök við dýr, sem refsiverð eru eftir 178. gr. hegnl. 1869, verða nú refsilaus.

Um 204. gr.

Greinin leggur refsingu við gáleysisverknaði í sambandi við tilfærðar greinar kafla þessa.

Um 205. gr.

Greinin heimilar aðeins brottfall refsingar, þegar viðkomandi persónur ganga að eigast eða halda áfram hjúskaparsambúð.

Um 206. gr.

1. mgr. hefir refsiákvæði við því, að menn geri sér að tekjulind lauslæti annarra, svo sem með því að leigja út herbergi í því skyni fyrir hærra verð en venja er í öðrum samböndum, eða með milligöngu eða hvatningum.

Í 2. mgr. er lögð refsing við verknaði, sem miðar að því að spilla siðferði barna og unglinga. Er sá verknaður refsiverður, þótt hann sé ekki framinn i ávinningsskyni.

3. mgr. fjallar um tvennskonar brot. Annarsvegar liggur refsing við því að stuðla að útflutningi manns undir 21 árs aldri i því skyni, að hann hafi ofan af fyrir sér erlendis með lauslæti. Hér skiptir ekki máli, þótt útflytjandinn viti um þennan tilgang, og er refsiákvæðið því sett til verndar siðferði barna og unglinga. Hinsvegar er lögð við því refsing að stuðla að útflutningi eldra manns en 21 árs í sama skyni, ef honum er ókunnugt um tilganginn. Í því felst það, að verkið er refsilaust, ef útflytjanda er kunnugt um tilganginn með förinni. Sé síðarnefnt brot þess eðlis, að það varði við ákvæði 226. gr. (t. d. hvít þrælasala), ber auðvitað að refsa samkvæmt þeirri grein.

Um 207. gr.

Refsa ber aðeins þeim aðiljanum, sem við borgun tekur.

Um 208. gr.

Hér skal þess gætt, að skilyrði samkvæmt 70. gr. fyrir því, að brot eigi að hafa itrekunaráhrif, séu fyrir hendi.

Um 209. gr.

186. gr. hegnl. 1869 er tekin hér upp óbreytt að efni.

Um 210. gr.

Grein þessi er um sama efni sem 185. gr. hegnl. 1869, en að ýmsu leyti víðtækari. 1. mgr. er þó að mestu leyti samhljóða 1. málslið 185. gr. Samkvæmt 2. mgr. er nú refsivert að búa til eða flytja inn i útbreiðsluskyni þá hluti, er hér getur. Einnig er það nýmæli, að refsa skuli þeim, er efnir til fyrirlestrar eða leiks, sem er ósiðlegur á þann hátt, er í greininni getur. Loks er og refsing lögð við því að láta klámrit eða aðra slíka hluti af hendi við yngri menn en 18 ára.

Um XXIII. kafla.

Refsiákvæði um manndráp og líkamsmeiðingar eru hér gerð að miklum mun einfaldari en verið hefir samkvæmt 17. og 18. kap. hegnl. 1869. Þykja ákvæði beggja þessara kap. eiga heima i einum og sama kafla, þar eð manndráp er ein tegund líkamsárása.

Um 211. gr.

Ekki er gerður greinarmunur á því, hvort manndráp hafi verið framið „af ásettu ráði", sbr. 187. gr. hegnl. 1869, eða „með ráðnum huga", sbr. 191. gr. sömu laga. Regla 188. gr. hegnl. 1869 er felld burtu, sbr. aftur á móti 4. tölulið 74. gr. og almenna ákvæðið i 75. gr. frv. Brot er ekki fullframið, nema það hafi haft dauða í för með sér. Sjá ennfremur athugasemd við 212. gr. um fóstur og barn.

Um 212. gr.

Ástæður þær, sem hér eru látnar valda refsilækkun móður, eru bundnar við hana persónulega, og geta því hlutdeildarmenn ekki notið góðs af ákvæðum þessarar greinar. Þeim ber því að refsa eftir 211. gr.

Sé fósturástandi enn ekki lokið, þegar brot er framið, mundi verknaður aðeins varða við 216. gr. En þá er fósturástandi talið lokið, er barn lifir utan við líkama móður sinnar, enda þótt það sé ekki enn að öllu leyti laust við likama hennar og enn hafi ekki verið skilið á milli. Ekki er það skilyrði fyrir sjálfstæðri tilveru barns, að það hafi byrjað andardrátt með lungum.

Um 213. gr.

Af grein þessari má sjá, að samþykki þess, sem af dögum er ráðinn, leysir ekki banamann undan refsingu. Hinsvegar lækkar það refsingu til muna, ef manndráp hefir gerzt fyrir brýna beiðni þess, sem lífi er sviptur. Að sjálfsögðu verður að krefjast þess, að sá, sem beiðnina ber fram, sé með fullu ráði og kominn til þess aldurs, að hann geri sér ljósa grein fyrir beiðninni og skilji þýðingu hennar. Leiði verknaður ekki til dauða beiðandans, ber að refsa fyrir tilraun samkvæmt þessari grein, en ekki jafnframt fyrir likamsmeiðingu.

Séu miklar málsbætur fyrir hendi, svo sem að sá, sem verksins beiðist, sé haldinn ólæknandi, kvalafullum sjúkdómi, mundi mega lækka refsingu eða jafnvel láta hana niður falla eftir ákvæðum 75. gr. frv.

Um 214. gr.

Sjálfsmorðstilraun er refsilaus samkv. frv., eins og áður hefir verið. Brot það, er í þessari grein getur, er því ekki hlutdeild í sjálfsmorði, heldur sérstakt brot. Hafi sjálfsmorðinginn verið svo andlega miður sín eða á svo ungum aldri, að telja beri hann hafa verið óábyrgan gerða sinna, myndi aðstoð við sjálfsmorðið varða venjulegri refsingu fyrir manndráp, en ekki eiga undir þessa grein.

Um 215. gr.

Grein þessi kemur i stað 200. gr. hegnl. 1869 og er eins að efni.

Um 216. gr.

Hér vísast til umsagnar við 212. gr. um það, hvenær fósturástandi telst lokið. En fósturástand telst byrjað, þegar er frjóvgun hefir átt sér stað. Refsing er hér mjög færð niður og brottfall hennar jafnvel heimilað að því er varðar móðurina sjálfa. Einnig er ónothæf tilraun af hennar hálfu jafnan refsilaus.

Hlutdeildarmönnum í fósturdrápi ber jafnan að refsa eftir 2. mgr. Sé verkið hinsvegar framið án samþykkis móður, eða samþykki hennar er þýðingarlaust, ber að refsa eftir síðasta málslið 2. mgr.

Um 217. gr.

Mörkin milli 217. og 218. gr. eru nokkuð á annan veg en mörkin milli 202. og 205. gr. hegnl. 1869. Síðarnefnd mörk eru við það miðuð, hvort árásin hafi valdið áverka eða öðrum skaða. Hér er áverki hinsvegar ekki nefndur, en mörkin miðuð við það, hvort líkamsárásin hefir valdið tjóni. Beri sá, sem á er ráðizt, engar menjar árásarinnar, hann hefir t. d. orðið fyrir höggi, er veldur honum sviða skamma stund, en hefir ekki aðrar afleiðingar, þá varðar slík árás við 217. gr. Sama er og, þegar afleiðingar árásarinnar eru svo smávægilegar, að þær verða ekki taldar til tjóns á líkama eða heilbrigði. Þannig mundi oftast vera um smávægilegt mar eða hrufl, skinnsprettu, blóðnasir o. s. frv.

Eigi brot undir 217. gr., skal það vera aðalregla sem áður, að sá, sem misgert er við, verði að sækja sökunaut til refsingar í einkamáli. Vegna þess að mörkin milli 217. og 218. gr. eru oft óglögg, þykir rétt að heimila jafnan opinbera málssókn.

Um 218. gr.

Um mörkin milli 217. og 218. gr. er rætt í sambandi við 217. gr.

Þessi grein nær yfir allar likamsmeiðingar aðrar en þær, er i 217. gr. getur. Verða því refsimörkin að vera óvenjulega rúm, þar eð brot þessi eru mjög mismunandi.

Um 219. gr.

Takmörkin fyrir því, að refsa skuli fyrir likamsmeiðsl af gáleysi, eru rýmkuð að mun frá því sem ákveðið er í 209. gr. hegnl. 1869, því sú grein miðar aðeins við líkamsmeiðingu samkvæmt 206. gr. sömu laga.

Um 220. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru svipuð ákvæðum 198. gr. hegnl. 1869. Útburður barns, sbr. nefnda 198. gr., fellur að jafnaði undir 1. mgr. Aðeins er sú undantekning gerð í 2. mgr., að hafi móðir yfirgefið barn sitt bjargarvana, þá má dæma henni lægri refsingu, ef svo var ástatt, sem í 212. gr. segir, og jafnvel láta refsingu niður falla.

3. mgr. samsvarar 199. gr. hegnl. 1869.

4. mgr. er nýmæli. Nægilegt er, til þess að brot teljist fullframið, að lífi eða heilsu manna hafi verið stofnað í háska.

Um 221. gr.

201. gr. hegnl. 1869 er tekin hér upp að efni til, þó með þeirri breytingu, að refsa skal, þótt maður sá, er í lífsháska var, hafi ekki beðið bana. Ennfremur er bætt við því ákvæði, að refsingu varði að viðhafa ekki aðferðir, sem boðnar eru til umönnunar þeim, er lent hafa i skipreika eða öðrum svipuðum óförum, sbr. m. a. 1. gr. laga nr. 46 15. júní 1926, um skipströnd o. fl.

Um 222. gr.

Hér verður að meta hverju sinni, hversu mikil hætta hefir af verknaðinum stafað. Ekki er skilyrði fyrir refsingu, að tjón hafi af hlotizt.

Um 223. gr.

Hér er átt við vanrækslu, er stofnar lifi eða heilbrigði móður eða barns í hættu, án þess þó, að broti sé þannig varið, að refsa beri fyrir það eftir 220. gr.

Um 224. gr.

Brot er fullframið, þegar maður hefir átt það á hættu að sýkjast. Hvort hættunni er valdið með samförum, öðrum mökum eða með því t. d. að koma veiku barni í fóstur sem brjóstabarni, skiptir ekki máli.

Um XXIV. kafla.

Í kafla þessum eru ákvæði um refsiverðar árásir á athafnafrelsi manna, þ. e. rétt manna til þess að ráða sjálfir athöfnum sínum eða athafnaleysi, og á rétt manna til þess að ráða sjálfir dvalarstað sínum.

Um 225. gr.

Hagsmunir þeir, sem verndaðir eru með grein þessari, eru að öllu leyti hinir sömu, sem nú njóta verndar samkvæmt 212. gr. hegnl. 1869. Hagsmunir þessir eru, sem fyrr segir, athafnafrelsi manna, réttur manna til að ráða sjálfir, án ólöglegrar ihlutunar annarra, hvað þeir gera, þola eða láta hjá líða að gera, svo sem það er orðað bæði í nefndri 212. gr. og nú í 225. gr. frv. Þennan rétt hafa allir menn, einnig börn og geðveikir menn, þótt þeir ef til vill beri ekki skyn á mótgerðina.

Samkvæmt þessari grein eiga hagsmunir þessir að njóta verndar gegn margskonar athöfnum, sem þeir eru ekki verndaðir fyrir eftir 212. gr. hegnl. 1869. Þar eru þeir aðeins verndaðir fyrir persónulegu ofbeldi og hótun um persónulegt ofbeldi. Eftir 225. gr. frv. er ýms önnur nauðung refsiverð. Meðal annars er nú refsivert, að hóta að hafa upp sannan sakburð, ef nauðungin á ekki nægilegan rétt á sér vegna þess málefnis, sem hótunin beinist að. Samkvæmt þessu myndi t. d. vera refsivert að hóta þjóf kæru fyrir þjófnaðinn, ef hann ekki greiddi verzlunarskuld. Hinsvegar myndi vera leyfilegt að hóta honum kæru, ef hann skilaði ekki aftur þýfinu eða greiddi andvirði þess.

Brot er ekki fullframið, nema nauðungin hafi haft áhrif, þ. e. að sá, sem nauðung var beittur, hafi gert eitthvað, þolað eitthvað eða látið hjá líða að gera eitthvað vegna nauðungarinnar.

Um 226. gr.

Fyrri mgr. er eins að efni til og fyrri málsliður 213. gr. hegnl. 1869. Í síðari mgr. eru talin nokkur tilfelli frelsissviptinga, sem látin eru varða aukinni refsingu. Nýtt er það, að láta frelsissviptingu í ávinningsskyni sæta aukinni refsingu og ennfremur, að lögð er þyngri refsing við frelsissvipting, sem er fólgin í því, að maður er settur í heimildarleysi á geðveikrahæli.

Um 227. gr.

Frelsissvipting í gáleysi er því aðeins refsiverð, að brot hafi framið verið, er aukinni refsingu á að sæta eftir 2. mgr. 226. gr.

Um XXV. kafla.

Í þennan kafla er safnað ákvæðum um brot gegn friðhelgi einkalifs og æru. Mönnum er ákveðinn réttur til þess að vera sér um einkamál sín, og látið varða refsingu, sé þeim friði raskað. Þá er og refsing lögð við ýmsum athöfnum, sem eru til þess fallnar að lækka menn í sinum augum eða annarra. Venjulegast þarf ekki að sannast, að hinir vernduðu hagsmunir hafi verið skertir, heldur er nægilegt, að friður um hagsmunina sé rofinn. Sá, sem ærumeiddur hefir verið, þarf t. d. ekki að sanna, að mannorð hans hafi hnekki beðið af meiðyrðunum. Ef sá, sem fyrir sök er hafður, getur hinsvegar sannað, að engin hagsmunaröskun hafi átt sér stað, t. d. vegna þess, að einkamálefni, sem frá hefir verið skýrt, sbr. 229. gr., hafi áður verið á hvers manns vitorði, eða vegna þess að ærumeiðandi ummæli séu sönn, þá er verknaður oftast, en þó ekki ávallt, refsilaus.

Um 228. gr.

Í 1. mgr. eru gögn, sem hafa að geyma einkamál, vernduð fyrir því, að aðrir menn kynni sér þau í heimildarleysi, ef þeir hafa komizt að gögnunum með tilteknum hætti, sem telst sérstaklega vítaverður. Verndin nær að sjálfsögðu einnig til skjala og annarra einkagagna félaga og stofnana.

Í 2. mgr. er lögð sama refsing við því að eyðileggja eða skjóta undan, þ. e. svipta eigandann gögnum þeim, er í 1. mgr. getur. Skiptir þá ekki máli, hvernig sökunautur hefir komizt yfir gögnin, en að sjálfsögðu verður eyðileggingin eða undanskotið að vera óheimilt.

Í 3. mgr. er loks refsing lögð við því að kynna sér, hvað annar maður hefir í hirzlum sínum, ef það er gert án nægilegra ástæðna. Verða dómstólarnir að meta það hverju sinni.

Um 229. gr.

Ætlazt er til, að í þessari grein felist óbreytt regla 222. gr. hegnl. 1869, þ. e. a. s. hins danska texta þeirrar greinar, sem er réttari.

Um 230. gr.

Grein þessi á við þá, sem gegna einhverju starfi, er opinbera heimild þarf til, enda varði brotið ekki við 136. gr. Hún nær einnig til aðstoðarmanna slikra manna, hvort heldur opinberra starfsmanna eða manna, er gegna atvinnurekstri eða starfsemi, er opinbera heimild þarf til.

Um 231. gr.

Samsvarar að efni 223. gr. hegnl. 1869, en er að því leyti viðtækari, að i stað heimilis kemur hús eða skip eða annar sökunaut óheimill staður. Svo er og lögð aukin refsing við stórfelldum eða sérstaklega hættulegum brotum.

Um 232. gr.

Ákvæði greinarinnar eru ný. Samkvæmt 1. mgr. verður áminning lögreglunnar fyrst að koma til. Ef sökunautur lætur ekki við það skipast, skal honum refsað eftir því, sem í 1. mgr. segir, ef sá krefst þess, sem misgert er við, sbr. 242. gr.

Samkvæmt 2. mgr. verður ofsóknin að vera opinber. Skýrslurnar verða að vera vísvitandi ósannar og lagaðar til að lækka mann í augum almennings. Hinsvegar þarf ekki að vera um ærumeiðingar að ræða.

Um 233. gr.

Hér er refsing lögð við hótunum, sem til þess eru fallnar að vekja ótta um líf, heilbrigði eða velferð.

Um 234. gr.

Þessi grein samsvarar 219. gr. hegnl. 1869. Hér er átt við aðrar móðganir en ærumeiðandi aðdróttanir, sbr. 235. gr., svo sem skammaryrði, móðganir í látæði o. s. frv. Aðdróttun um refsiverðar eða vansæmandi athafnir getur þó fólgizt i látæði, teikningum o. s. frv., og varðar það þá við 235. gr.

Um 235. gr.

Þessi grein leggur refsingu við ærumeiðandi aðdróttunum, hvernig svo sem þær eru fram bornar, og útbreiðslu þeirra. Ekki er ætlazt til, að svið ærumeiðinga sé rýmkað frá því, sem hingað til hefir verið samkvæmt skýringum á 217.—219. gr. hegnl. 1869, þótt hert sé á refsingum.

Um 236. gr.

Samkvæmt 1. mgr. gildir einu, á hvern hátt aðdróttunin hefir verið borin fram, en samkvæmt 2. mgr. þarf hún að hafa verið borin fram opinberlega.

Um 237. gr.

Hér er gerð undantekning frá þeirri reglu, að sönnun leysi undan refsingu. Að jafnaði mundi það vera talið ótilhlýðilegt að brigzla manni að ástæðulausu um refsivert eða vansæmandi verk, er hann hefði framið.

Um 238. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er óheimilt að færa sönnur á refsiverðan verknað, þegar svo stendur á, sem þar segir. Eiga þá dómstólar að neita sönnunarfærslunni ex officio. Samkvæmt síðari mgr. er að vísu leyfilegt að færa fram sannanir, en sönnunin leysir þar ekki undan refsingu.

Um 239. gr.

Þegar svo stendur á, sem hér segir, hafa dómstólar heimild til að láta refsingu falla niður að því er annan eða báða aðilja varðar.

Um 240. gr.

Um málshöfðunarheimild eða heimild til að krefjast opinberrar málssóknar, sjá 25. gr., 3. mgr.

Um 241. gr.

Heimilt er að dæma ummæli ómerk, þótt þau þyki ekki þannig löguð, að refsa beri fyrir þau.

Um 242. gr.

Um 242. gr. 2, b athugast það, að ærumeiðingar út af starfi opinbers starfsmanns eru refsiverðar eftir 108. gr. Um c-lið skal þess getið, að nafnlausar greinar í blöðum falla ekki hér undir, þar eð um ábyrgð á þeim fer eftir prentlögum og því jafnan víst um ábyrgðarmann.

Þótt þess sé ekki sérstaklega getið, er til þess ætlazt, að opinberir starfsmenn og aðrir, er rétt hafa til að krefjast opinberrar málssóknar út af meiðyrðum, geti höfðað einkameiðyrðamál, ef þeir kjósa það heldur, eða ef svo ber undir, að hið opinbera neitar að höfða mál.

Um XXVI. kafla.

Hér er safnað fyrirmælum um auðgunarbrot. Um sérkenni auðgunarbrota, auðgunartilganginn, vísast til athugasemda við 243. gr.

Efnisskipun brota er hér allmjög á annan veg en nú er í 23.—26. kap. hegnl. 1869, sbr. lög nr. 51 7. mai 1928. Einkum er breytt efnisskipun ákvæða um svik, og svið þeirra rýmkað, sbr. einkum 249. gr. Ákvæði um eftirfarandi hlutdeild í auðgunarbrotum er sett i einu lagi, og nær það einnig til eftirfarandi hlutdeildar í þjófnaði, hilmingarinnar. Ákvæði um ítrekun eru gerð einfaldari en áður hefir verið. Heimild til að dæma lægri refsingu en venjulega, þegar um smáfelld brot er að ræða, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51 7. mai 1928 og 258. gr. hegnl. 1869, er nú látin ná til allra auðgunarbrotanna, að ráni og fjárkúgun undantekinni. Brot það, er um getur í 253. gr., er nýtt. Ýmsar fleiri breytingar eru gerðar, og verður þeirra getið í sambandi við einstakar greinar kaflans.

Um 243. gr.

Hér er tekið fram i upphafi kaflans, að verknaður geti því aðeins varðað við ákvæði hans, að hann hafi verið framinn i auðgunarskyni. Er þá átt við, að ásetningur brotamanns hafi verið sá, að afla sér eða öðrum fjárvinnings á þann hátt, að annar maður biði ólöglega fjártjón að sama skapi.

Um 244. gr.

Ekki þykir ástæða til að skýrgreina i lögum þjófnaðarbrotið, þar eð enginn vafi mun á því leika, hvorki í réttarfræði né framkvæmd, hvað í því hugtaki á að felast. Hugtakið er þó rýmkað hér að þvi leyti, að þjófnaður getur náð til orkuforða.

Lágmark refsingar samkvæmt 2. mgr. er lægsta stig fangelsis, sbr. 1. mgr. Er hér aðeins heimild til hækkunar, og tilfelli þau, sem nefnd eru, aðeins dæmi um stórfelld þjófnaðarbrot.

Um 245. gr.

Samsvarar 239. gr. hegnl. 1869. Þar eð þjófnaður er skýrgreindur þannig, að taka hlutar (nú einnig orkuforða) verði að fara fram með leynd, þá þykir rétt að láta gripdeildarhugtakið haldast. En munur gripdeildar og þjófnaðar er, sem áður, sá, að gripdeild er framkvæmd án leyndar.

Um 246. gr.

Ákvæði þetta er nokkuð breytt frá því, sem nú er mælt í 249. og 250. gr. hegnl. 1869. Að vísu er með fundnum munum í þessari grein átt við sömu muni, sem í nefndri 249. gr. getur. En brot er nú í því fólgið, að kasta eign sinni á þá, en í 249. gr. í því, að lýsa ekki munum. Þá nær brot og til muna, sem án aðgerða brotamanns eru komnir i vörzlur hans. Sbr. áður i 250. gr., fjármunir, sem komnir eru af hendingu í vörzlur hans. Hafi maður fundið hlut og tekið hann i vörzlur sínar, án þess að hafa þá þann ásetning að kasta eign sinni á muninn, en sá ásetningur verður til síðar, þá mundi það brot varða við þessa grein, sbr. orðalagið: kasta eign sinn á fundna muni.

Um 247. gr.

Samkvæmt þessari grein skal refsa fyrir það, er maður kastar eign sinni á (dregur sér) lausafjármuni, sem hann hefir i vörzlum sinum, en eru eign annars manns, enda varði brotið ekki við 246. gr. Ekki er það skilyrði sett hér, að brotamanni hafi verið trúað fyrir hlutnum, sbr. fyrri hluta 255. gr. hegnl. 1869. Maður, sem tekið hefir hlut i vörzlur sínar einhliða, t. d. sem björgunarmaður, samkvæmt neyðarrétti eða til afnota, án þess að ætla sér þá að kasta eign sinni á hann, en dregur sér hann síðar, á að sæta refsingu eftir þessari grein.

2. mgr. ræðir um það, er maður hefir dregið sér heimildarlaust peninga annars manns, er hann hefir i vörzlum sínum. Hafi hann átt að halda peningunum aðgreindum frá sinu fé, væri ótvirætt um brot á 1. mgr. að ræða. Nokkuð öðru máli gegnir um peninga, sem manninum var heimilt að blanda saman við sitt eigið fé (depositum irregulare). Aðalsjónarmiðið verður hér, hvort vörzlumaður fjárins sá, að hann stofnaði rétti eiganda peninganna i hættu með eyðslunni. Hann er skyldur að haga eyðslu sinni á þá lund, að hann sé ávallt fær um að greiða eigandanum peningana. Og sé fjárhag hans þannig háttað, að hann eigi ekki fyrir skuldum og megi óttast það, að lánardrottnar gangi að fjármunum hans, mundi honum að jafnaði vera skylt að halda peningum annars manns, er hann hefir í vörzlum sinum, aðgreindum frá sinu fé.

Um 248. gr.

Hér er brot það skýrgreint, er refsivert hefir verið eftir 253. gr. hegnl. 1869. Nær það einnig til sumrar háttsemi, er refsiverð hefir verið eftir 254. gr., sbr. að nokkru leyti það brot, að draga dul á kröfu, sem dánarbúi ber, og sökunautur var skyldur að segja til, og ennfremur til brota, sem refsiverð eru eftir 257. og 261. gr. sömu laga.

Með orðinu fé er átt við hvers kyns fjárverðmæti, þar á meðal fasteignir, munnlegar fjárkröfur o. s. frv. Hinsvegar nær greinin ekki til annarra svika en þeirra, er að fjárverðmætum lúta.

Um 249. gr.

Ákvæðið um misnotkun aðstöðu til þess að gera eitthvað, er annar maður verður bundinn við, á ekki einungis við um umboð, heldur og aðra raunverulega aðstöðu til þess að gera eitthvað, er bindur annan mann. Þá er greinin og sett til verndar því, að menn, er hafa á hendi fjárreiður fyrir aðra, svo sem fjárhaldsmenn, framkvæmdar-

stjórar félaga og stofnana o. s. frv., misnoti aðstöðu sína sér eða öðrum til hags, en umbjóðanda sínum til tjóns.

Um 250. gr.

Hér er safnað ákvæðum um brot, er lúta að því, að kröfuhafi fái ekki kröfu sinni fullnægt, eða sá, er réttindi hefir eignazt yfir hlut annars manns, verði afréttinum vegna sviksamlegra athafna eigandans.

Í 1. tölulið er refsing lögð við verknaði, sem miðar að því, að rétt krafa fáist ekki viðurkennd. Verður þar aftur að greina á milli, hvort um einfalda synjun er að ræða, eða hvort rangri synjun er einnig samfara röng notkun sönnunargagna.

Sé aðeins synjað fyrir skylduna, verður sá verknaður ekki refsiverður, nema krafa sé þess eðlis, er í fyrri hluta töluliðsins getur. Synjunin verður að beinast að því, að sökunautur hafi ekki tekið við láni til eignar, hvort heldur peningum eða öðru, eða greiðslu þeirri, t. d. einstökum hlutum, vöru, vinnu o. s. frv., sem endurgjald á fyrir að koma. Endurgjaldið getur verið hvort heldur peningar, önnur tegundargreiðsla eða einstaklega tiltekinn hlutur. Að likindum má stundum beita ákvæðinu með lögjöfnun, þegar krafa er heimt, sem af samningi er risin, og skuldari synjar ranglega fyrir, að atvik hafi gerzt, er réttmæti kröfunnar er undir komið, enda hvíli sönnunarbyrðin fyrir því, að atvikið hafi gerzt, á kröfuhafa.

Synji maður ranglega efnda á skyldu með rangri notkun sönnunargagna, er sá verknaður refsiverður, án tillits til þess, hver skyldan er. Þó verður það að sjálfsögðu að vera fjárskylda, því ella væri ekki um auðgunarbrot að ræða.

Í 2. tölulið eru ákvæði um brot þau, sem nú eru refsiverð eftir síðari hluta 255. gr. hegnl. 1869.

Í 3. tölulið er tekið brot, er i því felst, að gjaldþrota maður eða sá, er nauðasamnings leitar við lánardrottna, hefst eitthvað að, sem miðar að þvi, að eignir eða kröfur búsins komi ekki lánardrottnum að gagni, sbr. 262. gr. hegnl. 1869. Brot er fullframið, þegar einhver slík háttsemi hefir verið höfð í frammi, þótt tilgangur hafi ekki náðst.

Athafnir þær, er refsiverðar eru eftir 4. tölulið, eru ekki, eins og nú samkvæmt 262., 263. og 265. gr. hegnl. 1869, miðaðar við það, að þær hafi gerzt eftir að bú manns var tekið til gjaldþrotaskipta, eða um þær mundir, er hann sá, að gjaldþrot vofði yfir. Verður að meta það hverju sinni, hvort skuldunautur hafi ætlað sér að auðga sig eða aðra á þann hátt, að lánardrottnar biðu tjón.

Í 2. mgr. eru ákveðin skilyrði fyrir þvi, hvenær lánardrottinn á að sæta refsingu fyrir hlutdeild i broti skuldunauts samkvæmt 4. tölulið 1. mgr. En vafi hefir áður þótt leika á því, hvort refsa bæri lánardrottnum, þegar ivilnun til þeirra hefir verið refsiverð af hálfu skuldunauts.

Hafi brot verið framið, sem í 4. tölulið getur, og hvorugt þeirra atvika er samfara brotinu, er í síðustu mgr. segir, þá þykir ekki rétt að mál sé höfðað, nema sá krefjist, sem misgert er við.

Um 251. gr.

Hér er refsing lögð við fjárkúgun, sbr. áður 247. gr. hegnl. 1869. Hafi fé verið haft af manni með persónulegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar i stað, þá er verknaður rán, sem refsing er lögð við í 252. gr. Að öðru leyti er þvingunaraðferð hér sú sama, sem almennt um skerðingu athafnafrelsis, sbr. 225. gr. frv.

Um 252. gr.

Þrátt fyrir breytt orðalag, er ætlazt til, að grein þessi um rán sé eins að efni til og 245. gr. hegnl. 1869.

Um 253. gr.

Hér er gerður refsiverður verknaður, sem í 7. gr. laga nr. 73 19. júní 1933 getur, þó að því undanskildu, að maður hafi notað sér léttúð annars manns til að afla sér hagnaðar.

Um 254. gr.

Hér er lögð refsing við svonefndri eftirfarandi hlutdeild í auðgunarbrotum almennt, og nær ákvæðið einnig til eftirfarandi hlutdeildar í þjófnaði. Um eftirfarandi hlutdeild í öðrum brotum, sjá 22. gr.

Um 255. gr.

Hér eru ákvæði um ítrekunaráhrif auðgunarbrota. Eru þau einföld og þarfnast ekki skýringa. Gæta skal ákvæða 71. gr. við notkun greinar þessarar.

Um 256. gr.

Hér er ákvæði um sérstaklega smáfelld brot, samsvarandi því, sem nú er í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51 7. maí 1928, sbr. áður 237. gr. hegnl. 1869. Er það með lítilsháttar breytingum gert að almennu ákvæði um auðgunarbrot, þó að ráni og fjárkúgun undanteknum.

Ákvæði 3. mgr. er nýtt, og er heimildin ekki bundin við það, að brot sé smáfellt, svo sem í 1. og 2. mgr. segir.

Um XXVII. kafla.

Í þennan kafla er safnað ákvæðum um ýmis brot, er varða fjárréttindi. Auðgunartilgangs er ekki krafizt að því er þau brot varðar, og greinir það þau frá brotum þeim, er í XXVI. kafla getur.

Um 257. gr.

Grein þessi samsvarar 298. gr. hegnl. 1869. Með eignasviptingu er átt við það, að eigandi sé sviptur eign sinni fyrir fullt og allt. Nýmæli er það, að refsa skuli fyrir gáleysisverknað.

Um 258. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nýtt. Ásetningur sökunauts með eignaspjöllum eða undanskoti verður að ná til þess að baka lánardrottni tjón, eftir því, sem í gr. segir.

Um 259. gr.

1. mgr. kemur í stað 238. gr. hegnl. 1869. Hér er þó sett það skilyrði, að notkunin baki eiganda tjón eða veruleg óþægindi.

Takmörkin milli þjófnaðar og nytjastuldar verða oft óljós, þegar samfara notkun hlutar er eyðsla einhvers verðmætis, svo sem benzineyðsla, ef bifreið er notuð, kola- eða oliueyðsla, ef skip er notað, o. s. frv. Má þá oft hafa hliðsjón af því, hversu miklum verðmætum hefir verið eytt, og því einnig, hvort telja verður eyðsluna aukaatriði, miðað við brot það, er felst í notkun sjálfs hlutarins.

Með 2. mgr. er ekki einungis eigandi hlutar verndaður fyrir því, að umráðaréttur hans yfir hlut sé skertur, heldur og aðrir vörzluhafar, er umráðaréttar njóta eða rétt hafa til að halda hlutnum, svo sem leigutaki, handveðs- eða haldsréttarhafi o. s. frv.

Um 260. gr.

Hér er tekið upp efni 117. gr. hegnl. 1869. Eldra orðið yfir verknað þennan, gertæki, er haft í stað orðsins sjálftaka.

Um 261. gr.

Þessi grein kemur i stað 259. gr. hegnl. 1869. Orðalagið er þó nokkru þrengra en þar, því hér er þess krafizt, að athafnirnar séu samskonar athöfnum, er í 248. —250. gr. getur. Að sjálfsögðu er heimilt að beita analogiu hér á sama hátt og um þessar greinar sjálfar.

Þrátt fyrir orðalagið: „án þess að auðgunartilgangur þyki sannaður“, má refsa eftir grein þessari fyrir brot, þar sem sannað er, að auðgunartilgangur hefir ekki verið fyrir hendi.

Um 262. gr.

Rétt þykir að hafa áfram almennt ákvæði um refsingu við óreglu í bókhaldi, sbr. 2. mgr. 264. gr. hegnl. 1869. Um ranga færslu í bókum, sem skylt er að rita, ef það er gert til þess að blekkja með því í lögskiptum, sjá 158. gr.

Um 263. gr.

Grein þessi er viðbót við 254. gr. Nægilegt er, að brot hafi verið framið í gáleysi, og auðgunartilgangs er ekki krafizt.

Um XXVIII. kafla.

Hér er safnað nokkrum ákvæðum um önnur áhrif refsiverðs verknaðar en refsingu, um agabrot annarra fanga en refsifanga og um meðferð barna, er brot fremja undir 15 ára aldri. Sbr. 31. kap. hegnl. 1869.

Um 264. gr.

1. mgr. ræðir um samskonar bætur og í 303. og 305. gr. hegnl. getur, en er að miklum mun viðtækari. Heimilað er að dæma mann, sem að lögum á að svara bótum fyrir spjöll á líkama eða frelsi annars manns, til að greiða miskabætur, auk bóta fyrir fjártjón, og skiptir ekki máli, hvort spjöllunum hefir valdið refsiverður verknaður eða ekki. Þá má og jafnan dæma þann, sem sekur hefir orðið um refsiverða meingerð gegn persónu, friði eða æru annars manns, til að greiða slikar bætur, og loks þann, sem sekur hefir gerzt um meingerð, hverskonar sem er, gegn öðrum manni, ef hún er drýgð af illfýsi, og er þá ekki skilyrði, að meingerðin sé refsiverð.

2. mgr. rýmkar einnig að mun reglu 304. gr. hegnl. 1869. Samkvæmt 2. mgr. má dæma hvern þann, sem ábyrgð ber að lögum á dauða annars manns, til að greiða bæturnar, án tillits til þess, hvort dauði mannsins hefir hlotizt af refsiverðum verknaði eða ekki.

Hvort krafa um framangreindar bætur fellur i erfð, fer eftir því, hvort skilyrði þau, er i 3. mgr. getur, eru fyrir hendi þegar arfur fellur, þ. e. við dauða arfleifanda.

Um 265. gr.

Ákvæði þessarar gr. koma í stað N. L. 5.—2.—75. og 306. gr. hegnl. 1869, en ganga lengra i sumum atriðum.

Eftir 1. mgr. glatar sökunautur rétti til arfs eftir þann, sem misgerðin kom fram við, og einnig eftir aðra, ef það erfðatilkall var háð dauða annars manns, þ. e. samerfingja eða manns, er nær stóð arfi, og misgerðin hefir komið fram við þann mann.

Samkvæmt 265. gr. glatar maður erfðarétti aðeins fyrir sig sjálfan, en ekki börn sin eða aðra niðja. Skipting arfs ber að framkvæma eins og sökunautur sé sjálfur dáinn.

Um 266. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 267. gr.

Samsvarandi ákvæði eru nú í 5. gr. laga nr. 39 16. nóv. 1907. Þykir rétt að láta reglur þessar haldast, þrátt fyrir ákvæði barnaverndarlaga.

Um XXIX. kafla.

Hér eru að síðustu ýmis ákvæði um gildistöku laganna o. fl. Þarfnast þær greinar ekki skýringa.

Efnisskrá.

I.	kafli.	Refsiheimildir, gildissvið refsilaga, framsal sakamanna o. fl.	1.— 11. gr.
II.	—	Almenn refsiskilyrði	12.— 19. —
III.	—	Tilraun og hlutdeild	20.— 23. —
IV.	—	Ákærureglur	24.— 30. —
V.	—	Um refsingarnar	31.— 55. —
VI.	—	Um skilorðsbundna refsidóma	56.— 61. —
VII.	—	Um öryggisráðstafanir, sviptingu borgararéttinda og upptöku eigna	62.— 69. —
VIII.	—	Atriði, er áhrif hafa á refsihæðina	70.— 79. —
IX.	—	Fyrning sakar og uppreist æru	80.— 85. —
X.	—	Landráð	86.— 97. —
XI.	—	Brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess	98.—105. —
XII.	—	Brot gegn valdstjórninni	106.—117. —
XIII.	—	Brot á almannafriði og allsherjarreglu	118.—127. —
XIV.	—	Brot í opinberu starfi	128.—141. —
XV.	—	Rangur framburður og rangar sakargiftir	142.—149. —
XVI.	—	Peningafals og önnur brot, er varða gjaldmiðil	150.—154. —
XVII.	—	Skjalafals og önnur brot, er varða sýnileg sönnunargögn	155.—163. —
XVIII.	—	Brot, sem hafa í för með sér almannahættu	164.—175. —
XIX.	—	Ýms brot á hagsmunum almennings	176.—179. —
XX.	—	Brot á reglum um framfærslu og atvinnuháttu	180.—187. —
XXI.	—	Sifskaparbrot	188.—193. —
XXII.	—	Skírlífisbrot	194.—210. —
XXIII.	—	Manndráp og líkamsmeiðingar	211.—224. —
XXIV.	—	Brot gegn frjálsræði manna	225.—227. —
XXV.	—	Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	228.—242. —
XXVI.	—	Auðgunarbrot	243.—256. —
XXVII.	—	Ýms brot, er varða fjárréttindi	257.—263. —
XXVIII.	—	Ákvæði um bætur, brottfall erfðaréttar o. fl.	264.—267. —
XXIX.	—	Um gildistöku laganna o. fl.	268.—273. —

Frv. þetta, ásamt athugasemdum, hefir nefndinni borizt frá dómsmálaráðherra, og er það flutt að beiðni hans. Nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um einstök atriði frumvarpsins.

Sþ. 44. Tillaga til þingsályktunar

um niðurfellingu á stimpilgjaldi og þinglestrargjaldi vegna kaupa á húseigninni Frikirkjuvegi 11 i Reykjavík.

Flm.: Jakob Möller, Pétur Ottesen, Ingvar Pálmason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fella niður stimpilgjald og þinglestrargjald vegna kaupa á húseigninni Frikirkjuvegi 11 í Reykjavík, er Húsfélag bindindismanna hefir keypt.

Efnisskrá.

I.	kafli.	Refsiheimildir, gildissvið refsilaga, framsal sakamanna o. fl.	1.— 11. gr.
II.	—	Almenn refsiskilyrði	12.— 19. —
III.	—	Tilraun og hlutdeild	20.— 23. —
IV.	—	Ákærureglur	24.— 30. —
V.	—	Um refsingarnar	31.— 55. —
VI.	—	Um skilorðsbundna refsidóma	56.— 61. —
VII.	—	Um öryggisráðstafanir, sviptingu borgararéttinda og upptöku eigna	62.— 69. —
VIII.	—	Atriði, er áhrif hafa á refsihæðina	70.— 79. —
IX.	—	Fyrning sakar og uppreist æru	80.— 85. —
X.	—	Landráð	86.— 97. —
XI.	—	Brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess	98.—105. —
XII.	—	Brot gegn valdstjórninni	106.—117. —
XIII.	—	Brot á almannafriði og allsherjarreglu	118.—127. —
XIV.	—	Brot í opinberu starfi	128.—141. —
XV.	—	Rangur framburður og rangar sakargiftir	142.—149. —
XVI.	—	Peningafals og önnur brot, er varða gjaldmiðil	150.—154. —
XVII.	—	Skjalafals og önnur brot, er varða sýnileg sönnunargögn	155.—163. —
XVIII.	—	Brot, sem hafa í för með sér almannahættu	164.—175. —
XIX.	—	Ýms brot á hagsmunum almennings	176.—179. —
XX.	—	Brot á reglum um framfærslu og atvinnuháttu	180.—187. —
XXI.	—	Sifskaparbrot	188.—193. —
XXII.	—	Skírlífisbrot	194.—210. —
XXIII.	—	Manndráp og líkamsmeiðingar	211.—224. —
XXIV.	—	Brot gegn frjálsræði manna	225.—227. —
XXV.	—	Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	228.—242. —
XXVI.	—	Auðgunarbrot	243.—256. —
XXVII.	—	Ýms brot, er varða fjárréttindi	257.—263. —
XXVIII.	—	Ákvæði um bætur, brottfall erfðaréttar o. fl.	264.—267. —
XXIX.	—	Um gildistöku laganna o. fl.	268.—273. —

Frv. þetta, ásamt athugasemdum, hefir nefndinni borizt frá dómsmálaráðherra, og er það flutt að beiðni hans. Nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um einstök atriði frumvarpsins.